

Skýrsla starfshóps um endurskoðun löggjafar um dýrasjúkdóma og dýralækna

**Halldór Runólfsson, formaður
Auður L. Arnþórsdóttir
Erna Bjarnadóttir
Þorvaldur H. Þórðarson**



Október 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	10
Samantekt	12
1. Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn	13
1a. Lög um dýraheilbrigði	13
Markmið	13
Tillaga	13
Rökstuðningur	13
Núverandi staða	13
1b. Lög um heilbrigðisþjónustu við dýr	15
Markmið	15
Tillaga	15
Rökstuðningur	15
Núverandi staða	15
2. Dýrasjúkdómar	17
2a. Tilkynningar- og skráningarskylda	17
Markmið	17
Tillaga	17
Rökstuðningur	18
Núverandi staða	18
2b. Smitvarnir	20
Markmið	20
Tillaga	20
Rökstuðningur	21
Núverandi staða	21
2c. Eftirlit/vöktun	23
Markmið	23
Tillaga	23
Rökstuðningur	23
Núverandi staða	23
2d. Viðbrögð við tilkynningarskyldum sjúkdómi	25
Markmið	25
Tillaga	25
Rökstuðningur	26
Núverandi staða	26
2e. Aðgerðir til útrýmingar	29

Markmið.....	29
Tillaga.....	29
Rökstuðningur.....	29
Núverandi staða.....	29
2f. Rannsóknir.....	32
Markmið.....	32
Tillaga.....	32
Rökstuðningur.....	32
Núverandi staða.....	32
2g. Kostnaður.....	34
Markmið.....	34
Tillaga.....	34
Rökstuðningur.....	35
Núverandi staða.....	35
2h. Villt dýr.....	37
Markmið.....	37
Tillaga.....	37
Rökstuðningur.....	37
Núverandi staða.....	37
3. Dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra.....	38
3a. Réttindi og skyldur.....	38
Markmið.....	38
Tillaga.....	38
Rökstuðningur.....	39
Núverandi staða.....	39
3b. Lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu fyrir dýr.....	41
Markmið.....	41
Tillaga.....	41
Rökstuðningur.....	41
Núverandi staða.....	42
3c. Kröfur til menntunar og starfsleyfis.....	44
Markmið.....	44
Tillaga.....	44
Rökstuðningur.....	45
Núverandi staða.....	45
3d. Skilgreiningar á stöðum opinberra dýralækna.....	47

Markmið.....	47
Tillaga.....	47
Rökstuðningur	47
Núverandi staða.....	48
3e. Skipulag heilbrigðisþjónustu fyrir dýr á dagvinnutíma	50
Markmið.....	50
Tillaga.....	50
Rökstuðningur	50
Núverandi staða.....	51
3f. Vaktir dýralækna utan dagvinnutíma.....	53
Markmið	53
Tillaga.....	53
Rökstuðningur	53
Núverandi staða.....	54
3g. Bakvaktir dýralækna Matvælastofnunar.....	55
Markmið.....	55
Tillaga.....	55
Rökstuðningur	55
Núverandi staða.....	55
4. Innflutningur dýra, erfðæfnis þeirra, o.fl.....	57
4a. Lifandi dýr og erfðæfni dýra.....	57
Markmið.....	57
Tillaga.....	57
Rökstuðningur	59
Núverandi staða.....	61
4b. Dýraafurðir og annað.....	62
Markmið	62
Tillaga.....	62
Rökstuðningur	62
Núverandi staða.....	64
4c. Fóður, tilbúinn áburður og sáðvara.....	68
Markmið.....	68
Tillaga.....	68
Rökstuðningur	68
Núverandi staða.....	68
5. Hlutverk stofnana, o.fl.....	70

5a. Matvælastofnun	70
Markmið	70
Tillaga	70
Rökstuðningur	70
Núverandi staða	71
5b. Keldur	72
Markmið	72
Tillaga	72
Rökstuðningur	72
Núverandi staða	74
5c. Fræðsla á sviði dýraheilbrigðis	76
Markmið	76
Tillaga	76
Rökstuðningur	76
Núverandi staða	76
6. Lyf	77
6a. Notkun á lyfjum	77
Markmið	77
Tillaga	77
Rökstuðningur	77
Núverandi staða	77
6b. Lyfjapól	81
Markmið	81
Tillaga	81
Rökstuðningur	81
Núverandi staða	81
6c. Ávísanir dýralyfja	83
Markmið	83
Tillaga	83
Rökstuðningur	83
Núverandi staða	83
6d. Lyfjabirgðir	85
Markmið	85
Tillaga	85
Rökstuðningur	85
Núverandi staða	85

7. Merkingar og skráningar dýra og rekjanleiki afurða	86
7a. Merkingar dýra	86
Markmið	86
Tillaga.....	86
Rökstuðningur	86
Núverandi staða.....	87
7b. Yfirsýn yfir dýrahald.....	89
Markmið	89
Tillaga.....	89
Rökstuðningur	89
Núverandi staða.....	89
7c. Rekjanleiki afurða.....	92
Markmið.....	92
Tillaga.....	92
Rökstuðningur	92
Núverandi staða.....	92
8. Alþjóðlegir samningar og skuldbindingar	93
Markmið.....	93
8a. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin – OIE	93
Tillaga.....	93
Rökstuðningur	93
Núverandi staða.....	93
8b. Alþjóðaviðskiptastofnunin – WTO	95
Tillaga.....	95
Rökstuðningur	95
Núverandi staða.....	95
8c. Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið – EES	97
Tillaga.....	97
Rökstuðningur	97
Núverandi staða.....	97
8d. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna - FAO	98
Tillaga.....	98
Rökstuðningur	98
Núverandi staða.....	98
Viðauki I.....	99
Kafli 2a.....	99

Viðauki II	106
Kafli 2b.....	106
Viðauki III.....	111
Kafli 2c.....	111
Viðauki IV.....	115
Kafli 2d.....	115
Viðauki V.....	119
Kafli 2e.....	119
Viðauki VI.....	122
Kafli 2g.....	122
Viðauki VII.....	130
Kafli 2h.....	130
Viðauki VIII.....	131
Kafli 4a.....	131
Viðauki IX.....	135
Kafli 6a.....	135
Viðauki X.....	136
Kafli 6b.....	136
Viðauki XI.....	138
Kafli 7c.....	138
Viðauki XII.....	140
Kafli 8c.....	140

Listi yfir skammstafanir og sérstök heiti.

ABP	Reglugerð Evrópusambandsins um aukaafurðir dýra
ALOP	Regla um hæfilegt verndarstig í SPS samningi WTO
CODEX	Alþjóðlegt staðlaráð um matvælaöryggi á vegum FAO og WHO
EB	Evrópubandalagið (nafn notað til 1992)
ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
EES	Evrópska efnahagssvæðið
EFSA	Matvælaöryggisstofnun Evrópu
EFTA	Fríverslunarsamtök Evrópu
ESB	Evrópusambandið (nafn notað eftir 1992)
ESA	Eftirlitsstofnun EFTA
EVIRA	Finnska rannsóknastofnunin fyrir dýrasjúkdóma og áhættumat
EuFMD	Stofnun á vegum FAO sem fjallar um varnir og viðbrögð við gin- og klaufaveiki
FAO	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
Focal Points	Tengiliðir í starfsemi OIE
GATT	Alþjóðasamningur um verslun og viðskipti
HEILSA	Reglugerð um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun
IPPC	Alþjóðaplöntuverndarstofnunin
ISO	Alþjóðlegt staðlaráð
Keldur	Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
MAST	Matvælastofnun
MÓSA	Methicillin ónæmir Staphylococcus aureus gerlar
OIE	Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin
PVS	Mat á hæfni dýralæknaþjónustu á vegum OIE
RML	Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
RCVS	Royal College of Veterinary Surgeons – bresk stofnun um heilbrigðisþjónustu við dýr
SPS	Samningur á vegum WTO um dýra- og plöntuheilbrigði
SSUS	Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

SVA	Statens Veterinärmedicinska Anstalt – sænska rannsóknastofnunin fyrir dýrasjúkdóma og áhættumat
TBT	Samningur á vegum WTO um viðskiptahindranir
Tierartzkammer	Þýsk stofnun um heilbrigðisþjónustu við dýr
VSB	Veterinary Statutory Body - lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu við dýr
Veterinærinstituttet	Danskar og norskar rannsóknastofnanir fyrir dýrasjúkdóma og áhættumat
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin
WTO	Alþjóðaviðskiptastofnunin

Inngangur

Á undanförunum árum hefur verið rætt um að nauðsynlegt væri að endurskoða helstu lög sem varða dýraheilbrigði og dýrasjúkdóma, en það eru lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 54/1990 um innflutning dýra og lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Þann 6. desember 2015, lagði yfirdýralæknir til við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipaður yrði starfshópur til að endurskoða ofangreind lög.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði þann 23. maí 2016 eftirfarandi starfshóp:

- Halldór Runólfsson, ráðgjafi í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, formaður, skipaður án tilnefningar.
- Guðný Helga Björnsdóttir, bóndi, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands, Erna Bjarnadóttir aðstoðarframkvæmdastjóri BÍ hefur að mestu mætt í hennar stað.
- Þorvaldur H. Þórðarson, dýralæknir, tilnefndur af Dýralæknafélagi Íslands.
- Auður Lilja Arnþórsdóttir, dýralæknir, tilnefnd af Matvælastofnun.

Baldur Arnar Sigmundsson, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, var fenginn til að starfa með hópnum. Birgitta Kristjánsdóttir, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, tók við af Baldri þann 29. mars 2017.

Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins er markmið endurskoðunarinnar að búa til heildstæð og samræmd lög um heilbrigði dýra, sem hafi þann tilgang að bæta almennt heilbrigði dýra hér á landi hvað alla sjúkdóma varðar, en ekki eingöngu smitsjúkdóma. Jafnframt er markmiðið að verjast komu nýrra smitefna til landsins, hindra að þau berist í dýr og breiðist út. Skoða á hvort endurskoðuð lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr eigi aðeins að taka á réttindum og skyldum starfsstétta sem heyra undir lögin, m.a. hvort ákvæði þurfi að vera um sérstakt lögskipað ráð sem fjalli um störf dýralækna (Veterinary Statutory Body) auk skilgreininga á hlutverki yfirdýralæknis, sérgreina-, héraðs- og eftirlitsdýralækna. Fjöl margar reglugerðir hafa verið settar með stoð í umræddum lögum og sumar þeirra þarf einnig að endurskoða í kjölfar endurskoðunar laganna.

Ofangreind lög eru að stofni til orðin 20 – 25 ára gömul og talsverðar breytingar hafa verið gerðar á þeim og sum ákvæði þeirra orðin úrelt. Þá hefur umtalsverð þróun átt sér stað á þeim sviðum sem lögin fjalla um.

Þróunin hér á landi líkt og í nágrannalöndum er í átt til stærri og færri búa hvar sem litið er. Mikið er í húfi ef upp kemur alvarlegur smitsjúkdómur, sem nauðsynlegt yrði talið að bregðast við með niðurskurði og greiðslu bóta, bæði hvað varðar framleiðslu og fjárhagslegar afleiðingar þar með talið útgjöld ríkissjóðs.

Fjöldi gæludýra og fjölbreytileiki þeirra hefur aukist mikið á undanförunum árum og þjónusta við þau gjörbreyst.

Breytingar hafa verið gerðar á þjónustu dýralækna við dýr og dýraeigendur. Hlutverk opinberra dýralækna hefur tekið breytingum og sjálfstætt starfandi dýralæknum hefur fjölgað. Embætti yfirdýralæknis var lagt niður og það sameinað öðrum stofnunum, fyrst í Landbúnaðarstofnun og síðar í Matvælastofnun. Opinberir dýralæknar eru nú eingöngu í stjórnsýslu- og eftirlitsstörfum og hlutverk þeirra hvað varðar samskipti við erlendar eftirlitsstofnanir í tengslum við landbúnaðar- og sjávarafurðir er orðið æ þýðingarmeira.

Starfshópurinn hefur haldið samtals 27 fundi og unnið að gagnaöflun og gerð þessarar skýrslu, þar sem mótuð er stefna, sem gæti legið til grundvallar við gerð frumvarpa til tveggja nýrra laga. Annars vegar frumvarps til laga um dýraheilbrigði, sem kæmi í stað laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og laga um innflutning dýra. Hins vegar frumvarps til laga um dýralækna og heilbrigðisstarfsmenn dýra, sem kæmi í stað laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Aðalmarkmiðið er að sett verði lög í þessum málaflokki sem taka mið af því besta sem er að finna í lagasetningum annarra landa og tryggja eins og framast er unnt góða heilbrigðisstöðu íslenskra dýra og bæta hana, eftir því sem kostur er.

Við vinnu sína hefur starfshópurinn haft að leiðarljósi að nýta þau ákvæði sem vel hafa reynst í núverandi lögum, en jafnframt gera tillögur um nýmæli sem uppfylltu ofangreind aðalmarkmið og sem nýtast mættu ráðuneytinu við gerð frumvarpa til nýrra laga. Jafnframt hefur starfshópurinn kynnt sér löggjöf helstu nágrannalanda á þessu sviði og skýrslur sem varða málaflokkinn og unnar hafa verið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, svo sem skýrslu OIE, um hæfni dýralæknaþjónustu landsins, sem birt var í lok ágúst sl., og skýrslu um starfsemi Matvælastofnunar, sem birt var í lok mars sl.

Á fund starfshópsins hafa komið eftirtaldir gestir: Yfirdýralæknir, dýralæknir sem starfar sem ráðgjafi hjá Mjólkursamsölnni (MS), stjórn Keldna, fagsviðsstjóri á sviði dýralyfjamála hjá Matvælastofnun, fagsviðsstjóri nautgriparæktar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) og deildarstjóri hjá ráðgjafarmiðstöð dönsku bændasamtakanna (SEGES).

Skýrslunni er skipt í átta megin kafla, sem síðan eru brotnir niður í undirkafla. Í hverjum undirkafla koma fram, eftir því sem við á, helstu markmið, tillögur, rökstuðningur og núverandi staða mála. Í viðaukum koma fram helstu gögn sem stuðst hefur verið við og ítarefni vegna ýmissa atriða í skýrslunni.

Þrátt fyrir að almenn sátt sé í starfshópnum um efni skýrslunnar, er vert að benda á að hér er um að ræða niðurstöður umræðna og stundum málamiðlana og því endurspeglar tillögurnar ekki sjónarmið einstakra stofnana, samtaka eða einstaklinga að öllu leyti.

Starfshópurinn hefur nú afhent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu skýrsluna til viðeigandi meðferðar.

Reykjavík, 17. október 2017

Halldór Runólfsson,
formaður starfshópsins.

Samantekt

Lagt er til að í nýjum lögum um heilbrigði dýra sé tilgangi núverandi laga um dýrasjúkdóma og laga um innflutning dýra slegið saman. Þannig yrðu til heildstæð og samræmd lög um heilbrigði dýra, sem hafa þann tilgang að vernda og bæta almennt heilbrigði allra dýra hér á landi, og verjast komu nýrra smitefna til landsins, hindra að þau berist í dýr og breiðist út. Gert er ráð fyrir að áfram verði sérstök lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Skýrslunni er skipt í átta megin kafla, sem síðan eru brotnir niður í undirkafla. Í hverjum undirkafla koma fram, eftir því sem við á, helstu markmið, tillögur, rökstuðningur og núverandi ákvæði í lögum og reglugerðum eða staða mála. Í viðaukum er að finna helstu gögn sem stuðst hefur verið við og ítarefni vegna ýmissa atriða í skýrslunni.

Helstu áherslur í tillögum starfshópsins eru eftirfarandi:

- Að lög um dýraheilbrigði taki til allra dýra og að tilgangur þeirra sé bæði að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og vernda þau gegn allri vá.
- Að lögin tryggi skilvirkni í tilkynningum og viðbrögðum við sjúkdómum, vanhöldum og slysum á dýrum, jafnt hjá almenningi, stjórnvöldum, dýraeigendum og öðrum sem starfa með dýr.
- Að skýr ákvæði séu í lögum um hver beri kostnað af forvörnum, eftirliti, vöktun, rannsóknum, viðbrögðum og aðgerðum til útrýmingar tiltekinna dýrasjúkdóma.
- Að lögin tryggi að rekin sé öflug stofnun sem sinni rannsóknum, ráðgjöf og áhættumati vegna dýrasjúkdóma, og heyri undir það ráðuneyti sem fer með landbúnaðarmál.
- Að með nýjum lögum verði gert ráð fyrir meiri og betri landamæravörslu til að hindra að hingað berist dýrasjúkdómar með farþegum og dýraafurðum í farangri þeirra.
- Að lögin tryggi sérstaka bakvakt hjá Matvælastofnun, sem tekur m.a. við tilkynningum um ólöglega innflutt dýr og dýraafurðir, tekur við niðurstöðum rannsókna á alvarlegum dýrasjúkdómum utan venjulegs opnunartíma og virkjar viðbragðsáætlanir til að hindra útbreiðslu sjúkdóma vegna þeirra.
- Að lögin tryggi greitt aðgengi að dýralæknaþjónustu fyrir dýr allan sólarhringinn, alla daga ársins, með því að endurskipuleggja og fjölga þjónustu- og vaktsvæðum dýralækna í dreifðum byggðum.
- Að í lögnum sé krafa um merkingar allra dýra til að tryggja rekjanleika þeirra og afurða þeirra, sem hefur þýðingu bæði hvað varðar sjúkdómavarnir og heilnæmi afurða.
- Að stofnað verði sérstakt ráð sem fari með leyfisveitingar, réttindamál og endurmenntun dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra og fjalli um kærur, álitamál o.fl.
- Að lögin tryggi að endanlegt ákvörðunarvald varðandi öll mál er lúta að heilbrigði dýra í landinu séu í höndum þess embættis sem nú kallast yfirdýralæknir en nefndin leggur til að verði breytt í landsdýralæknir.
- Að ákvæði séu í lögum um aðild Íslands að alþjóðastofnunum á sviði dýraheilbrigðis, svo sem OIE, WTO og FAO.

1. Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn

1a. Lög um dýraheilbrigði

Markmið

Markmiðið er að tryggja sé að lögin taki til allra dýra og að tilgangur þeirra sé bæði að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og vernda þau gegn allri vá sem að þeim kann að steðja.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að lögin taki til allra dýra, jafnt dýra í vörslu manna sem villtra dýra, bæði á landi og í sjó innan landhelgi.
- Að tilgangur laganna sé:
 - Að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu
 - Að koma í veg fyrir að til landsins berist smitsjúkdómar eða annað sem ógnað getur heilbrigði dýra í landinu
 - Að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma
 - Að halda dýrasjúkdómum í landinu í skefjum og vinna að útrýmingu þeirra þegar það á við
 - Að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, séu sem heilnæmastar
- Að ráðherra hafi yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til.
- Að Matvælastofnun skuli vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laganna.
- Að héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með og vinna að bættu heilsufari dýra og fylgjast með heilbrigðisástandi þeirra og vera á verði gegn nýjum dýrasjúkdómum er kunna að berast til landsins eða milli sóttvarnarsvæða.

Rökstuðningur

Lagt er til að sett verði ein heildstæð og samræmd lög sem fjalli um dýraheilbrigði. Tilgangur og gildissvið laganna yrði að meginstofni hið sama og í núgildandi lögum um dýrasjúkdóma og lögum um innflutning dýra. Lögin hafi þann tilgang að vernda og bæta almennt heilbrigði allra dýra hér á landi, og verjast komu nýrra smitefna til landsins, hindra að þau berist í dýr og breiðist út.

Lagt er til að yfirstjórn dýraheilbrigðismála verði áfram í höndum ráðherra og að Matvælastofnun verði ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laganna. Héraðsdýralæknar eru starfsmenn Matvælastofnunar og hafa yfirumsjón með málum er lúta að dýraheilbrigði á sínu svæði. Í drögum að frumvarpi til nýrra laga um Matvælastofnun sem kynnt voru í júlí 2017 kemur fram að héraðsdýralæknar veita umdæmisskrifstofum Matvælastofnunar forstöðu og fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt lögum.

Núverandi staða

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim (lög um dýrasjúkdóma)

I. kafli. Tilgangur, gildissvið og yfirstjórn.

1. gr. Tilgangur laganna er:

- a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,

*b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra,
c. að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, verði sem heilnæmastar.*

2. gr. *Lög þessi taka til allra sjúkdóma í dýrum, jafnt húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum.*

3. gr. *Ráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.*

Matvælastofnun skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að dýrasjúkdómum og framkvæmd laganna.

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með og vinna að bættu heilsufari dýra og fylgjast með heilbrigðisástandi þeirra og vera á verði gegn nýjum dýrasjúkdómum er kunna að berast til landsins eða milli sóttvarnarsvæða.

1b. Lög um heilbrigðisþjónustu við dýr

Markmið

Markmiðið er að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu við dýr og öryggi dýranna, með því að skilgreina kröfur um menntun, kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna dýra og starfshætti þeirra.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að lögin gildi um dýralækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn dýra.
- Að lögin fjalli um réttindi, skyldur og starfshætti dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra, sem og menntun, kunnáttu og færni þeirra.
- Að tilgangur laganna sé að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu við dýr og öryggi dýranna.
- Að ráðherra skuli setja reglugerð um heilbrigðisstarfsmenn dýra, þar sem m.a. skulu vera ákvæði um eftirfarandi, (sjá einnig umfjöllun í kafla 3c):
 - Hvaða starfsgreinar skulu viðurkenndar.
 - Nám og menntunarskilyrði fyrir hverja starfsgrein.
 - Skilyrði fyrir viðurkenningu menntastofnanna.
 - Réttindi og skyldur hvernar starfsgreinar.
- Að ráðherra hafi yfirstjórn þeirra mála sem lögin taka til.
- Að ráðherra skuli stofna sérstakt ráð sem fari með leyfisveitingar og réttindamál dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra sem starfa hér á landi. Skal ráðið skipað launuðum fulltrúum og sérhæfðum starfsmönnum. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3b.

Rökstuðningur

Í núverandi lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr er tilgangur þeirra ekki sérstaklega tilgreindur. Lagt er til að í nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu við dýr sé tilgreint að tilgangur þeirra sé að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu við dýr og öryggi dýranna. Gert er ráð fyrir að gildissvið nýrra laga verði svipað og núverandi laga og engar breytingar eru lagðar til varðandi yfirstjórn. Aftur á móti er lagt til að stofnað verði sérstakt ráð sem fari með leyfisveitingar og réttindamál dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra. Nánar er fjallað um þá tillögu í kafla 3b.

Núverandi staða

Lög nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (lög um dýralækna)

1. gr. Lög þessi taka til hvers þess dýralæknis sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfa í þágu ríkisins og þeirra dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra sem starfa samkvæmt leyfi þar að lútandi sem veitt er eftir lögum þessum.

3. gr. Ráðherra fer með mál sem þessi lög varða.

6. gr. a. Rétt til þess að starfa hér á landi sem heilbrigðisstarfsmaður dýra hefur sá einn sem lokið hefur prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði dýra eða lokið námskeiði á viðkomandi sviði viðurkenndu af Matvælastofnun og fengið leyfi stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja starfsgrein sem hann ákveður að fella undir lög þessi. Í reglugerð þessari skal m.a. kveðið á um að

dýrahjúkrunarfræðingar teljist þeir vera sem hafa lokið prófi í dýrahjúkrun frá skóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýrahjúkrunarfræðingar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá skóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögnum.

Ráðherra setur jafnframt í reglugerð ákvæði um réttindi og skyldur hvernar starfsgreinar.

Matvælastofnun heldur skrá yfir heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein.

2. Dýrasjúkdómar

2a. Tilkynningar- og skráningarskylda

Markmið

Markmiðið er að:

- Tilkynningar um grun um alvarlega dýrasjúkdóma berist fljótt og örugglega til Matvælastofnunar. Þetta á jafnt við um smitsjúkdóma sem aðra sjúkdóma, af þekktum eða óþekktum orsökum, sem valda meiri veikindum eða dauða en eðlilegt getur talist.
- Allar sjúkdómsgreiningar og niðurstöður rannsókna séu skráðar í rafrænt kerfi til að Matvælastofnun hafi gott yfirlit á hverjum tíma um heilbrigðisástand í landinu.
- Að sjúkdómar séu flokkaðir eftir alvarleika og með tilliti til aðgerða sem nauðsynlegar eru til að stemma stigu við þeim.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði

Um almenna varúð

- Að öllum sé skylt að gæta varúðar til að koma í veg fyrir að alvarlegir sjúkdómar komi upp eða breiðist út í landinu eða að dánartíðni verði hærri en eðlilegt getur talist. Sér í lagi á þetta við um dýraeigendur og fólk sem starfar með dýr.

Um flokkun smitsjúkdóma

- Að ráðherra setji reglugerð um flokkun smitsjúkdóma. Tilgreina þarf hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir og hverjir skráningarskyldir. Jafnframt þarf að vera undirflokkun sem tekur mið af alvarleika afleiðinga sjúkdómanna og til hvaða aðgerða þurfi að grípa komi þeir upp.
- Að við flokkunina skuli taka tillit til hvort sjúkdómurinn: a) er til staðar á Íslandi eða ekki, b) er á lista OIE um tilkynningarskylda sjúkdóma, c) hefur alvarleg áhrif á velferð dýra, d) getur valdið því að mörg dýr veikist, e) getur valdið alvarlegum veikindum í fólki, f) getur haft umtalsverðar efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar.
- Að aðrir sjúkdómar og smitefni sem ekki eru á lista yfir tilkynningarskylda sjúkdóma eru líka tilkynningarskyldir ef þeir: a) Hafa ekki verið til staðar í landinu svo vitað sé, b) valda óvenjulegum sjúkdómseinkennum, c) tíðni sjúkdómseinkenna eru óvenju mikil, d) valda alvarlegum veikindum í fólki eða dauða.

Um tilkynningarskyldu

- Að öllum sé skylt að tilkynna tafarlaust um grun um tilkynningarskyldan dýrasjúkdóm eða óeðlilega mikil veikindi eða dauðsföll, til sjálfstætt starfandi dýralæknis eða beint til Matvælastofnunar (MAST).
- Að sjálfstætt starfandi dýralækni og rannsóknarstofum sé skylt að tilkynna tafarlaust munnlega um grun eða staðfestingu á tilkynningarskyldum dýrasjúkdómi eða óeðlilega mikil veikindi eða dauðsföll, til Matvælastofnunar og í rafrænt skráningarkerfi Matvælastofnunar innan sólarhrings.

Um skráningarskyldu

- Að dýralæknar og rannsóknarstofur skuli skrá skráningarskylda sjúkdóma í rafrænt skráningarkerfi Matvælastofnunar innan sjö daga frá greiningu.

Um skráningarkerfi

- Að Matvælastofnun skuli hafa umsjón með þróun og viðhaldi rafræns skráningarkerfis sem heldur bæði utan um grun og staðfestingu á tilkynningar- og skráningarskyldum sjúkdómum.

Rökstuðningur

Engar grundvallar breytingar eru lagðar til hvað varðar tilkynningar og skráningar dýrasjúkdóma, aðeins hnykktt á mikilvægustu atriðum og áhersla lögð á að tilkynningarskylda á jafnt við um smitsjúkdóma sem aðra sjúkdóma, af þekktum eða óþekktum orsökum, sem valda meiri veikindum eða dauða en eðlilegt getur talist. Þó er tilgreint nánar en gert er í núverandi lögum, hvaða atriði skuli koma fram í reglugerð um flokkun smitsjúkdóma og hvaða forsendna skuli tekið tillit til við flokkunina.

Við gerð þessarar tillögu voru höfð til hliðsjónar ákvæði laga Danmerkur, Noregs, ESB og reglna OIE, sjá viðauka I.

Núverandi staða

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma

III. kafli. Tilkynningarskylda og sjúkdómsgreining.

5. gr. Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða tilkynningarskyldan sjúkdóm, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr., eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það Matvælastofnun. Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdóminum, einnig að banna afhendingu dýrsins eða afurða þess og sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Enn fremur skal hann sjá um að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt og að aflífa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast. Eigendum dýra er skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem framkvæmdar eru á grundvelli þessarar málsgreinar.

Sé hins vegar um að ræða sjúkdóm sem er skráningarskyldur sjúkdómur, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr., skal dýralæknir hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og málið tilkynnt að því marki sem nauðsynlegt er.

6. gr. Öllum þeim, sem starfa að dýralækningum, er skylt að fylgja fyrirmælum Matvælastofnunar um skráningu dýrasjúkdóma og gera þær ráðstafanir til varnar og upprætingar sjúkdómum sem stofnunin mælir fyrir um eða tilgreindir eru í reglugerðum og auglýsingum þar um.

7. gr. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma sem eru tilkynningarskyldir, sbr. reglugerð skv. 2. mgr., eða ef þeirra verður vart og nýja, áður óþekkta sjúkdóma hér á landi, þar með talin ákvæði um sóttvörn og

samgang við svæði þar sem sjúkdómur hefur komið upp, einangrun dýra, rannsóknir, aflifun í rannsóknarskyni, sýnatöku og skýrslugerð og eyðingu dýrahæja.

Ráðherra skal setja reglugerð um flokkun smitsjúkdóma. Þar skal tilgreina hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru skráningarskyldir. Þá skal flokka tilkynningarskylda sjúkdóma í alvarlega sjúkdóma eða aðra sjúkdóma, eftir því sem við á.

2b. Smitvarnir

Markmið

Markmiðið er að viðhalda góðri heilbrigðisstöðu dýra á Íslandi, m.a. með því að lágmarka líkur á því að smitandi dýrasjúkdómar komi upp og með því að takmarka eins og kostur er útbreiðslu smitsjúkdóma og tjón af þeirra völdum.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

Um almenna varúð

- Að öllum sé skylt að gæta smitvarna til að koma í veg fyrir að smitsjúkdómur komi upp eða breiðist út

Um heimild til að fyrirskipa smitvarnaaðgerðir

- Að Matvælastofnun sé heimilt að takmarka eða setja skilyrði um dýrahald á tilteknum landsvæðum eða smiteiningum
- Að Matvælastofnun sé heimilt að takmarka eða setja skilyrði um flutning dýra, afurðir dýra, vara eða tækja inn á eða út af tilteknu landsvæði eða smiteiningum
- Að Matvælastofnun sé heimilt að takmarka eða setja skilyrði um umferð og aðgengi fólks að tilteknum landsvæðum eða smiteiningum
- Að Matvælastofnun sé heimilt að láta hreinsa og sótthreinsa, fjarlægja eða eyða hverju því sem alvarleg smithætta er talin stafa af fyrir dýr og/eða fólk

Um reglugerð um smitvarnaaðgerðir

- Að ráðherra skuli setja reglugerð um smitvarnir þar sem ákvæði eru m.a. um eftirtalin atriði:
 - Ábyrgð dýraeigenda og þeirra sem vinna með dýr eða sinna umhirðu þeirra, á smitvörnum
 - Krafa um þekkingu þeirra sem vinna með dýr, á dýrasjúkdómum og smitvörnum
 - Hver beri ábyrgð á að annast fræðslu og ráðgjöf á sviði dýrasjúkdóma og smitvarna
 - Hólfaskiptingu og varnarlínur milli svæða eða smiteininga með ólíka heilbrigðis- og sjúkdómastöðu
 - Merkingar dýra
 - Fyrirbyggjandi aðgerðir, s.s. meðhöndlun og bólusetningu
 - Meðhöndlun, geymslu, flutning, vinnslu og eyðingu aukaafurða dýra
 - Meðferð, geymslu og notkun matarleifa og dýraafurða til fóðurgerðar
 - Sótthreinsun og sótthreinsiefni
 - Smitvarnir
 - Á stöðum þar sem dýr eru haldin að staðaldri
 - Á stöðum þar sem dýr eru haldin tímabundið (t.d. sláturhúsum, réttum, mótum, sýningum o.s.frv.)
 - Á rannsóknarstofum
 - Við aðgerðir, merkingar, meðhöndlun og bólusetningu
 - Við sæðistöku, sæðingar og töku eggja og fósturvísa
 - Við flutning dýra, dýraafurða og dýraúrgangs
 - Við umhirðu (t.d. mjaltir, rúning, feldhirðu, klauf-, hóf- og klósnyrtingu, járnringar o.s.frv.)
 - Við förgun hræja

- Við förgun sóttmengaðs úrgangs
- Við förgun skólps

Rökstuðningur

Í því skyni að stytta viðbragðstíma, er lagt til að Matvælastofnun hafi heimildir til að fyrirskipa nauðsynlegar smitvarnaraðgerðir, en nú er sú heimild í höndum ráðherra að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Tími er sá þáttur sem hefur hvað mest afgerandi áhrif á að vel takist til við að hindra útbreiðslu bráðsmitandi sjúkdóma.

Lagt er til að ráðherra setji reglugerð um smitvarnaraðgerðir og tilgreint sé til hvaða þátta hún skuli taka. Tilgangur reglugerðarinnar væri m.a. að skýra ábyrgðarsvið þeirra sem koma að vörnum gegn uppkomu og útbreiðslu smitsjúkdóma í dýrum.

Við gerð þessarar tillögu voru höfð til hliðsjónar ákvæði laga Danmerkur, Noregs, ESB og reglna OIE, sjá viðauka II.

Núverandi staða

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma

9. gr. Heimilt er ráðherra að takmarka eða banna dýrahald á afmörkuðum svæðum þar sem ætla má að heilbrigði dýra sé sérstök hættu búin að mati Matvælastofnunar.

11. gr. Matvælastofnun er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji stofnunin að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra.

Ráðherra er í samráði við Matvælastofnun jafnframt heimilt að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra, til lengri eða skemmri tíma, til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

12. gr. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, hvaða varnarlínur skuli haldið við. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að setja upp nýjar varnarlínur þar sem nauðsyn krefur. Girðingarstæði skulu valin þar sem best skilyrði eru frá náttúrunnar hendi og valdi sem minnstum spjöllum og jarðraski. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að landi sínu sé slíkt nauðsynlegt, enda skal þá leitast við að bæta það með tilsvarendi landi í skiptum ef unnt er. Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir missi landsnyttja skulu bætur metnar af dómkvöddum matsmönnum. Bætur þær, sem ákveðnar eru, greiðast af ríkissjóði og miðast við notagildi landsins.

Ráðherra ákveður með auglýsingu skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

13. gr. Aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra sem ekki teljast til úrgangs skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. Ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðvar, svo og stöðvar fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum sem ekki teljast til úrgangs, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úr sjávar- og eldisafurðum, skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun áður en rekstur hefst.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og starfsleyfi vegna þeirra, sbr. 29. gr. a.

14. gr. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um meðferð, geymslu og notkun matarleifa og dýraafurða sem ætlaðar eru til fódurs eða fódurgerðar. Þar skal kveðið á um leyfi til fódurgerðar, sbr. 13. gr., starfrækslu fódurstöðva og hvaða skilyrðum þær þurfa að fullnægja, sýnatöku og eftirlit með slíkri starfsemi til að koma í veg fyrir smithættu.

15. gr. Ráðherra setur reglur um sædistöku og sæðingar, töku eggja og fósturvísa, meðferð þeirra og innlögn í dýr. Einnig um búnað, tilhögun og rekstur sæðingastöðvar og heilbrigðiskröfur varðandi dýr sem tekið er úr sæði, egg eða fósturvísar til flutnings, svo og heilbrigðiskröfur um sæði, egg og fósturvísa sem ætlaðir eru til sæðinga eða eggjaflutninga. Þá setur ráðherra reglur um heilbrigðiskröfur sem gerðar eru varðandi þau dýr sem notuð eru sem fósturmæður.

23. gr. Skylt er að viðhalda varnarlínunum svo lengi að fullvíst þyki að búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynst í búfé öðrum megin línunnar þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé að mati Matvælastofnunar.

Því aðeins er ráðherra heimilt að leggja niður varnarlínur að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum sem að línunni liggja og að fengnum meðmælum Matvælastofnunar. Gefa skal aðliggjandi sveitarfélögum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust, enda taki þau ábyrgð á að girðing valdi ekki slysum eða tjóni.

24. gr. Matvælastofnun er heimilt að fyrirskipa á kostnað eigenda sérstakar merkingar á búfé þar sem slíkt er nauðsynlegt. Þá getur Matvælastofnun bannað hvers konar litamerkingar á búfé á ákveðnum svæðum.

25. gr. Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og/eða vegna búháttabreytinga. Sleppi sauðfé yfir varnarlínur skal því slátrað. Merkja skal líffæri úr fénu og senda án tafar til rannsóknar. Eigandi skal fá bætur samkvæmt ákvörðun Matvælastofnunar fyrir sauðfé sem slátrað er enda hafi líffæri verið send til rannsóknar. Nautgripi og geitur má því aðeins flytja yfir varnarlínur til lífs að fram fari sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra. Matvælastofnun getur leyft flutning á tilrauna- og kynbótagripum yfir varnarlínur.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að skilgreina arfgerðir þeirra líflamba sem má ekki flytja yfir varnarlínur, þegar um er að ræða endurnýjun bústofns eftir niðurskurð vegna riðuveiki.

2c. Eftirlit/vöktun

Markmið

Markmiðið er að tryggja eins og kostur er, að alvarlegir dýrasjúkdómar uppgötvist fljótt. Þetta á jafnt við um smitsjúkdóma sem aðra sjúkdóma, af þekktum eða óþekktum orsökum, sem valda meiri veikindum eða dauða en eðlilegt getur talist, bæði í dýrum í vörslu fólks og í villtum dýrum. Jafnframt þarf að tryggja góða yfirsýn yfir dýraheilbrigði í landinu og að vöktun á dýrasjúkdómum sé í samræmi við reglur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE).

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

Að ráðherra skuli setja reglugerð um eftirlit/vöktun á dýrasjúkdómum, þar sem ákvæði eru m.a. um eftirtalin atriði:

- Að Matvælastofnun hafi reglubundið áhættumiðað eftirlit með heilbrigði dýra, bæði í dýrum í vörslu manna og villtum dýrum.
- Að dýraeigendum sé skylt að hafa eftirlit með heilbrigði dýra, sem tryggi að sjúkdómar og óeðlileg vanhöld uppgötvist fljótt.
- Að opinberri vöktun á dýrasjúkdómum sé þannig háttáð að nýir sjúkdómar uppgötvist fljótt.
- Að Matvælastofnun annist reglubundnar sýnatökur vegna sjúkdóma sem geta leynst í dýrum án sýnilegra einkenna.
- Að við skipulagningu eftirlits og vöktunar á dýrasjúkdómum sé höfð hliðsjón af reglum OIE.
- Að Matvælastofnun sé heimilt að krefjast aflífunar á dýrum í því skyni að taka úr þeim sýni ef það er talið nauðsynlegt.
- Að sjálfstætt starfandi dýralæknar skrái sjúkdómsgreiningar, aðgerðir, meðhöndlun og lyfjagjöf.
- Að Matvælastofnun hafi eftirlit með skráningum dýralækna á sjúkdómsgreiningum, aðgerðum, meðhöndlun og lyfjagjöf.
- Að kanínur, kettir, hundar, geitur, hross, nautgripir, sauðfé og svín séu einstaklingsmerkt, sbr. 22. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra (dýravelferðarlög).
- Að allt búfé sé skráð, sbr. 10. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

Rökstuðningur

Mikilvægt er að lögfesta og setja skýr ákvæði í reglugerð um vöktun á dýrasjúkdómum, bæði hvað varðar skipulagningu vöktunarinnar og á hverju hún byggir. Jafnframt þarf að vera skýrt hvert ábyrgðarsvið opinberra aðila er annars vegar og dýraeigenda hins vegar.

Við gerð þessarar tillögu voru höfð til hliðsjónar ákvæði laga Noregs, Danmerkur, ESB og reglna OIE, sjá viðauka III.

Núverandi staða

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma.

3. mgr. 3. gr. *Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með og vinna að bættu heilsufari dýra og fylgjast með heilbrigðisástandi þeirra og vera á verði gegn nýjum dýrasjúkdómum er kunna að berast til landsins eða milli sóttvarnarsvæða.*

6. gr. *Öllum þeim, sem starfa að dýralækningum, er skylt að fylgja fyrirmælum Matvælastofnunar um skráningu dýrasjúkdóma og gera þær ráðstafanir til varnar og upprætingar sjúkdómum sem stofnunin mælir fyrir um eða tilgreindir eru í reglugerðum og auglýsingum þar um.*

2d. Viðbrögð við tilkynningarskyldum sjúkdómi

Markmið

Markmiðið er að tryggja að viðbrögð við tilkynningu um grun eða staðfestingu á dýrasjúkdómum séu skjót og fumlaus. Í því sambandi er mikilvægt að hlutverk dýraeigenda, dýralækna, Matvælastofnunar, ráðuneytis og annarra viðbragðsaðila séu skýr.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

Um viðbrögð við tilkynningu um grun eða staðfestingu á tilkynningarskyldum smitsjúkdómi:

- Að dýraeiganda sé skylt
 - Að fara að fyrirmælum dýralæknis eða Matvælastofnunar varðandi ráðstafanir til að hindra útbreiðslu smitefnisins.
 - Að veita alla nauðsynlega aðstoð við sýnatökur, smitvarnaráðstafanir, aðgerðir til útrýmingar smitefninu og aðrar aðgerðir sem tengjast sjúkdómnum.
- Að sjálfstætt starfandi dýralækni sé skylt
 - Að tilkynna Matvælastofnun um gruninn og fara að fyrirmælum hennar um viðbrögð, m.a. hvað varðar sjúkdómsgreiningu og smitvarnir.
- Að Matvælastofnun sé skylt
 - Að bregðast við tilkynningu um grun um tilkynningarskyldan dýrasjúkdóm samkvæmt útgefinni viðbragðsáætlun í gæðahandbók stofnunarinnar.
 - Að fyrirskipa viðeigandi ráðstafanir til að hindra útbreiðslu og/eða útrýma smitefninu.
- Að Matvælastofnun geti fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu tilkynningarskyldra sjúkdóma og til að afstýra hættu og tjóni af völdum þeirra.
 - Ráðstafanirnar geta m.a. tekið til eftirtalinna þátta:
 - 1) Dýr:
 - a) rannsóknir, þar með taldar sýnatökur til sjúkdómsgreiningar,
 - b) bann eða takmarkanir á flutningi,
 - c) sjúkdómsmeðferð,
 - d) ónæmisaðgerðir,
 - e) merkingar
 - f) einangrun,
 - g) eftirlit,
 - h) förgun og eyðing,
 - i) bann eða takmarkanir á innflutningi eða útflutningi.
 - 2) Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburður og annað sem mengað er og/eða kann að bera smit:
 - a) rannsóknir á mögulegu smitefni,
 - b) bann eða takmarkanir á flutningi
 - c) gerilsneyðing, sóthreinsun og dauðhreinsun,
 - d) geymsla,
 - e) eyðing,

- f) bann við innflutningi eða útflutningi.
 - 3) Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farartæki:
 - a) hreinsun og sótthreinsun,
 - b) bann eða takmarkanir á flutningi,
 - c) eftirlit og einangrun.
 - 4) Eigendur og umráðaaðilar dýra, starfsfólk þeirra, fatnaður og tæki sem kunna að bera smitefni:
 - a) rannsóknir, þar með taldar sýnatökur til sjúkdómsgreiningar,
 - b) bann eða takmarkanir á umferð fólks,
 - c) hreinsun, sótthreinsun og eyðing alls sem getur borið smit.
- Að ráðherra setji reglugerð sem fjalli nánar um viðbrögð við smitsjúkdómum og gerð viðbragðsáætlana og æfinga í viðbrögðum. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um ráðstafanir til að hindra smitdreifingu, m.a. um:
 - Stofnun svæða umhverfis smitað bú eða stað þar sem tiltekna takmarkanir skuli gilda, m.t.t. aðstæðna og þess sjúkdóms sem um er að ræða.
 - Notkun bóluefna og lyfjameðhöndlunar.
 - Flutning og notkun á dýrum, afurðum, búnaði og öðru sem borið getur smit.
 - Eyðingu hræja og búnaðar sem borið getur smit.
 - Þrif og sótthreinsun bygginga og umhverfis þeirra.
 - Umferð fólks.

Rökstuðningur

Mjög mikilvægt er að ákvæði laga um viðbrögð við dýrasjúkdómum séu skýr, sér í lagi hvað varðar grun um alvarlega sjúkdóma sem ekki eru til staðar í landinu. Skjót viðbrögð eru afgerandi þáttur í að koma í veg fyrir að smit breiðist út og ef einhver óvissa er um lagaheimildir getur dýrmætur tími glatast. Af sömu ástæðu er mikilvægt að hafa boðleiðir einfaldar. Lagt er til að Matvælastofnun hafi heimild til að fyrirskipa aðgerðir, í stað ráðherra eins og nú er. Jafnframt er lagt til að ráðherra setji reglugerð um viðbrögð við smitsjúkdómum. Hún kæmi í stað reglugerðar nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum, sem er barn síns tíma.

Við gerð þessarar tillögu voru höfð til hliðsjónar ákvæði laga Danmerkur, Noregs og ESB, sjá viðauka IV.

Núverandi staða

1) Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma

III. kafli. Tilkynningarskylda og sjúkdómsgreining.

5. gr. Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða [tilkynningarskyldan sjúkdóm, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr., eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það Matvælastofnun. Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdóminum, einnig að banna afhendingu

dýrsins eða afurða þess og sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Enn fremur skal hann sjá um að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt og að aflífa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast. Eigendum dýra er skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem framkvæmdar eru á grundvelli þessarar málsgreinar.

Sé hins vegar um að ræða sjúkdóm [sem er skráningarskyldur sjúkdómur, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr., skal dýralæknir hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og málið tilkynnt að því marki sem nauðsynlegt er.

7. gr. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru ef upp kemur grunur um smitsjúkdóma [sem eru tilkynningarskyldir, sbr. reglugerð skv. 2. mgr., eða ef þeirra verður vart og nýja, áður óþekkta sjúkdóma hér á landi, þar með talin ákvæði um sóttvörn og samgang við svæði þar sem sjúkdómur hefur komið upp, einangrun dýra, rannsóknir, aflífun í rannsóknarskygni, sýnatöku og skýrslugerð og eyðingu dýrahraja.

Ráðherra skal setja reglugerð um flokkun smitsjúkdóma. Þar skal tilgreina hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru skráningarskyldir. Þá skal flokka tilkynningarskylda sjúkdóma í alvarlega sjúkdóma eða aðra sjúkdóma, eftir því sem við á.

IV. kafli. Varnaraðgerðir.

8. gr. Ráðherra getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum Matvælastofnunar fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr., og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Ráðstafanir þessar ná yfir:

1. Dýr:

- a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
- b. sjúkdómsmeðferð,
- c. ónæmisáðgerðir,
- d. merkingar og einangrun,
- e. eftirlit,
- f. förgun og eyðingu,
- g. bann við innflutningi eða útflutningi.

2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:

- a. rannsóknir á mögulegu smitefni,
- b. gerilsneyðingu, sótthreinsun og dauðhreinsun,
- c. eyðingu,
- d. bann við innflutningi eða útflutningi.

3. Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farartæki:

- a. hreinsun og sótthreinsun,
- b. eftirlit og einangrun.

4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra, fatnað og tæki sem kunna að bera smitefni:

- a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
- b. hreinsun, sótthreinsun og eyðingu fatnaðar.

28. gr. Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á afmörkuðum svæðum er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu Matvælastofnunar, að skipa þriggja manna smitsjúkdómanefnd er verði

Matvælastofnun til aðstoðar við framkvæmd hvers konar varnaraðgerða og við útrýmingu sjúkdómsins. Smitsjúkdómanefnd hefur ásamt Matvælastofnun forgöngu um framkvæmd niðurskurðar, endurnýjun bústofns, hreinsun búfjár af svæðinu og nauðsynlega sóttthreinsun.

2) Reglugerð nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum

I. kafli

Gildissvið og tilgangur.

1. gr. *Reglugerð þessi gildir um tilkynningaskylda sjúkdóma sem skilgreindir eru í viðauka I A og B í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og nýja, áður óþekkta smitsjúkdóma hér á landi.*

Undanskildir eru þó sjúkdómar sem fjallað er um í reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.

2. gr. *Tilgangur þessarar reglugerðar er að bregðast við, hindra útbreiðslu og útrýma smitsjúkdómum er kunna að berast til landsins.*

2e. Aðgerðir til útrýmingar

Markmið

Markmiðið er að tryggja að stjórnvöld hafi nauðsynlegar heimildir til að fyrirskipa hverjar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að útrýma alvarlegum dýrasjúkdómum.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að ráðherra geti, að fengnum tillögum Matvælastofnunar, fyrirskipað aðgerðir til útrýmingar á smitandi dýrasjúkdómum sem tilgreindir eru í reglugerð.
- Að ráðherra skuli setja reglugerðir um útrýmingaráætlanir tiltekinna smitandi dýrasjúkdóma, þar sem m.a. kemur fram hvaða aðgerðir skuli gilda til að hindra útbreiðslu sjúkdómsins, hvaða rannsóknir skuli gerðar, hver skuli bera kostnað af rannsóknum, aðgerðum, niðurskurði o.s.frv.

Rökstuðningur

Engar grundvallar breytingar eru lagðar til hvað varðar aðgerðir til útrýmingar. Mikilvægt er að ráðherra verði áfram heimilt að fyrirskipa hverjar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að útrýma alvarlegum smitandi dýrasjúkdómum, að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

Lagt er til að ráðherra setji reglugerðir um útrýmingaráætlanir varðandi tiltekna dýrasjúkdóma. Þær myndu m.a. leysa af hólmi gildandi reglugerðir um útrýmingu á riðuveiki og garnaveiki.

Við gerð þessarar tillögu voru höfð til hliðsjónar ákvæði laga Danmerkur, Noregs og ESB, sjá viðauka V.

Núverandi staða

1) Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma

1. gr. Tilgangur laganna er:

a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,

b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra,

c. að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, verði sem heilnæmastar.

5. gr. Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða tilkynningarskyldan sjúkdóm, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr., eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það Matvælastofnun. Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdóminum, einnig að banna afhendingu dýrsins eða afurða þess og sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Enn fremur skal hann sjá um að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt og að aflifa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem

nauðsynlegar teljast. Eigendum dýra er skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem framkvæmdar eru á grundvelli þessarar málsgreinar.

Sé hins vegar um að ræða sjúkdóm [sem er skráningarskyldur sjúkdómur, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr. dýralæknir hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og málið tilkynnt að því marki sem nauðsynlegt er.

8. gr. *Ráðherra getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum Matvælastofnuunar fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.],³og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Ráðstafanir þessar ná yfir:*

1. Dýr:

- a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,*
- b. sjúkdómsmeðferð,*
- c. ónæmisáðgerðir,*
- d. merkingar og einangrun,*
- e. eftirlit,*
- f. förgun og eyðingu,*
- g. bann við innflutningi eða útflutningi.*

2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:

- a. rannsóknir á mögulegu smitefni,*
- b. gerilsneyðingu, sóttþreinsun og dauðþreinsun,*
- c. eyðingu,*
- d. bann við innflutningi eða útflutningi.*

3. Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farartæki:

- a. þreinsun og sóttþreinsun,*
- b. eftirlit og einangrun.*

4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra, fatnað og tæki sem kunna að bera smitefni:

- a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,*
- b. þreinsun, sóttþreinsun og eyðingu fatnaðar.*

28. gr. *Komi upp alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á afmörkuðum svæðum er ráðherra heimilt, að fenginni tillögu Matvælastofnunar, að skipa þriggja manna smitsjúkdómanefnd er verði Matvælastofnun til aðstoðar við framkvæmd hvers konar varnaraðgerða og við útrýmingu sjúkdómsins. Smitsjúkdómanefnd hefur ásamt Matvælastofnun forgöngu um framkvæmd niðurskurðar, endurnýjun bústofns, þreinsun búfjár af svæðinu og nauðsynlega sóttþreinsun.*

2) Reglugerð nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni

Markmið og yfirstjórn.

1. gr. *Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að útrýmingu garnaveiki í jórturdýrum.*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerðin tekur til. Matvælastofnun annast eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar.

3) Reglugerð nr. 651/2001um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar

3. gr. Eigendum og umráðamönnum sauðfjár er skylt að tilkynna héraðsdýralækni eða yfirdýralækni án tafar ef riðuveiki gerir vart við sig í fjárstofni þeirra eða ef grunur vaknar um að sjúkdómurinn leynist í sauðfénu. Berist tilkynning beint til héraðsdýralæknis skal hann tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn svo fljóttsem verða má. Fylgja skal fyrirmælum yfirdýralæknis um töku og meðferð á sýnum eða lifandi sauðfé sem senda skal til rannsóknar. Nákvæm skýrsla um sjúkdómsástand hjarðar og upplýsingar um vanhöld skal fylgja. Héraðsdýralæknir ákveður að höfðu samráði við yfirdýralækni, hvort farga skuli í rannsóknarskyni kind eða kindum sem grunur leikur á að séu með riðu, gegn bótum skv. IV. kafla.

Ef riðuveiki er staðfest leggur yfirdýralæknir til við landbúnaðarráðherra að viðkomandi hjörð verði lógað hið fyrsta.

4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 41/2012.

Í viðauka VII eru nákvæm ákvæði um aðgerðir varðandi útrýmingu á smitandi heilahrönnun í nautgripum, sauðfé eða geitum.

2f. Rannsóknir

Markmið

Markmiðið er að rekin sé öflug stofnun sem sinnir rannsóknum, ráðgjöf og áhættumati vegna dýrasjúkdóma, og stuðla með því að góðri heilbrigðisstöðu dýra, skjótri greiningu sjúkdóma og faglegri ráðgjöf m.a. til dýraeigenda, dýralækna og stjórnvalda.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Starfrækt skal stofnun á sviði dýrasjúkdóma, sem sinnir rannsóknum, ráðgjöf og áhættumati.
- Á stofnuninni skal vera til staðar sérþekking, góð aðstaða og búnaður til að annast grunnrannsóknir, þjónusturannsóknir, sjúkdómsgreiningar, ráðgjöf og áhættumat.
- Stofnunin skal hafa náð samstarf við Matvælastofnun og hafa umsjón með þeim rannsóknum, sjúkdómsgreiningum og áhættumati, sem stofnunin óskar eftir.
- Stofnunin skal vera undirstofnun þess ráðuneytis sem fer með landbúnaðarmál en vera óháð þeim stofnunum sem fara með opinbera stjórnsýslu.

Rökstuðningur

Mikilvægt er að í landinu sé öflug stofnun sem hefur vísindalega sérþekkingu og búnað til að rannsaka með skjóttum hætti sýni sem tekin eru ef upp kemur grunur um alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm. Tíminn sem tekur að staðfesta eða afsanna grun um bráðsmitandi sjúkdóm, getur haft afgerandi áhrif á hvernig til tekst að hefta útbreiðslu og takmarka afleiðingar slíkra sjúkdóma. Jafnframt er mikilvægt að stundaðar séu rannsóknir og að á hverjum tíma sé til staðar þekking og búnaður til greiningar á þeim dýrasjúkdómum sem til staðar eru í landinu og stuðla að því að þeim megi halda í skefjum eða þeim verði útrýmt. Þetta á jafnt við um smitsjúkdóma, efnaskiptasjúkdóma, erfðasjúkdóma, sníkjudýrasjúkdóma o.s.frv. Einnig er mikilvægt að dýraeigendur og dýralæknar hafi greiðan aðgang að sérfræðiráðgjöf varðandi dýrasjúkdóma frá stofnun sem ekki fer með stjórnsýslu og eftirlit. Að lokum er mikilvægt að stjórnvöld geti leitað til óháðrar stofnunar þegar þörf er á mati á áhættu hvað varðar heilbrigði dýra. Að gerð áhættumats þurfa að koma sérfræðingar á ýmsum sviðum og er æskilegt að framkvæmd þess sé stýrt af stofnun sem hefur yfir að ráða öflugum mannauði og þekkingu, og hefur ekki með stjórnsýslu að gera, þ.e.a.s. að áhættumat og áhættustjórnun sé ekki á sömu hendi.

Þessi verkefni eru í dag að hluta til á höndum Keldna og að hluta til Matvælastofnunar, sjá nánar í köflum um þær stofnanir.

Núverandi staða

Lög nr. 66/1998 um dýralækna

Í 15. gr. segir: *Matvælastofnun skal hafa aðgang að viðunandi aðstöðu, búnaði og sérþekkingu til greiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómsvarna og forvarnastarfa.*

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma

5.gr. Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða tilkynningarskyldan sjúkdóm, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr. eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það Matvælastofnun.

Sé hins vegar um að ræða sjúkdóm sem er skráningarskyldur sjúkdómur, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr., skal dýralæknir hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og málið tilkynnt að því marki sem nauðsynlegt er.

Í 8. gr. segir m.a.: Ráðherra getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum Matvælastofnunar fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr. og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Ráðstafanir þessar ná yfir:

1. Dýr:

a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar

...

2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:

a. rannsóknir á mögulegu smitefni,

...

4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra, fatnað og tæki sem kunna að bera smitefni:

a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,

...

Lög nr. 67/1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (lög um Keldur)

2. gr. Hlutverk stofnunarinnar skal vera m.a.:

1. Að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna.

2. Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við Matvælastofnun og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.

3. Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.

4. Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviðum stofnunarinnar, aðstöðu til rannsókna eftir því sem við verður komið.

5. Að annast endurmenntun dýralækna eftir því sem aðstæður leyfa og miðlun upplýsinga til þeirra í samvinnu við Matvælastofnun.

6. Að annast eldi á tilraunadýrum fyrir vísindalegar rannsóknir í landinu.

7. Að taka þátt í rannsóknum og þróunarvinnu í þágu líftækni og líftækniðnaðar í landinu.

2g. Kostnaður

Markmið

Markmiðið er að skýrt sé hver beri kostnað af forvörnum, eftirliti, vöktun, rannsóknum, viðbrögðum og aðgerðum til útrýmingar tiltekinna dýrasjúkdóma.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

Fjármögnun á vörnum og aðgerðum gegn dýrasjúkdómum, sbr. fjárlagalið 04-851 (2016)

- Að ráðherra setji reglugerð um greiðslur, þar sem fram kemur m.a.:
 - Að Matvælastofnun taki ákvörðun um hvaða rannsóknir, sýnatökur og aðgerðir eru nauðsynlegar.
 - Að hið opinbera kosti nauðsynlegar rannsóknir þegar upp kemur grunur um dýrasjúkdóma.
 - Að ef um meiriháttar útgjöld er að ræða, sem eru umfram fjárlög, beitir ráðuneytið sér fyrir að útvega aukið fjármagn.
 - Að greitt sé fyrir dýr sem þarf að lóga vegna rannsókna.
 - Að greitt sé fyrir dýr sem þarf að lóga vegna útrýmingar.
 - Að greitt sé fyrir vinnu og útlagðan kostnað sjálfstætt starfandi dýralækna.
 - Að greitt sé fyrir vinnu og útlagðan kostnað verktaka í ýmsum störfum, s.s. við aflífun, flutning, hreinsun o.s.frv.
 - Að kostnaður við förgun hræja og annars úrgangs sé greiddur.
 - Að efniskostnaður vegna hreinsunar og sóttgreinsunar sé greiddur.
 - Að kostnaður við gæslu bann-, verndar- og eftirlitssvæða sem fyrirskipuð hafa verið sé greiddur.
 - Að kostnaður við meðhöndlun og bólusetningu sé greiddur.

Greiðsla kostnaðar vegna vöktunar og rannsókna þegar upp kemur grunur um smitandi dýrasjúkdóm

- Vöktun á smitandi dýrasjúkdómum
 - Taka þarf tillit til alþjóðlegra skuldbindinga, s.s. reglna OIE
 - Taka þarf tillit ákvæða ESB reglugerða sem innleiddar hafa verið
- Rannsóknir á grun um smitandi dýrasjúkdóma
- Rannsóknir á þeim sjúkdómstilfellum sem upp koma
- Eftirlitsrannsóknir eftir að sjúkdómur hefur verið upprættur

Bótageiðslur vegna tiltekinna smitsjúkdóma í dýrum

- Bætur ríkisins til dýraeigenda

Greiðsla kostnaðar vegna forvarna gegn uppkomu og útbreiðslu tiltekinna smitsjúkdóma í dýrum

- Uppsetning og viðhald varnargirðinga
- Útgáfa og endurnýjun fræðsluefnis, veggspjalda, myndbanda, auglýsinga, vefsíðna o.s.frv. um varnir gegn því að ný smitefni berist til landsins og í dýr hér á landi, til að hafa um borð í flugvélum, á millilandaflugvöllum, í bílaferjum, ferðapjónustustöðum o.s.frv.

Greiðsla kostnaðar vegna rannsókna á öðrum dýrasjúkdómum

- Rannsóknir á almennu heilbrigðisástandi dýra í landinu.

- Rannsóknir og vöktun á öðrum sjúkdómum í dýrum en þeim tilteknu smitsjúkdómum sem áður eru nefndir.

Greiðsla kostnaðar vegna viðbúnaðar við smitsjúkdómum í dýrum

- Kaup og viðhald tækjabúnaðar sem þarf að nota þegar tilteknir smitsjúkdómar koma upp.
- Gerð og viðhald viðbragðsáætlana vegna tiltekinna smitsjúkdóma.
- Æfingar í viðbrögðum við tilteknum dýrasjúkdómum.

Greiðsla kostnaðar vegna útrýmingar tiltekinna landlægra sjúkdóma

Rökstuðningur

Nauðsynlegt er að á fjárlögum sé ávallt gert ráð fyrir fjármagni sem ætlað er að standa undir kostnaði við rannsóknir sem þarf að framkvæma þegar upp kemur grunur um alvarlegan smitsjúkdóm í dýrum, sem og fyrstu nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að hindra smitdreifingu. Lagt er til að sett verði reglugerð um greiðslu kostnaðar vegna þessa.

Mikilvægt er að skýrt sé hver beri kostnað af hinum ýmsu þáttum sem tengjast viðbrögðum við dýrasjúkdómum. Það að dýraeigandi eða umsjónarmaður dýrs viti að hann beri ekki allan kostnað af rannsóknum og aðgerðum til að hindra smitdreifingu, getur haft afgerandi áhrif á að hann tilkynni um grun um alvarlegan dýrasjúkdóm. Hver mínúta er dýrmæt í viðbrögðum við grun um bráðsmitandi sjúkdóm og því mikilvægt að viðbragðsaðilar þurfi ekki að eyða dýrmætum tíma í að kanna hvort heimild sé fyrir nauðsynlegustu rannsóknum og fyrstu aðgerðum.

Einnig þarf að vera ljóst hvernig kostnaður vegna aðgerða til útrýmingar alvarlegra smitandi dýrasjúkdóma skiptist milli ríkissjóðs og dýraeigenda.

Jafnframt er mikilvægt að skýrt sé hver beri kostnað af reglubundinni vöktun á smitsjúkdómum. Það getur verið misjafnt eftir sjúkdómum. Taka þarf tillit til hvort um er að ræða sjúkdóma sem tilgreindir eru af viðskiptalöndum Íslands, svo sem ESB löndum, og hvort þeir eru á lista OIE yfir tilkynningarskylda sjúkdóma, eða aðra sjúkdóma sem ekki hafa áhrif á viðskiptahagsmuni.

Einnig er mikilvægt að ljóst sé hver beri kostnað af smitvörnum sem taka til tiltekinna landsvæða eða landsins alls, svo sem varnargirðingum og smitvörnum á flugvöllum og höfnum.

Núverandi löggjöf er að mörgu leyti óskýr hvað þessa þætti varðar og brýnt að úr því verði bætt.

Við gerð þessarar tillögu voru höfð til hliðsjónar ákvæði laga Danmerkur, Noregs og ESB, sjá viðauka VI.

Núverandi staða

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma

16. gr. Þóknun og ferðakostnaður vegna starfa dýralæknis eða annarra sem takast á hendur verkefni sem leiðir af framkvæmd þessara laga samkvæmt fyrirætlum Matvælastofnunar skal greiddur úr ríkissjóði.

17. gr. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búfjár sem ákveðin er til varnar alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr., svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sóttahreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað

vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af ráðherra. Eigendum búfjár er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við hreinsun, sóttgreinsun og aflífun dýra.

18. gr. Kostnaður vegna einangrunar og rannsóknna á öðrum sjúkdómum en alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr. greiðist af eigendum dýranna að hluta eða öllu leyti samkvæmt ákvörðun ráðherra.

19. gr. Stofnkostnaður og viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur til efni í aukavarnarlínur, en uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóðum. Rísi ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlínur sker ráðherra úr þeim ágreiningi að fenginni umsögn Matvælastofnunar.

20. gr. Eigendur búfjár, sem fargað er samkvæmt fyrirmælum ráðherra að tillögum Matvælastofnunar, eiga rétt á bótum úr ríkissjóði.

Bætur ríkissjóðs svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu dýranna. Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um bætur þegar fyrirskipaður er niðurskurður á kynbótagripum. Sé unnt að nýta afurðir dýra að hluta eða í heild skal verðmæti þeirra afurða koma til frádráttar heildarbótagreiðslum. Ekki koma bætur fyrir dýr sem eru óveruleg að verðmæti, nema því aðeins að til þess liggi gildar ástæður. Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum nær eingöngu til búfjár.

21. gr. Réttur til bóta samkvæmt lögum þessum glatast að öllu leyti eða að hluta ef eigandi dýra hefur ekki farið eftir ákvæðum þessara laga eða reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sama gildir ef eigandi hefur orðið sér úti um dýr sem hann vissi eða mátti vita með tilliti til aðstæðna að haldið var sjúkdómi sem lög þessi taka til eða valdið því með ásetningi eða vanrækslu að dýr hans smitaðist. Bætur greiðast ekki ef dýr, sem flutt hafa verið til landsins, hafa sýkst af sjúkdómi áður en sex mánuðir eru liðnir frá innflutningi þeirra.

2h. Villt dýr

Markmið

Markmiðið er að ljóst sé að öll ákvæði er varða dýrasjúkdóma gildi jafnt um dýr í vörslu manna og villt dýr. Jafnframt þarf að tryggja að Matvælastofnun hafi yfirsýn yfir allar rannsóknir sem gerðar eru hvað varðar smitefni og sjúkdóma í villtum dýrum. Einnig þarf að sjá til þess að við val á aðgerðum gegn dýrasjúkdómum sé tekið tillit til dýra og dýrategunda sem þurfa sérstakrar verndar við.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að löginn gildi um öll dýr, jafnt dýr í vörslu manna sem villt dýr, bæði á landi og í sjó innan landhelgi.
- Að öllum sem stunda rannsóknir sem tengjast sjúkdómsvaldandi örverum, sníkjudýrum eða sjúkdómum í villtum dýrum sé skylt að tilkynna Matvælastofnun um þær
- Að leitast sé við að beita vægari aðgerðum gegn dýrasjúkdómum ef um er að ræða dýr eða dýrastofna sem þurfa sérstakrar verndar við, t.d. dýr af sjaldgæfum tegundum eða af tegundum í útrýmingarhættu. Þó ekki ef það kemur í veg fyrir að heilbrigði annarra dýra eða manna sé tryggt.

Rökstuðningur

Mikilvægt er að tryggja að það sé skýrt að löginn taki til allra dýra, bæði villtra dýra og dýra í vörslu manna, bæði á landi, í legi og í sjó, þar með talinna villtra fiskistofna. Ýmsir sjúkdómar geta borist milli dýrategunda og því er nauðsynlegt að ein lög gildi um allar tegundir. Af sömu ástæðu er mikilvægt að Matvælastofnun sé upplýst um allar rannsóknir sjúkdómum, sjúkdómsvaldandi örverum eða sníkjudýrum, og niðurstöður þeirra svo upplýsingunum sé haldið saman á einum stað. Eins og er hefur engin stofnun þessu tiltekna hlutverki að gegna.

Lagt er til að ákvæði verði sett um að við ákvörðun um aðgerðir gegn sjúkdómi í villtum dýrum verði tekið tillit til stöðu viðkomandi dýrategundar, þ.e.a.s. hvort hún þurfi sérstakrar verndar við, svo sem vegna útrýmingarhættu. Þetta þarf þó að byggja á mati á því hversu hætt er við að sjúkdómurinn berist í önnur dýr og fólk, og hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér.

Við gerð þessarar tillögu voru höfð til hliðsjónar ákvæði laga Danmerkur, Noregs og ESB, sjá viðauka VII.

Núverandi staða

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma

2. gr. Lög þessi taka til allra sjúkdóma í dýrum, jafnt húsdýrum, gæludýrum og villtum dýrum.

3. Dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra

3a. Réttindi og skyldur

Markmið

Markmiðið er að tryggja réttindi og skyldur dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

Skyldur

- Að dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra skuli standa vörð um og stuðla að góðu heilsufari og velferð dýra í landinu.
- Að dýralæknar skuli vera á verði gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma.
- Að dýralæknar skuli með starfi sínu leitast við að girða fyrir hættur sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búfjárafurða, af innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða, efna, áhalda eða hluta sem borið geta með sér smitefni.
- Að dýralækni og heilbrigðisstarfsmanni dýra beri að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og halda við þekkingu sinni.
- Að dýralæknir beri ábyrgð á greiningu sjúkdóms og meðferð sjúklinga sinna.
- Að heilbrigðisstarfsmaður dýra beri ábyrgð á þeirri meðhöndlun sem hann framkvæmir.
- Að dýralækni beri sem kostur er að upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs sem hann fær til meðferðar um ástand, meðferð, horfur og væntanlegan kostnað af meðhöndlun og lyfjameðferð.
- Að dýralækni sé einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.
- Að dýralæknir skuli upplýsa eiganda eða umráðamann um þær hættur sem geta fylgt aðgerðum, um algengar aukaverkanir lyfja sem notuð eru og um afurðanýtingarfrest.
- Að dýralæknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn dýra skuli færa upplýsingar um sjúklinga og meðhöndlun þeirra í skrár, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sem ráðherra setur.
- Að skrár dýralækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna dýra, með upplýsingum um sjúklinga og meðhöndlun þeirra skuli aðgengileg fyrir eftirlitsaðila á hverjum tímapunkti og að þær megi nota sem gögn í stjórnslumálum og dómsmálum.
- Að dýralækni beri, sé til hans leitað eða hann nærstaddur og náist ekki í vakthafandi dýralækni, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.
- Að ef dýralæknir verði var við eða hafi grun um að upp sé kominn alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á starfssvæði hans skuli hann tafarlaust tilkynna Matvælastofnun um gruninn og gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að staðfesta gruninn, hefta útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón sem af honum getur leitt.
- Að dýralækni beri að gera árlega skýrslu um læknisstörf sín og senda Matvælastofnun, sem setur reglur um hvaða upplýsingar skuli koma fram í skýrslunni.
- Að dýralækni beri að sýna nákvæmni í útgáfu vottorða og læknisyfirlýsinga.
- Að dýralæknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn dýra séu bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir öðlast í starfi sínu og þeim er trúað fyrir og varðar ekki almannaheill.

- Að dýralæknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn dýra hafi einungis heimild til að auglýsa leyfisskylda starfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum.

Réttindi

- Að eingöngu dýralæknar sem hafa fengið leyfi ráðherra til að stunda dýralækningar á Íslandi megi sjúkdómsgreina dýr, ávísa lyfjum til dýralækninga, meðhöndla og framkvæma skurð- og lækniáðgerðir á dýrum.
- Að einungis dýralæknum sé heimilt að ávísa lyfjum til notkunar í dýr.
- Að eingöngu þeir heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa fengið leyfi ráðherra megi meðhöndla og framkvæma aðgerðir á dýrum sem tilgreindar eru í reglugerð um réttindi og skyldur hvernar starfsgreinar.

Rökstuðningur

Ekki er talin ástæða til grundvallar breytinga á núverandi ákvæðum um réttindi og skyldur dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra, enda ná lögin til flestra þeirra þátta sem þurfa að vera til staðar. Ein mikilvæg viðbót sem þó er lögð til er að dýralæknum og heilbrigðisstarfsmönnum dýra sé skylt að skrá upplýsingar um sjúklinga og meðhöndlun þeirra í skrár sem aðgengilegar skuli eftirlitsaðilum á hverjum tímapunkti og megi nota í stjórnsýslu- og dómsmálum.

Núverandi staða

Lög nr. 66/1998 um dýralækna

2. gr. Dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra skulu standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari og velferð þeirra, aukinni arðsemi búffjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra. Dýralæknar skulu vera á verði gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búffjárafurða, af innflutningi lifandi dýra og búffjárafurða, efna, áhalda eða hluta sem borið geta með sér smitefni.

7. gr. Eingöngu þeir dýralæknar sem hafa leyfi skv. 2. mgr. 6. gr. mega sjúkdómsgreina dýr, ávísa lyfjum, meðhöndla og framkvæma skurð- og lækniáðgerðir á dýrum. Eingöngu þeir heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa leyfi skv. 6. gr. a mega meðhöndla og framkvæma aðgerðir á dýrum sem tilgreindar eru í reglugerð samkvæmt sömu grein.

8. gr. Dýralækni er einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.

9. gr. Dýralækni og heilbrigðisstarfsmanni dýra ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og halda við þekkingu sinni. Dýralæknir ber ábyrgð á greiningu sjúkdóms og meðferð sjúklinga sinna. Heilbrigðisstarfsmaður dýra ber ábyrgð á þeirri meðhöndlun sem hann framkvæmir.

Dýralækni ber sem kostur er að upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs sem hann fær til meðferðar um ástand, meðferð, horfur og væntanlegan kostnað af meðhöndlun og lyfjameðferð sé þess óskað. Einnig skal hann upplýsa eiganda eða umráðamann um þær hættur sem geta fylgt viðkomandi aðgerð, algengar aukaverkanir lyfja sem notuð eru og lyfjamengun afurða.

Dýralækni ber, sé til hans leitað eða hann nærstaddur og náist ekki í vakthafandi dýralækni, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálpi í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

Dýralæknar, sem stunda almennar dýralækningar, eiga rétt á og þeim ber skylda til að taka þátt í vaktafyrirkomulagi sem skipulagt er á viðkomandi vaktsvæði, sbr. 12. gr., nema þeir séu sjálfir sjúkir eða hindraðir af öðrum meira aðkallandi embættisstörfum. Dýralækni er heimilt að semja við annan dýralækni um að taka við vaktskyldunni.

Verði dýralæknir var við eða hafi hann grun um að upp sé kominn alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á starfssvæði hans skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að staðfesta gruninn, hefta útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón sem af honum getur leitt. Hann skal tafarlaust tilkynna Matvælastofnun um sjúkdóminn og gera í samráði við stofnunina ráðstafanir sem þurfa þykir.

Dýralækni ber að gera árlega skýrslu um læknisstörf sín og senda Matvælastofnun. Matvælastofnun setur reglur um hvaða upplýsingar skýrslurnar skuli geyma.

Dýralækni ber að sýna nákvæmni í útgáfu vottorða og læknisyfirlýsinga. Dýralæknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn dýra eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir öðlast í starfi sínu og þeim er trúað fyrir og varðar ekki almannaheill.

Dýralækni og öðru heilbrigðisstarfsfólki dýra er einungis heimilt að auglýsa leyfis skylda starfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum.

3b. Lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu fyrir dýr

Markmið

Markmiðið er að tryggja óháð mat á menntun, hæfni og faglegt og siðferðilegt framferði þeirra sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að stofnað verði sérstakt ráð sem fari með leyfisveitingar og réttindamál dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra sem starfa hér á landi. Skal ráðið skipað launuðum fulltrúum og sérhæfðum starfsmönnum.
- Að hlutverk slíks ráðs væri fyrst og fremst að:
 - Taka við og meta umsóknir um leyfi til að stunda dýralækningar á Íslandi og til að starfa sem heilbrigðisstarfsmenn dýra.
 - Gefa út leyfi til þeirra sem standast allar kröfur þar að lútandi.
 - Halda skrá yfir alla dýralækna og heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa leyfi til að starfa hér á landi.
 - Taka við og annast mat og útgáfu leyfa, vegna umsókna dýralækna um leyfi til að kalla sig sérfræðinga í ákveðnum greinum.
 - Taka við og fjalla um kærur og álitamál er varða störf dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra.
 - Fylgjast með og meta faglegt og siðferðilegt framferði dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra.
 - Hafa umsjón með að dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra viðhaldi þekkingu sinni með endurmenntun eða öðrum hætti.
 - Veita áminningu og eftir atvikum taka leyfi af dýralæknum og heilbrigðisstarfsmönnum dýra að öllu leyti eða að hluta, í samræmi við brot á lögum og reglum.

Rökstuðningur

Nauðsynlegt er að setja inn nýmæli í endurskoðuð lög, um sérstakt lögskipað ráð, sem fari með leyfisveitingar og réttindamál dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra, sem starfa hér á landi. Heiti ráðsins gæti til dæmis verið „lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu við dýr“. Ákvæði um ráðið kæmu m.a. í stað núverandi ákvæða um dýralæknaráð í 4. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og ákvæða 5. gr. sömu laga um núverandi hlutverk Matvælastofnunar varðandi faglegt eftirlit með störfum dýralækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna dýra. Ráðið tæki einnig yfir þau verkefni sem nú eru á verksviði bæði ráðuneytis og Matvælastofnunar samkvæmt 6. gr. laganna. Þessi breyting er í samræmi við tillögur yfirdýralæknis, sem fram koma í bréfi til ráðuneytisins frá 6. desember 2015. Hún er einnig í samræmi við áherslur OIE, um að aðildarlönd hafi lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu við dýr (e. Veterinary Statutory Body), sem fjalli um ýmis verkefni sem nú eru á höndum yfirdýralæknis, dýralæknaráðs og ráðuneytis. Slík ráð eru starfandi t.d. í Bretlandi (The Royal College of Veterinary Surgeons) og í Þýskalandi (Tierartzkammer).

Skilgreining OIE á Veterinary Statutory Body (VSB) er eftirfarandi: Sjálfstætt lögskipað ráð um mál er varða dýralækna og heilbrigðisstarfsmenn dýra (e. an autonomous regulatory body for veterinarians and veterinary paraprofessionals) og um hlutverk þess segir:

The role of a Veterinary Statutory Body (VSB) is to oversee the quality and competence of veterinarians in a country. A competent Veterinary Statutory Body, autonomous from any political or commercial interests, can ensure the excellence of the veterinary profession through appropriately licensing or registering veterinary professionals, and providing minimum standards for (initial and continuing) education and professional conduct. The functional and legislative framework within which a Veterinary Statutory Body exercises its regulatory capacity is defined in Article 3.2.12 of the OIE Terrestrial Animal Health Code.

Ágreiningsmálum er varða dýralækna og heilbrigðisstarfsmenn dýra, svo sem kvartanir vegna ónógrar þjónustu, grunur um ranga sjúkdómsgreiningu, lyfjanotkun eða meðhöndlun, mistök við aðgerðir o.s.frv. er í dag vísað til yfirdýralækni en æskilegt er að um þau sé fjallað í óháðu lögskipuðu ráði sem fer með leyfisveitingar og réttindamál dýralækna, sem hafi rétt til sviptingar starfsleyfis að hluta eða öllu leyti.

Mat á umsóknum um leyfi til að starfa sem dýralæknar eða heilbrigðisstarfsmenn dýra getur verið mjög flókið og tímafrekt, sér í lagi ef um er að ræða einstaklinga með menntun frá löndum utan EES. Slíkum umsóknum fer fjölgandi og mundi það auka gæði úrvinnslu og afgreiðslu slíkra umsókna ef sú vinna væri í höndum sérhæfðra starfsmanna óháðs lögskipaðs ráðs.

Væntanleg er ný reglugerð um starfsemi heilbrigðisstarfsmanna dýra, sett með stoð í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra. Því er nauðsynlegt að tryggja að lagaramminn sé styrkur svo að úrvinnsla málanna verði betri en nú er.

Núverandi staða

Lög nr. 66/1998 um dýralækna

6. gr. *Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýralæknar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá dýralæknaháskóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögnum.*

Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa leyfi ráðherra samkvæmt ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn Matvælastofnunar.

Ráðherra gefur út leyfisbréf handa dýralækni til að stunda dýralækningar og dýralæknir undirrita eiðstaf þar að lútandi. Matvælastofnun heldur skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar.

Dýralækni er skylt að tilkynna Matvælastofnun:

- 1. þegar hann hyggst hefja dýralæknisstörf og aðsetur starfsemi sinnar,*
- 2. flutning aðseturs,*
- 3. starfslok sem dýralæknir.*

Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar og þeir sem starfa í opinberri þjónustu skulu hafa vald á íslenskri tungu.

Heimilt er að fella dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknisstörfum undir stjórn dýralæknis ef Matvælastofnun mælir með því.

6. gr. a. Rétt til þess að starfa hér á landi sem heilbrigðisstarfsmaður dýra hefur sá einn sem lokið hefur prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði dýra eða lokið námskeiði á viðkomandi sviði viðurkenndu af Matvælastofnun og fengið leyfi stofnunarinnar.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja starfsgrein sem hann ákveður að fella undir lög þessi. Í reglugerð þessari skal m.a. kveðið á um að dýrahjúkrunarfræðingar teljist þeir vera sem hafa lokið prófi í dýrahjúkrun frá skóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýrahjúkrunarfræðingar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá skóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögnum. Ráðherra setur jafnframt í reglugerð ákvæði um réttindi og skyldur hvernar starfsgreinar. Matvælastofnun heldur skrá yfir heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein.

10. gr. Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi ráðherra, fengið viðurkenningu til að starfa sem sérfræðingur í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Umsóknir um sérfræðingsleyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.

3c. Kröfur til menntunar og starfsleyfis

Markmið

Markmiðið er að tryggja hæfni og menntun þeirra sem veita dýrum heilbrigðisþjónustu.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- **Menntun og starfsleyfi dýralækna**
 - Að þeir einir megi stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa leyfi lögskipaðs ráðs um heilbrigðisþjónustu við dýr.
 - Að dýralæknar, sem fá leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi, skuli hafa kynnt sér íslensk lög og reglur er varða störf dýralækna og að kunnátta þeirra á því sviði sé sannreynd af lögskipuðu ráði um dýralækningar.
 - Að lögskipað ráð gefi út leyfisbréf handa dýralækni til að stunda dýralækningar og að dýralæknir undirriti eiðstaf þar að lútandi.
 - Að lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu við dýr skuli halda skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.
 - Að ráðherra skuli setja nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir.
 - Að dýralæknar sem starfa í opinberri þjónustu skuli hafa vald á íslenskri tungu, nema í þeim störfum þar sem ekki er bein þörf á.
 - Að heimilt sé að fela dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknisstörfum undir stjórn og á ábyrgð dýralæknis ef lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu við dýr mælir með því.
 - Að ráðherra setji reglugerð um skilyrði sem dýralæknir þurfi að uppfylla til að geta kallað sig sérfræðing.
 - Að dýralæknir megi aðeins kalla sig sérfræðing hafi hann fengið leyfi lögskipaðs ráðs til þess.
- **Menntun og starfsleyfi heilbrigðisstarfsmanna dýra**
 - Að rétt til þess að starfa hér á landi sem heilbrigðisstarfsmaður dýra hafi sá einn sem lokið hefur prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði dýra eða lokið námskeiði á viðkomandi sviði viðurkenndu af lögskipuðu ráði um heilbrigðisþjónustu við dýr og fengið leyfi þess.
 - Að lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu við dýr skuli halda skrá yfir heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa leyfi hér á landi.
 - Að ráðherra setji reglugerð um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja starfsgrein sem hann ákveður að fella undir lög þessi, sem og réttindi og skyldur hvernar starfsgreinar.
- **Endurmenntun og viðhald þekkingar**
 - Að ráðherra skuli setja reglugerð um endurmenntun dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra, þar sem fram komi m.a:
 - Tilgangur og markmið endurmenntunar.
 - Kröfur sem þarf að uppfylla til að viðhalda starfsleyfi.
 - Fyrirkomulag endurmenntunar og hvað teljist til endurmenntunar.
- **Starfsemi á sviði dýralækninga og annarrar heilbrigðisþjónustu við dýr**

- Að þegar dýralæknir eða heilbrigðisstarfsmaður dýra hefur eigin starfsemi eða setur á fót fyrirtæki, skuli viðkomandi tilkynna það lögskipuðu ráði um heilbrigðisþjónustu við dýr. Þetta á ekki við þegar dýralæknir eða heilbrigðisstarfsmaður dýra hefur störf í fyrirtæki/starfsemi sem þegar hefur verið tilkynnt um til ráðsins.
- Að upplýsa skuli um aðsetur starfsemi/fyrirtækis á sviði dýralækninga eða annarrar heilbrigðisþjónustu við dýr á hverjum tíma og um stöðvun starfseminnar.

Rökstuðningur

Engar grundvallar breytingar eru lagðar til á núverandi ákvæðum um kröfur til grunnmenntunar en lagt er til að kröfur um endurmenntun og viðhald þekkingar séu auknar. Setja þarf reglugerð um, að til þess að dýralæknar og heilbrigðisstarfsmenn dýra haldi leyfi sínu, skuli þeir viðhalda menntun sinni með þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum eða með öðrum hætti.

Helsta breyting sem lögð er til varðandi veitingu starfsleyfis, er að miðað er við að lögskipað ráð um heilbrigðisþjónustu við dýr sannreyni kunnáttu umsækjanda á íslenskum lögum og reglum, í stað yfirdýralæknis, og veiti umsögn um starfsleyfisumsókn, og hafi umsjón með öðru sem lýtur að starfsemi dýralækna og heilbrigðismanna dýra, sjá kafla 3b.

Rétt er að meginreglan sé sú að íslenskukunnáttu sé krafist fyrir dýralækna í opinberri þjónustu en þó megi gera ákveðnar undantekningar, í þeim störfum þar sem ekki er brýn þörf á henni.

Núverandi staða

Lög nr. 66/1998 um dýralækna

6. gr. *Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýralæknar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá dýralæknaháskóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögnum.*

Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa leyfi ráðherra samkvæmt ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn Matvælastofnunar.

Ráðherra gefur út leyfisbréf handa dýralækni til að stunda dýralækningar og dýralæknir undirritar eiðstaf þar að lútandi. Matvælastofnun heldur skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar.

Dýralækni er skylt að tilkynna Matvælastofnun:

- 1. þegar hann hyggst hefja dýralæknisstörf og aðsetur starfsemi sinnar,*
- 2. flutning aðseturs,*
- 3. starfslok sem dýralæknir.*

Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar og þeir sem starfa í opinberri þjónustu skulu hafa vald á íslenskri tungu.

Heimilt er að fela dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknisstörfum undir stjórn dýralæknis ef Matvælastofnun mælir með því.

6. gr. a. *Rétt til þess að starfa hér á landi sem heilbrigðisstarfsmaður dýra hefur sá einn sem lokið hefur prófi í einhverri grein heilbrigðisfræði dýra eða lokið námskeiði á viðkomandi sviði viðurkenndu af Matvælastofnun og fengið leyfi stofnunarinnar.*

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um nám og menntunarskilyrði fyrir hverja starfsgrein sem hann ákveður að fella undir lög þessi. Í reglugerð þessari skal m.a. kveðið á um að dýrahjúkrunarfræðingar teljist þeir vera sem hafa lokið prófi í dýrahjúkrun frá skóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt teljast þeir dýrahjúkrunarfræðingar sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitingu, menntunarkröfur og viðurkenndar menntastofnanir. Ef um er að ræða próf frá skóla sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss skal leita umsagnar dýralæknaráðs áður en leyfi er veitt samkvæmt lögnum.

Ráðherra setur jafnframt í reglugerð ákvæði um réttindi og skyldur hvernar starfsgreinar.

Matvælastofnun heldur skrá yfir heilbrigðisstarfsmenn dýra sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein.

10. gr. *Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi ráðherra, fengið viðurkenningu til að starfa sem sérfræðingur í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.*

Umsóknir um sérfræðingsleyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.

3d. Skilgreiningar á stöðum opinberra dýralækna

Markmið

Markmiðið er að við Matvælastofnun starfi sérhæfðir dýralæknar sem fara með yfirumsjón, eftirlit, ráðgjöf á sviði dýraheilbrigðis og dýravelferðar.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- **Landsdýralæknir - nú yfirdýralæknir:** Dýralæknir, sem sinnir eingöngu opinberum störfum og er skipaður af ráðherra. Hann er starfsmaður Matvælastofnunar og fer með yfirstjórn þess sviðs sem ber faglega ábyrgð á málum er varða dýraheilbrigði, dýravelferð, fóður, súnur, lyfjamál, aukaafurðir dýra og afurðir úr dýraríkinu og tekur endanlegar faglegar ákvarðanir í stjórnsýslunni um þessi mál. Hann kemur jafnframt fram fyrir hönd landsins á innlendum og erlendum vettvangi um ofangreind málefni
- **Héraðsdýralæknar:** Dýralæknar, sem sinna eingöngu opinberum störfum og fara með faglega yfirstjórn og daglegan rekstur á umdæmisskrifstofum Matvælastofnunar og tilheyra sviði landsdýralækis.
- **Sérgreinadýralæknar:** Dýralæknar sem hafa sérþekkingu á tilteknu sviði, svo sem heilbrigðis og velferðar hvernar dýrategundar, sóttvarna, dýralyfja og matvælaöryggis. Sérgreinadýralæknar starfa á Matvælastofnun og sinna stjórnsýslu og ráðgjöf á sínu sérsviði. Þeir vinna að bættu heilbrigði dýra og sjúkdómavörnum með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, forvarnastarfi, rannsóknum í samvinnu við rannsóknarstofnanir, eftirliti með framkvæmd sóttvarna og öðrum aðgerðum sem stuðla að heilbrigði og velferð dýra og matvælaöryggi.
- **Eftirlitsdýralæknar:** Dýralæknar, sem starfa á Matvælastofnun og sinna sérhæfðu eftirliti, svo sem í sláturhúsum, í frumframleiðslu og í tengslum við inn- og útflutning.

Rökstuðningur

Breyting er lögð til á heiti yfirdýralækis í landsdýralæknir, til að undirstrika stöðu hans sem æðsta embættismanns dýralækna og dýraheilbrigðis í landinu, ekki einungis yfirmanns dýraheilbrigðissviðs Matvælastofnunar. Þetta væri í samræmi við starfsheiti landlækis. Við gildistöku laga nr. 66/1998 um dýralækna var yfirdýralæknir yfirmaður sérstakrar stofnunar, Embættis yfirdýralækis. Yfirdýralæknir var skipaður af ráðherra og bar ábyrgð á sínum ákvörðunum gagnvart honum. Með sameiningu nokkurra stofnana þáverandi landbúnaðarráðuneytis, varð starfsemi Embættis yfirdýralækis hluti af Landbúnaðarstofnun og síðar Matvælastofnun. Yfirdýralæknir var áfram skipaður af ráðherra, en að öðru leyti yfirmaður þess sviðs sem fjallar um dýraheilbrigði og dýravelferð innan Matvælastofnunar.

Nauðsynlegt er að stöður héraðsdýralækna séu skilgreindar í lögum um dýralækna, til þess að tryggja að hjá Matvælastofnun hafi dýralæknar yfirumsjón með þeim verkefnum sem lúta að dýraheilbrigði, dýravelferð og heilnæmi dýraafurða. Skilgreining á stöðum sérgreinadýralækna er líka nauðsynleg til að tryggja að við Matvælastofnun starfi dýralæknar með sérþekkingu á sviði heilbrigðis og velferðar hvernar dýrategundar, sóttvarna, dýralyfja og öryggis dýraafurða.

Núverandi staða

Lög nr. 66/1998 um dýralækna

11. gr. Matvælastofnun skal hafa sex umdæmisskrifstofur og við hverja þeirra skal héraðsdýralæknir ráðinn til starfa, en einnig er heimilt að ráða dýralækna og aðra eftirlitsmenn til aðstoðar ef þess er þörf vegna eftirlits og sjúkdómavarna. Skrifstofur Matvælastofnunar skulu vera í eftirfarandi umdæmum:

1. Suðvesturumdæmi: Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.
2. Vesturumdæmi: Akraneskaupstaður, Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Kaldrananeshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Reykhólshreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.
3. Norðvesturumdæmi: Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.
4. Norðausturumdæmi: Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.
5. Austurumdæmi: Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur.
6. Suðurumdæmi: Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.

Héraðsdýralæknar skulu eingöngu sinna opinberum eftirlitsstörfum og hafa m.a. eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu og lyfjanotkun vegna búffjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 11. gr. lyfjalaga. Einnig ber þeim að hafa með höndum framkvæmd sóttvarnaaðgerða í sínum umdæmum. Þeir skulu annast eftirlit með velferð búffjár í samræmi við lög um búffjánhald. Þá ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Matvælastofnun getur falið héraðsdýralækni og öðrum starfsmönnum umdæmisskrifstofu stofnunarinnar að annast verkefni í öðrum umdæmum þegar þörf er á og einnig önnur eftirlitsverkefni sem stofnuninni eru falin.

Að fengnum tillögum Matvælastofnunar setur ráðherra reglur um gjald sem skal innheimt fyrir eftirlit og skoðanir héraðsdýralækna og annarra dýralækna og eftirlitsmanna sem starfa við umdæmisskrifstofur stofnunarinnar.

14. gr. Matvælastofnun skal eftir þörfum ráða sérgreinadýralækna til að sinna verkefnum m.a. á sviði sóttvarna, dýravelferðar, dýralyfja, dýraheilbrigðis og heilbrigðis dýraafurða.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búffjár og sjúkdómavörnum með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, forvarnastarfi og eftirliti með framkvæmd sóttvarnaaðgerða.

Sérgreinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að sýnatökum, rannsóknum og öðrum aðgerðum til að stuðla að heilbrigði og velferð dýra og öryggi búfjárafurða.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um störf sérgreinadýralækna.

3e. Skipulag heilbrigðisþjónustu fyrir dýr á dagvinnutíma

Markmið

Markmiðið er að tryggja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu fyrir dýr og greitt aðgengi að henni allan sólarhringinn alla daga ársins til að dýr líði sem minnstar þjáningar af völdum slysa eða sjúkdóma. Einnig að stuðla að góðu heilsufari dýra.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að þjónustusvæði séu vel skilgreind. Þau mega ekki vera of víðfeðm og taka þarf mið af ferðatíma, þéttleika dýra og landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum.
- Að samræmi verði milli þjónustu- og vaktsvæða.
- Skilgreining á dýraheilbrigðisþjónustu og að ráðherra sé heimilt að setja reglugerðir þar að lútandi.
- Skilgreining á þjónustudýralæknum: Dýralæknar, sem með sérstökum samningi við Matvælastofnun starfa á ákveðnu þjónustusvæði í samræmi við reglugerð þar að lútandi og er ætlað að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu við dýr, á dagvinnutíma, á landsvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna eru af skornum skammti.
- Að aksturskostnaður verði niðurgreiddur til þess að jafna ferða- og aksturskostnað bænda vegna sjúkraitjana dýralækna.

Rökstuðningur

Nauðsynlegt er að betra samræmi náist milli þjónustusvæðanna og vaktsvæðanna, sem fjallað er um í kafla 2f., og sem líklegt er að geti þjónað bæði hagsmunum dýraeigenda og dýralækna og velferð dýra. Það geta orðið breytingar á hverju landsvæði, t.d. varðandi samgöngur og búskaparhætti og búsetu dýralækna, sem er auðveldara að bregðast við með breytingum á reglugerðum, en lögum. Ákveðin þörf er t.d. á að breyta núverandi reglugerð um þjónustusvæðin, m.a. hvað varðar aðstæður sem geta skapast, við breytingar á búsetu dýralækna og öðrum þáttum sem eru breytingum háðir.

Eins og staðan er í dag, er bændum og öðrum dýraeigendum tryggð tvenns konar þjónusta af hálfu ríkisins, þ.e. vaktþjónusta sem nær til alls landsins og sem fjallað er um í kafla 3f., og þjónusta dýralækna með samning við Matvælastofnun vegna dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum.

Dýralæknaþjónustan í dreifðum byggðum byggir á 13. gr. laga nr. 66/1998 og reglugerð nr. 846/2011 með síðari breytingum um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum. Dreifðar byggðir hafa ekki verið skilgreindar nánar, en almennt er miðað við landsvæði þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna eru af skornum skammti. Þannig nær þessi þjónusta í stórum dráttum ekki til þeirra landsvæða sem eru vel mönnuð af sjálfstætt starfandi dýralæknum, þ.e.a.s. Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu og Rangárvalla- og Árnessýslu. Þessi svæði eru einungis mönnuð af sjálfstætt starfandi dýralæknum. Önnur svæði í dreifbýlinu eru mönnum af þjónustudýralæknum.

Víða um land eru það sömu dýralæknarnir sem hafa samning við Matvælastofnun sem þjónustudýralæknar og sem sinna vaktþjónustunni, þar sem ekki eru aðrir sjálfstætt starfandi dýralæknar búsettir á svæðinu. Í sumum tilfellum er skörun á þjónustusvæðunum, sem eru ákveðin

með reglugerð og vaktasvæðunum sem eru ákveðin með lögum. Þetta má glögglega sjá af samanburði á þjónustusvæði nr. 2, sem nær yfir Dalabyggð, Reykhólahrepp, Strandabyggð, Árneshrepp, Kaldrananeshrepp og fyrrum Bæjarhrepp og á vaktasvæði nr. 4 sem nær yfir Dalabyggð og Reykhólahrepp.

Núverandi staða

1) Lög nr. 66/1998 um dýralækna

13. gr. *Í því skyni að tryggja velferð dýra og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu svo og bráðþjónustu skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setja reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Við ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknaþjónustu skal ráðherra hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun.*

2) Reglugerð nr. 846/2011 um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum, sem er sett með stoð í 13. gr. laga um dýralækna. Þar segir m.a. :

Í 1. gr. segir: *Reglugerð þessari er ætlað að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna dýralæknaþjónustu og bráðþjónustu við dýr á landsvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna eru af skornum skammti.*

Til að tryggja framangreint skal dýralæknum sem starfa á slíkum landsvæðum tryggð skv. reglugerð þessari greiðsla vegna starfa þeirra á hlutaðeigandi landsvæðum og til að koma upp starfsaðstöðu.

Í 2. gr. segir:

Þeim landsvæðum sem falla undir reglugerðina er skipt upp eftir þjónustusvæðum og eru:

Þjónustusvæði 1: Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær.

Þjónustusvæði 2: Dalabyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og fyrrum Bæjarhreppur.

Þjónustusvæði 3: Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur.

Þjónustusvæði 4: Húnaþing vestra (nema fyrrum Bæjarhreppur), Húnavatnshreppur, Blönduósibær, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd.

Þjónustusvæði 5: Þingeyjarsveit (nema Fnjóskadalur), Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur og Norðurþing vestan Blikalónsdals).

Þjónustusvæði 6: Norðurþing (austan Blikalónsdals), Svalbarðshreppur, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.

Þjónustusvæði 7: Fljótaldshérað, Fljótaldshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Fjarðabyggð (nema Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður).

Þjónustusvæði 8: Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

Þjónustusvæði 9: Sveitarfélagið Hornafjörður.

Þjónustusvæði 10: Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur.

Í 3. gr. segir m.a. :

Matvælastofnun er heimilt að gera þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi dýralækna um að þeir sinni almennri dýralæknaþjónustu og bráðaþjónustu við dýr á þjónustusvæðum, sbr. 2. gr. Í samningum skal kveðið á um réttindi og skyldur dýralækna, s.s. varðandi almenna starfshætti, endurgjald fyrir veitta þjónustu samkvæmt þjónustusamningi, viðveru, starfsaðstöðu, afleysingar og samstarf innan sama þjónustusvæðis og milli svæða. Þá skal kveðið á um hvernig standa skuli að uppsögn og endurskoðun samninga.

3f. Vaktir dýralækna utan dagvinnutíma

Markmið

Markmiðið er að tryggja að ávallt sé hægt að ná í dýralækni, sem getur sinnt tilvikum sem tengjast dýrasjúkdómum eða slysum sem ekki þola bið. Aðgengi að slíkri þjónustu þarf að vera til staðar um allt land, utan dagvinnutíma alla daga ársins og allt árið um kring.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að ávallt skuli vera til staðar dýralæknar sem sinna þjónustuvakt um allt land, alla daga ársins.
- Að vaktsvæði séu skilgreind miðað við aðstæður á hverju landsvæði fyrir sig. Í því samhengi sé tekið tillit til fjölda dýra á svæðinu, tegund dýrahalds, landfræðilegra og veðurfarslegra aðstæðna og viðbragðstíma.
- Að ráðherra skuli setja reglugerð um þjónustuvaktir alls staðar á landinu til samræmis við skilgreiningu á vaktsvæðum.
 - Í reglugerðinni skal vera nánari útfærsla um skyldur dýralækna á vakt.
 - Tillit verði tekið til sérstakra aðstæðna á svæðunum.
- Að laun fyrir vaktir skuli vera í samræmi við kjarasamning ríkisins og Dýralæknafélags Íslands.

Rökstuðningur

Tilgangur með þjónustuvakt er að tryggja bráðþjónustu við sjúk og slösuð dýr utan hefðbundins dagvinnutíma allan ársins hring. Ísland er strjálbýlt og hrjóstrugt land þar sem allra veðra er von. Því er ekki hægt að miða fjarlægðir og viðbragðstíma við loftlínu á korti. Margt getur komið til sem tafið getur dýralækna í að vitja bráðveikra eða slasaðra dýra. Vaktsvæðin skildi því skilgreina þannig að viðbragðstími sé innan skynsamlegra marka. Sama gildir um skilgreiningu vaktsvæðis með tilliti til búsetu dýralækna á vakt.

Núverandi skipan vaktsvæða hefur reynst afar erfið á ákveðnum svæðum. Því er nauðsynlegt að endurskoða núverandi skiptingu og taka mið af fenginni reynslu. Fyrir um tveimur áratugum voru vaktsvæðin 27, í dag eru þau 13. Viðbragðstími hefur aukist verulega og jafnframt kostnaður dýraeigenda. Hvort tveggja kemur niður á velferð dýra. Taka þarf tillit til sérstakra aðstæðna á þéttbýlum svæðum á landinu, svo sem á stór-Reykjavíkursvæðinu, Eyjafirði og víðar, þar sem fjöldi dýra er mikill á einu vaktsvæði. Ekki er forsvaranlegt að einungis einn dýralæknir sé á vakt á slíku svæði.

Hvað varðar vakthafandi dýralækna, er þörf á að höggva á óleystan hnút varðandi laun þeirra fyrir vaktir og til samræmis við sambærileg störf lækna á vöktum, má telja eðlilegt að um þessi mál verði farið samkvæmt gildandi kjarasamningi sem varðar vaktaálag, milli Dýralæknafélags Íslands og ríkisins.

Ennfremur er þörf á að endurskoða núverandi ákvæði 9. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Í ákvæðinu eru dýralæknar sem stunda almennar dýralækningar skyldaðir til að taka þátt í vaktafyrirkomulagi sem skipulagt er á ákveðnu vaktsvæði. Upp hafa komið efasemdir um hvort slíkt ákvæði standist ákvæði stjórnarskrár og almenn mannréttindi, auk réttinda til hvíldar. Á einu vaktsvæði hafa einstaklingar einfaldlega neitað að taka slíkar vaktir. Því er þörf á að leysa þetta vandamál.

Eins og kom fram í kafla 3e. er skörun á þjónustusvæðum og vaktsvæðum sem þarf að greiða úr.

Núverandi staða

Lög nr. 66/1998 um dýralækna

Í 12. gr. laganna segir: *Til að tryggja velferð dýra og almenna þjónustu við dýraeigendur skal dýralæknir jafnan vera á bakvakt utan venjulegs dagvinnutíma á hverju vaktsvæði, sbr. 3. mgr. Héraðsdýralækna, hver í sínu umdæmi, skipuleggja bakvaktir í samráði við sjálfstætt starfandi dýralækna sem þar starfa og er heimilt að skipta bakvakt innan sama vaktsvæðis milli fleiri dýralækna samtímis. Við skipulagningu bakvakta er ætlast til að tekið sé mið af vegalengdum og umfangi þjónustu innan viðkomandi vaktsvæða. Komi upp ágreiningur um skiptingu bakvakta innan vaktsvæða skal leita úrskurðar Matvælastofnunar.*

Fyrir bakvaktaþjónustu greiðist samkvæmt samningi Dýralæknafélags Íslands við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Vaktsvæði dýralækna eru sem hér greinir:

- 1. Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Álftanes, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar.*
- 2. Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshreppur.*
- 3. Eya- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.*
- 4. Dalabyggð og Reykhólahreppur.*
- 5. Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð.*
- 6. Akrahreppur, Blönduósbær, Bæjarhreppur, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd.*
- 7. Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur.*
- 8. Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.*
- 9. Borgarfjarðarhreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur.*
- 10. Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.*
- 11. Sveitarfélagið Hornafjörður.*
- 12. Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.*
- 13. Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær.*

Í 13. gr. laganna segir:

Í því skyni að tryggja velferð dýra og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu svo og bráðaþjónustu skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setja reglugerð um hvernig tryggja skal starfsaðstöðu og greiðslu staðaruppbótar og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita slíka þjónustu. Við ákvörðun um hvar þörf er á opinberum greiðslum fyrir dýralæknaþjónustu skal ráðherra hafa samráð við Dýralæknafélag Íslands, Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Matvælastofnun.

3g. Bakvaktir dýralækna Matvælastofnunar

Markmið

Markmiðið er að alltaf verði hægt að ná í opinbera dýralækna hjá Matvælastofnun þegar nauðsyn ber til.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að við Matvælastofnun skuli vera skipulögð vakt opinberra dýralækna þannig að ávallt sé mögulegt að koma tilkynningum til stofnunarinnar t.d. um alvarlega smitsjúkdóma í dýrum, alvarleg dýravelferðarmál, niðurstöður rannsókna á alvarlegum sjúkdómum og ólöglegan innflutning sem getur valdið hættu á útbreiðslu smitsjúkdóma, þannig að hægt verði að virkja viðeigandi viðbragðsáætlun til mótvægis.
- Að ráðherra skuli setja reglugerð um bakvakt hjá Matvælastofnun, þar sem fram komi m.a.: tilgangur og markmið með bakvöktum, hverjir skuli annast bakvaktir og frekara fyrirkomulag bakvakta.

Rökstuðningur

Dæmi eru um að nauðsynlegt sé að ná í opinberan dýralækni þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar, varðandi innflutningsmál, s.s. farþega á Keflavíkurflugvelli með smygluð dýr eða afurðir. Flugvélar sem í neyð lenda á alþjóðaflugvöllum hér á landi með fullfermi af dýrum, svo sem hestum, svínum o.fl. Þá er ótalið þegar niðurstöðum rannsókna vegna sjúkdómsvalda þarf að koma til stofnunarinnar og virkja þarf viðbragðsáætlanir. Sama gildir um tilkynningar um alvarlegt ástand vegna dýravelferðar. Þá mætti nefna þegar upp koma alvarlegar matarsýkingar í fólki. Í öllum slíkum tilfellum er nauðsynlegt að hafa greiðan aðgang að opinberum dýralæknum svo hægt verði að bregðast skjótt og vel við þannig að ekki hljóti tjón af. Tilgangurinn er ekki að slík bakvakt sé starfrækt um allt landið, heldur að einn til tveir dýralæknar séu til taks hverju sinni og greiður aðgangur sé að þeim svo hægt sé að bregðast við með skjóttum hætti. Staðan nú er að ekki er um neytt neyðarnúmer að ræða hjá Matvælastofnun, sem hægt er að ná í þegar upp koma atburðir sem gætu haft alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Núverandi staða

1) Í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr eru ákvæði sem fjalla um þá þætti sem varða opinberan rekstur og fjármögnun á heilbrigðisþjónustu við dýr, svo sem:

Í 5. gr. laganna segir: Matvælastofnun er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða.

Matvælastofnun skal m.a. annast:

- a. yfirstjórn og eftirlit með störfum héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna, dýralækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna dýra sem leyfi hafa samkvæmt lögum þessum,*
- b. yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra, hollustu dýrafóðurs og eftirlit þar að lútandi,*
- c. yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og framleiðslu mjólkur auk yfirumsjónar með heilbrigði búfjár og afurða þess,*
- d. yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma,*

innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðæfnis og búfjárafurða og útgáfu opinberra heilbrigðisvottorða þar að lútandi,

e. skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu mjólkur. Stofnunin skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur og sjá um árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.

4. Innflutningur dýra, erfðaeftnis þeirra, o.fl.

4a. Lifandi dýr og erfðaeftni dýra

Markmið

Markmiðið er að koma í veg fyrir að óæskileg smiteftni berist með innflutningi dýra og erfðaeftni þeirra.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að óheimilt sé að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaeftni þeirra.
- Hvernig skuli brugðist við þegar dýr eru flutt inn án heimildar, sjá nánar í rökstuðningi.
- Að þrátt fyrir innflutningsbann sé heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil.
- Að ráðherra geti, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá innflutningsbanni og leyft innflutning dýra og erfðaeftnis.
- Að þegar sótt er um leyfi til innflutnings á dýrum eða erfðaeftni þeirra skal umsækjandi skila áhættumati varðandi dýrasjúkdóma, sem unnið er af óháðum fagaðila og er í samræmi við leiðbeiningar alþjóðastofnana.
- Að yfirdýralæknir veiti ráðherra umsögn um umsókn um innflutning dýra.
- Að yfirdýralæknir hafi heimild, án sérstaks samþykkis ráðherra, til að leyfa innflutning á gæludýrum og erfðaeftni þeirra, sbr. skilgreiningu í viðeigandi reglugerð, að fengnum nauðsynlegum upplýsingum, svo sem um uppruna, heilbrigði og eftir atvikum skapgerðarmat. Heimildin nái einungis til innflutnings á gæludýrum og erfðaeftni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir.
- Að yfirdýralæknir hafi heimild, án sérstaks samþykkis ráðherra, til að leyfa innflutning á tilraunadýrum, sjá nánar í rökstuðningi.
- Að ekki skuli veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem reynst geta hættuleg mönnum eða öðrum dýrum.
- Að áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal ráðherra afla umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins. Til slíks innflutnings skal ráðherra jafnframt afla umsagnar Umhverfisstofnunar.
- Að vegna innflutnings á dýrum og erfðaeftni skuli starfrækja einangrunarstöðvar. Ráðherra skuli ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum Matvælastofnunar hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað einangrunarstöðva og að ráðherra geti falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.
- Að einangra skuli öll innflutt dýr og erfðaeftni á einangrunarstöð svo lengi sem Matvælastofnun telur þörf á.
- Að heimilt sé að geyma djúpfryst sæði eða fósturvísa utan einangrunarstöðvar að fengnu leyfi og eftir fyrirsögn Matvælastofnunar.
- Að þegar talið er nægilega tryggt að við innflutning hafi ekki borist erfðagallar, sem komið hafa fram á einangrunartíma, eða smitsjúkdómar hættulegir íslenskum dýrum og liðinn er ákveðinn tími frá síðasta innflutningi dýra eða erfðaeftnis, sem nánar skal kveðið

- á um í reglugerð, geti Matvælastofnun heimilað að dýr eða erfðaeefni séu flutt úr einangrunarstöð.
- Að komi upp alvarlegur smitsjúkdómur eða erfðagallar sem uppgötvast í einangrunarstöð, skuli gera hverjar þær ráðstafanir sem þurfa þykir til að hefta útbreiðslu, m.a. fella dýr, ef nauðsyn krefur, og stöðva dreifingu erfðaefnis þaðan. Rekstraraðili skal bera allan kostnað af slíkum aðgerðum og skal honum og eiganda skylt að hlíta fyrir mælum Matvælastofnunar í einu og öllu og skulu þeir ekki eiga rétt á bótum fyrir dýr eða erfðaeefni sem eyða þarf vegna slíkra aðgerða.
 - Að skipstjórar og flugstjórar beri ábyrgð á að ekki séu flutt inn dýr án leyfis með þeim farartækjum sem þeir bera ábyrgð á.
 - Að Matvælastofnun starfræki bakvakt, m.a. vegna dýra sem koma ólöglega til landsins.
 - Að Matvælastofnun geti heimilað innflutning á skordýrum sem notuð eru sem lífrænar varnir og til annarra nytja, þegar innflutningur hefur áður verið heimilaður af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti á grundvelli áhættumats. Með þessum hætti myndast jákvæður listi sem miðast við skordýrategund, birgja og upprunaland. Breytist einhver af þessum grundvallarforsendum þarf innflytjandi að sækja um innflutningsleyfi til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.
 - Skilgreiningar:
 - Dýr: Öll lifandi land- og lagardýr, bæði hryggdýr og hryggleysingjar.
 - Búfé: Alifuglar, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripir, sauðfé og svín.
 - Gæludýr: Hundar, kettir, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr, kanínur, búrfuglar, ásamt latneskum heitum þeirra.
 - Tilraunadýr:
 - a. Lifandi hryggdýr önnur en menn, þ.m.t.:
 - i. Fóstur spendýra frá og með síðasta þriðjungi eðlilegrar þroskunar þeirra, og
 - ii. Lirfur sem eru farnar að nærast sjálfar.
 - b. Lifandi tífætlukrabbar og smokkfiskar.
 - Dýr til lífrænna varna og annarra nytja, svo sem hunangsflugur, ránflugur, ránmaurar, þráðormar, þar sem fram koma latnesk heiti þeirra.
 - Sóttvarnaaðstaða: Aðstaða fyrir dýr á innflutningsstað þar sem innflutningseftirlit fer fram.
 - Einangrunarstöð: Staður þar sem innflutt dýr og erfðaeefni dýra eru haldin í sóttkví þar til flutningur þeirra úr stöðinni er heimilaður. Kröfur til einangrunarstöðvar fara eftir því um hvaða dýrategund er að ræða.
 - Að ráðherra skuli setja reglugerð um aukna landamæravörslu til að hindra að hingað berist dýrasjúkdómar með farþegum og dýraafurðum í farangri þeirra, þar sem fram koma m.a.:
 - Kröfur um upplýsingamiðlun til farþega á leið til landsins um strangar reglur sem gilda um innflutning dýra, dýraafurða og hluta sem hafa komist í snertingu við dýr og viðurlög við brotum á þeim.
 - Kröfur um að öllum farþegum á leið til landsins, sé skylt að upplýsa hvort þeir hafi meðferðis dýraafurðir eða hafi verið í snertingu við dýr erlendis síðustu 48 klukkustundirnar.
 - Kröfur um nauðsynlegan viðbúnað á helstu flugvöllum og höfnum, svo sem varðandi mannafla, tæki og leitarhunda, til að varna því að hingað berist ólögleg

dýr eða matvæli eða smitefni sem gætu valdið alvarlegum dýrasjúkdómum hér á landi.

Rökstuðningur

Ekki er lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi við innflutning á dýrum og erfðaeftis þeirra og að allur innflutningur á dýrum eða erfðaeftis þeirra verði áfram háður ákvæðum um einangrun. Á síðustu árum hefur í nokkrum atriðum framkvæmd innflutnings lifandi dýra og erfðaeftis þeirra verið breytt á grundvelli áhættumats. Þannig hefur verið miðað við að heimila innflutning þegar áhætta samfara innflutningi hefur verið talin hverfandi, þar sem ómögulegt er að sýna fram á að engin hætta stafi af innflutningi. Þetta má sjá m.a. varðandi innflutning erfðaeftis svína og holdanauta.

Sú stefna að banna allan innflutning lifandi dýra, skv. 2. gr. laga nr. 54/1990, en heimila aðeins með sérstökum leyfum, hefur verið einn af hornsteinum íslenskrar dýrasjúkdómabaráttu. Þessu var mjög stíft haldið fram með góðum árangri þegar viðræður hófust við ESB um innleiðingu á matvælalöggjöfnni og þetta var einnig eitt af aðal ágreiningsatriðum í aðildarviðræðunum við ESB, sem krafðist frjáls innflutnings á lifandi dýrum og erfðaeftis þeirra. Ísland hefur alltaf haldið því fram að það yrði að hafa fulla stjórn á sínum innflutningi og gerir það á eigin forsendum til að vernda góða sjúkdómastöðu og gömlu búfjárstofnana.

- - -

Í starfshópnum hafa töluverðar umræður átt sér stað um ákvæði 5. mgr. 2. gr. laganna, hvað varðar viðbrögð við ólöglegum innflutningi á dýrum. Hluti starfshópsins telur nauðsynlegt að ákvæðið standi óbreytt en hinn hlutinn telur nauðsynlegt að breyta því.

Sérálit Auðar L. Arnþórsdóttur og Þorvaldar H Þórðarsonar:

Þegar uppgötvast að dýr hafa verið flutt inn á ólöglegan hátt eða sloppið úr haldi á flugvöllum eða höfnum, skal það tafarlaust tilkynnt til Matvælastofnunar. Stofnunin skal gefa fyrirmæli um ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að hindra frekari hættu á að smitefni, sem mögulega hafa borist með dýrinu, breiðist út. Ef aðstæður eru þannig að það að senda dýrið tafarlaust úr landi skapar ekki meiri hættu á smiti en þegar hefur hlotist af, skal það gert. Að öðrum kosti skal aflífa dýrið og eyða skrokki þess, sem um sóttmengaðan úrgang væri að ræða. Í öllum tilvikum skal viðkomandi dýr heilbrigðisskoðað af dýralækni og sýni tekin áður dýrið er flutt úr landi eða aflífað, til að kanna hvort það sé haldið smitsjúkdómi eða sníkjudýrum. Tryggja skal að hægt verði að ná sambandi við eiganda eða umráðamann dýrsins eftir að það er flutt úr landi eða aflífað til að mögulegt sé að afla nánari upplýsinga ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm. Matvælastofnun skal jafnframt að vera heimilt að gera kröfur um að eigandi eða umráðamaður dýrsins færi dýrið til heilbrigðisskoðunar og sýnatöku að tilteknum tíma liðnum eftir að það er flutt úr landi og sendi vottorð og niðurstöður til stofnunarinnar.

Háar sektir og þung viðurlög skulu vera við ólöglegum innflutningi á dýrum og skýrt að allur kostnaður sem af málinu hlýst, svo sem heilbrigðisskoðun, sýnatökur, rannsóknir, flutningur og sóttþreinsun, skuli greiddast af eiganda dýrsins.

Skýring:

Núverandi ákvæði laganna um að dýrum sem flutt eru inn án heimildar skuli tafarlaust lógað og skrokkum eytt svo eigi stafi hætta af, er ekki fagleg að því leyti að ef ólöglega innflutt dýr er þannig staðsett, þegar það uppgötvast, að engin frekari smitheitta geti stafað af að flytja það í skip eða flugvél, sem flytur það úr landi, hefur aflífun á því engan tilgang. Það getur jafnvel haft kosti að dýrið lifi þar sem ýmsir sjúkdómar hafa langan meðgöngutíma og því ekki víst að þeir uppgötvist við skoðun og

rannsóknir áður en dýrið er flutt úr landi. Það getur því verið nauðsynlegt að gera kröfu um heilbrigðis skoðun og sýnatökur eftir tiltekinn tíma. Uppgötvist smit eða sjúkdómur við þá skoðun er hægt að gera ráðstafanir til að vekja dýraeigendur og dýralækna til vitundar um viðkomandi sjúkdóm og auka með því líkur á að uppgötva smit áður en það breiðist út.

Jafnframt er rétt að benda á að núverandi ákvæði samrýmist ekki meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, þar sem segir að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Markmið umrædds ákvæðis í lögum um innflutning dýra er að tryggja að ekki stafi frekari smithætta af hinu ólöglega innflutta dýri. Ef mögulegt er að ná þessu markmiði með öðru móti en að aflífa dýrið skal það gert.

Sérálit Halldórs Runólfssonar og Ernu Bjarnadóttur:

Ástæða þess að nauðsynlegt er að ákvæðið standi óbreytt er fyrst og fremst sú að á landinu ríkir bann við innflutningi dýra. Góð heilbrigðisstaða dýra á Íslandi orsakist fyrst og fremst af banni á innflutningi dýra og miklum fælingarmætti ákvæðisins. Hætta sé á að fælingarmátturinn tapist a.m.k. að einhverju leyti og því sé ákvæðið nauðsynlegt til að halda áfram að standa tryggan vörð um heilbrigðisstöðu dýra á Íslandi. Þá er bent á að þessi breyting myndi hafa í för með sér flækjur í framkvæmd og afgreiðsla mála myndi taka töluverðan tíma þar sem gæta þyrfti að andmælarétti, jafnræðisreglu og öðrum reglum stjórnsýslulaga, í hverju tilfalli.

- - -

Í heildina má segja að þær breytingar sem gerðar hafa verið frá gildistöku laganna hafi gengið vel og má þar nefna innflutning á lifandi loðdýrum, sem gjörbylti íslenskri loðdýrarækt. Innflutningur hefur nú legið niðri í nokkur ár vegna sjúkdóma í Danmörku, sem löngum var talið öruggasta innflutningslandið. Hið sama má segja um innflutning á frjóvuguðum eggjum alifugla, sem hefur gefið alifuglaframleiðendum aðgang að besta erfðaeftni sem völ er á, á hverjum tíma. Svínabændum var sömuleiðis heimilaður innflutningur á lifandi svínum til að kynbæta sinn stofn, en sú aðferð hefur verið aflögð og er nú heimilaður innflutningur á frosnu svínasæði frá einangrunarstöð í Noregi, sem þykir mun öruggari. Talsverður innflutningur er á hundum og köttum á hverju ári í gegnum einangrunarstöðvar, en önnur gæludýr fara í sérsniðna og áhættumiðaða einangrun.

Í nýjum lögum þarf að skilgreina nokkur atriði, til að auðvelda stjórnsýslu og eftirlit. Nauðsynlegt er að skýra notkun hugtaka á einangrunarstöðvum eða sóttvarnarstöðvum. Nokkurs misræmis hefur gætt í hugtakanotkun í lögum og reglugerðum. Því er nauðsynlegt að skýra hugtökin vel og gæta samræmis í notkun þeirra við setningu laga og reglugerða, sem og við breytingar á þeim.

Nokkuð er um innflutning á tilraunadýrum til landsins inn á lokaðar og viðurkenndar tilraunadýrarannsóknarstöðvar, þar sem þau eru notuð í fyrirfram samþykktar dýratilraunir. Þörf er á að skilgreina vel hvaða dýr geta flokkast sem tilraunadýr en í núverandi lögum eru tilraunadýr hvergi skilgreind. Sem stendur er verið að flytja inn rottur, mýs og kanínur sem eru ræktuð á sérstökum viðurkenndum ræktunarstöðvum erlendis, gagngert fyrir tilraunir. Einnig þarf að flytja leyfisveitingar vegna innflutnings tilraunadýra frá ráðherra til Matvælastofnunar, til samræmis við það fyrirkomulag sem nú er varðandi innflutning gæludýra.

Í nógildandi lögum um innflutning dýra eru gæludýr skilgreind sem hundar, kettir, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr, kanínur og búrfuglar. Bæta þarf þessa skilgreiningu. Hundar, kettir og skrautfiskar eru nokkuð vel afmarkaðir hópar, en óljóst er hvað er átt við með vatnadýrum. Kanínur geta auðveldlega fallið í þrjá hópa, þ.e. gæludýr, loðdýr og búfé, allt eftir tilgangi innflutnings. Nagdýr er víður hópur dýra geta verið allt frá litlum hömstrum upp í bjóra (bifur). Eins er farið með búrfugla. Æskilegt er að tilgreina hvaða undirtegundir eigi heima í þessum flokki. Má þar meðal annars nefna

skrautdúfur, aragauka o.s.frv. Afmarka þarf þessa flokka betur svo reglur séu skýrar og eftirlit með innflutningi hnitmiðaðri.

Nauðsynlegt er að styðja við bann við innflutningi með því að loka innflutningsleiðum, því þarf að gæta þess að skipstjórar og flugstjórar beri persónulega ábyrgð séu dýr flutt ólöglega til landsins í farartækjum þeirra, með þeirra vitund.

Í samræmi við framangreint er því þörf á eftirfarandi aðgerðum:

- Að veita sérstöku fjármagni til varna og fyrirbyggjandi aðgerða á flugvöllum og höfnum, svo sem vegna viðvarana til farþega á leið til landsins og vegna betri búnaðar til að fylgjast með farangri og meiri viðveru sérþjálfaðra eftirlitsmanna.
- Að koma á sérstakri bakvakt hjá Matvælastofnun, sem getur tekið við tilkynningum um ólöglega innflutt dýr, sem nauðsynlegt er að bregðast við með skjótum hætti og virkja viðbragðsáætlanir þar að lútandi, til að hindra útbreiðslu sjúkdóma vegna þeirra.
- Að auka fjármagn til æfinga og þjálfunar starfsfólks í heilbrigðisþjónustu við dýr, vegna viðbragðsáætlana.

Núverandi staða

Um innflutning dýra gilda lög nr. 54/1990 um innflutning dýra, en einnig má finna ákvæði um innflutning dýra í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

1) Lög nr. 54/1990 um innflutning dýra

Meginreglan er sú að allir sem óska eftir að flytja inn dýr eða erfðæfni þeirra þurfa að sækja um undanþágu frá banni vegna innflutnings skv. 2. gr. laga nr. 54/1990, en þar segir m.a.: *Óheimilt er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðæfni þeirra.*

Í 4. mgr. 2. gr. segir: *Ráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðæfnis, sbr. þó 4. gr. a og 3. mgr. 13. gr., enda sé stranglega fylgt þeim fyrimælum, sem felast í lögum þessum, og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim*

2) Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd

Þar segir m.a. í 63. gr. um innflutning á lifandi framandi lífverum:

Óheimilt er að flytja inn lifandi framandi lífverur nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þetta gildir þó ekki um búfé eða framandi plöntutegundir sem ætlaðar eru til garðyrkju eða hafa verið notaðar til túnræktar, landgræðslu og skógræktar nema innflutningur sé bannaður samkvæmt reglugerð, sbr. 5. mgr.

Í 5. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 60/2013 segir að umhverfis- og auðlindaráðherra skuli taka XI. kafla til endurskoðunar í samstarfi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Sú vinna er hafin og hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskað eftir tillögum frá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Í samræmi við framangreint er rétt að taka fram að núverandi framkvæmd er flókin og býður upp á mistök. Betra væri að eldra fyrirkomulag væri tekið upp, þannig að aðeins atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti gæfi út leyfi, en leyfisveiting væri engu að síður háð jákvæðri umsögn umsagnaraðila, þ.m.t. Umhverfisstofnunar.

Varðandi feril við framkvæmd á innflutningi dýra og erfðæfnis þeirra, sjá Viðauka VIII.

4b. Dýraafurðir og annað

Markmið

Markmiðið er að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar berist til landsins með innflutningi dýraafurða og annarra muna eða vara er komist hafa í snertingu við dýr erlendis.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að óheimilt sé að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:
 - Sláturafurðir sem eru hráar, bæði óunnar og unnar. Setja þarf heimild í lögin fyrir ráðherra að skýra þessa framkvæmd frekar með reglugerð.
 - Hrá egg.
 - Ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir. Setja þarf heimild í lögin fyrir ráðherra til að skýra þessa framkvæmd frekar með reglugerð.
 - Ósótthreinsuð hrá skinn og húðir.
 - Alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði.
 - Kjötmjöl, beinamjöl, blóðmjöl og fitu sem fellur til við vinnslu þessara efna.
 - Hey og hálm.
 - Hvers konar notaðar umbúðir, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang.
 - Hvers konar notaðan búnað til stangveiða og fiskeldis.
- Að Matvælastofnun sé heimilt að veita undanþágu og leyfa innflutning á ofangreindum vörum, teljist smithætta vera í lágmarki samkvæmt áhættumati.
- Að ráðherra sé heimilt að banna með reglugerð innflutning á vörum, óháð uppruna, sem hætta telst á að smitefni geti borist með og hætta telst geta stafað af varðandi heilbrigði dýra.
- Að ráðherra skuli setja reglugerð um heimildir og takmarkanir ferðamanna til innflutnings á dýraafurðum.
 - Í reglugerðinni skal gerð krafa um að ferðamenn fylli út sérstakt eyðublað um snertingu við dýr síðustu 48 klst. fyrir komu þeirra til landsins. Þá skal koma fram hvernig brugðist skuli við hafi þeir verið í snertingu við dýr.
- Að Matvælastofnun upplýsi þá sem taka á móti ferðamönnum og til farþega á leið til landsins, um bann við innflutningi dýra og dýraafurða og því sem komist hefur í snertingu við dýr erlendis.
- Að samstarf sé milli Matvælastofnunar og tollyfirvalda um sérstakt eftirlit með ferðamönnum, farartækjum og farangri þeirra á viðkomandi flugvöllum og höfnum.
- Að Ísland fái sérstaka varanlega undanþágu frá nýrri reglugerð ESB varðandi áburð, þar sem kveðið er á um að lífrænn áburður, þ.m.t. alidýraáburður eigi að vera í frjálsum flæði innan EES.
- Að Matvælastofnun sé heimilt að birta lista, í samræmi við 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, þar sem fram komi að ferðamönnum sé heimilt að flytja með sér lítið magn af (allt að 3 kg) til einkanota, af spægipylsu og hráskinku frá samþykktum starfsstöðvum innan EES. Þetta gildi aðeins fyrir þær framleiðslutegundir af spægipylsum og hráskinku, sem Matvælastofnun hefur fengið fullnægjandi gögn um uppruna, vinnslu og sótthreinsun.

Rökstuðningur

Ekki eru lagðar til grundvallarbreytingar á ákvæðum um bann við innflutningi á ýmsum dýraafurðum sem geta borið með sér smitefni sem valda dýrasjúkdómum, sbr. reglugerð nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

Nauðsynlegt er að í lögum séu ákvæði um bann við innflutningi á hráum sláturafurðum, hráum eggjum og ógerilsneyddum mjólkurafurðum. Í þessum afurðum geta leynst smitefni sem valdið geta sjúkdómum í dýrum og mönnum. Í því samhengi má nefna salmonellu í eggjum, gin- og klaufaveiki veiru í kjöti og listeríu í ógerilsneyddum ostum. Til að draga úr líkum á smiti er ástæða til að ákvæði sé í lögum sem draga úr slíku.

Þörf er á að stórefla allt eftirlit með framkvæmd laganna. Krefja þarf alla farþega sem eru á leið til landsins og ætla að koma hér í land, um að fylla út sérstakt eyðublað um hvort þeir hafi verið í snertingu við dýr á síðustu 48 klst. og hvort þeir séu með dýraafurðir meðferðis, einkum ef farþegar eru að koma frá þriðju ríkjum. Farþegar sem hafa verið í snertingu við dýr á síðustu 48 klst. skulu fá sérstaka ábendingu um að gæta varúðar við umgengni við dýr í landinu og að nálgast ekki dýr eða gripahús nema að viðhafðri smitgát, s.s. fataskiptum og þvotti. Einnig að koma í framkvæmd upplýsingagjöf um borð í flugvélum og skipum og auglýsingum á höfnum og flugvöllum Einnig þarf að auka raunverulegt eftirlit með farþegum og farangri þeirra, við komu til landsins, með notkun sérþjálfaðra hunda og gegnumlýsingartækja á farangri. Á höfnum þarf að auka eftirlit með farartækjum, sem koma hér í land.

Auka þarf fræðslu til dýraeigenda um þær hættur sem geta fylgt því að taka á móti erlendum gestum. Þeir dýrasjúkdómar sem hafa borist til landsins á síðast liðnum árum hafa allir komið með fólki, annaðhvort með fatnaði eða farangri, svo sem reiðbúnaði. Smygl á ólöglega framleiddum matvælum getur líka verið mjög alvarlegt mál og er þekkt smitleið í mörgum dýrasjúkdóma faröldrum erlendis, t.d. gin- og klaufaveiki í Bretlandi árið 2001, sem mun hafa komið með smygluðu svínakjöti. Í kjölfar þessa faraldurs og annarra slíkra stórherti ESB sína löggjöf á þessu sviði. Afrakstur þessa átaks var m.a. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 745/2004 um innflutning dýraafurða til einkaneyslu, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 848/2012. Ný reglugerð ESB nr. 206/2009 um innflutning dýraafurða til einkaneyslu hefur ekki verið innleidd á Íslandi. Í henni er kveðið á um upplýsingagjöf til farþega, notkun gegnumlýsingartækja, sérþjálfaðra hunda o.fl.

Bann við innflutningi á vörutegundum sem taldar eru upp í 10. gr. núverandi laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, hefur lengi verið við lýði. Þörf er á að ákvæði þar um verði enn í lögum, enda sýna dæmin að áhætta á að smit berist með innflutningi þessara vörutegunda sé of mikil. Í þessu samhengi má nefna innflutning á lífrænum áburði og rotmassa blönduðum alidýraáburði. Í lífrænum áburði geta verið aukaafurðir dýra, búfjáráburður eða afurðir sem hafa komist í snertingu við búfjáráburð. Setja verður fram kröfu, byggða á vönduðu áhættumati, að vegna góðrar stöðu búfjarsjúkdóma, fái Ísland varanlega undanþágu frá því að lífrænn áburður verði í frjálsum flæði til Íslands.

Innflutningi á vörum sem taldar eru upp í a—e liðum 10. gr. fylgir ávallt áhætta varðandi smitefni er valdið geta sjúkdómum í dýrum. Ómögulegt er að sanna að slíkt geti ekki orðið og því einungis hægt að krefjast þess að áhætta sé lágmörkuð eins og kostur er. Því er rétt að orðalagi 1. mgr. 10. gr. verði breytt. Ítrekað er að ekki er verið að leggja til breytingu á framkvæmd, heldur eingöngu verið að færa orðalag ákvæðisins til samræmis við nútíma nálgun á viðfangsefninu.

Í reglugerð nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins er ákvæði varðandi innflutning ferðamanna á dýraafurðum. Þar segir í 2. mgr. 10. gr.:

Ferðamenn sem koma með matvæli þar sem staðfest er á umbúðum að varan hafi hlotið hitameðferð, sbr. a- og e-lið 3. gr., þurfa ekki að framvísa sérstökum vottorðum.

Afar sjaldgæft er að vara sé merkt með þeim hætti að hún hafi hlotið tilskylda meðferð. Hér er um að ræða íþyngjandi ákvæði sem einstaklega erfitt er fyrir einstaklinga að uppfylla. Í þessu samhengi má

nefna vinarþýlsur í dósnum og kæfu, sem eðli málsins samkvæmt hafa alltaf hlotið viðeigandi hitameðferð. Hér þarf þó eins og fyrr að aðskilja uppruna vörunnar m.t.t. EES og þriðju ríkja.

Í 2. mgr. 10. gr laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim segir m.a.: *Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sóttþreinsast við tilbúning eða sérstök sóttþreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir fullnægjandi vottorð um uppruna, vinnslu og sóttþreinsun sé varan frá framleiðanda utan Evrópska efnahagssvæðisins.* Þrátt fyrir bann við innflutningi á hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, bæði unnum og óunnum, er bent á að spægipylsur og hráskinka, sem unnar eru í samþykktum starfsstöðvum innan EES hafa í flestum tilvikum náð vinnslustigi þar sem vatnsvirkni (aw gildi) er ekki hærra en 0,93 og pH gildi er ekki hærra en 6,0. Með slíku vinnslustigi næst ákveðin sóttþreinsun á vörunni og þar með er ráðherra, sbr. ofangreint, heimilt með því að setja reglugerð að leyfa innflutning á slíkum vörum. Lagt er til að ráðherra setji reglugerð þar sem hverjum ferðamanni sem kemur til landsins frá einhverju EES landi verði heimilt að flytja með sér lítið magn (allt að 3 kg) af slíkri vöru til landsins. Í dag er „stórinnsflytjendum“ heimilt að flytja inn slíka vöru gegn ákveðnum skilyrðum. Eins og staðan er nú er ákveðið ójafnræði til staðar þar sem ferðamönnum er ekki heimilt að koma með lítið magn til einkanota af ákveðnum unnum spægipylsu og hráskinku innan EES.

Núverandi staða

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma

Um innflutning á dýraafurðum gilda aðallega lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Í 10. gr. laganna segir.:

Til að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins er óheimilt að flytja til landsins eftirtaldar vörutegundir:

a. hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði,

b. kjötmjöl, beinamjöl, blóðmjöl og fitu sem fellur til við vinnslu þessara efna,
c. hey og hálm,

d. hvers konar notaðar umbúðir, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang,

e. hvers konar notaðan búnað til stangveiða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem eru taldar upp í a–e-lið enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ákvæði 1. mgr. skuli ekki gilda fyrir einstakar vörutegundir sem þar eru taldar upp ef varan sóttþreinsast við tilbúning eða sérstök sóttþreinsun er framkvæmd fyrir innflutning og vörunni fylgir fullnægjandi vottorð um uppruna, vinnslu og sóttþreinsun sé varan frá framleiðanda utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ráðherra er heimilt að banna með reglugerð innflutning á vörum, óháð uppruna, sem hætta telst á að smitefni geti borist með og hætta telst geta stafað af varðandi heilbrigði dýra.

Um framkvæmd þessarar greinar fer einnig eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

A. Í a. lið 10. gr. laganna, er fjallað um hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg, ósótthreinsuð hrá skinn og húðir, alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði.

- Hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar og hrá egg.

Bann við innflutningi ofangreindra vörutegunda hefur verið í gildi í nokkra áratugi. (Bannið náði áður einnig til ógerilsneyddrar mjólkur og vara unnin úr henni, sem var fellt út með lögum nr. 143/2009 um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða). Í kjölfar gildistöku laga nr. 143/2009, voru gerðar athugasemdir, m.a. af Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), um áframhaldandi bann við innflutningi á hráu kjöti (hráar og lítt saltaðar sláturafurðir). Mál þetta er á leið til EFTA dómstólsins og mun væntanlega einnig taka til banns við innflutningi á hráumjólk og hráum eggjum.

Athygli skal vakin á skilgreiningu á „hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar“ sérstaklega í samhengi við heimild ráðherra til að ákveða með reglugerð innflutning einstakra vörutegunda ef varan sótthreinsast við tilbúning. Hér er fyrst og fremst verið að benda á heimild til innflutnings ferðamanna og annarra innflytjenda á spægipylsum og hráskinkum, sem við tilbúning ná ákveðnum gildum varðandi sýrustig og vatnsvirkni sem leiðir til sótthreinsunar vörunnar.

- Ósótthreinsuð hrá skinn og húðir.

Bann við þessum vörum hefur verið í gildi í nær heila öld, enda þótti sannað að miltisbrandur hefði borist til landsins með þessum vörum og sú hættu er enn fyrir hendi.

- Alidýraáburður og rotmassi blandaður alidýraáburði.

Sérstakt áhyggjuefni er að framkvæmdastjórn ESB er búin að leggja fram drög að nýjum reglum varðandi áburð, sem er nú til umfjöllunar innan stofnana EFTA ríkjanna, en sá málaflokkur fellur undir EES-samninginn. Í þessum drögum kemur m.a. fram að lífrænn áburður eigi að vera í frjálsu flæði innan EES, þ.m.t. til Íslands

B. Í b. lið 10. gr. laganna er fjallað um kjötmjöl, beinamjöl, blóðmjöl og fitu sem fellur til við vinnslu þessara efna. Bann við innflutningi á þessum vörum hefur einnig verið lengi í gildi, enda geta sjúkdómar á borð við miltisbrand og kúariðu borist með slíkum vörum og því mikilvægt að viðhalda banninu.

C. Í c. lið 10. gr. laganna er fjallað um hey og hálm. Öðru hvoru er óskað eftir innflutningi á þessum vörum, en gerðar hafa verið sömu kröfur og fyrir rotmassa blandaðan alidýraáburði og því hefur ekkert orðið af innflutningi. Ekki hefur verið talið hægt að tryggja að húsdýr hafi ekki gengið á, eða húsdýraáburður hafi ekki verið borinn á þá akra, sem þessar afurðir koma af.

D. Í d. lið 10. gr. laganna er fjallað um hvers konar notaðar umbúðir, reiðtygi, vélar, tæki, áhöld og annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang.

- Hvers konar notaðar umbúðir, sem hafa verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang.

Þetta er nauðsynlegt ákvæði, m.a. til að ná yfir vörur eins og notaða ullarpoka.

- Reiðtygi, sem hafa verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang.

Það hefur reynt mikið á þetta ákvæði á undanförunum árum, þar sem mikið er um samskipti hestafólks á milli Íslands og eigenda íslenskra hesta erlendis. Talið er mögulegt að sjúkdómur sem kom upp í hestum á Íslandi árið 2010, hafi borist með ólöglega innfluttum reiðbúnaði.

- Vélar, tæki, áhöld sem hafa verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang.

Það er alltaf töluvert um innflutningsbeiðnir varðandi þessar vörur, svo sem notaðar dráttarvélar og þreskivélar. Nauðsynlegt hefur reynt að setja mjög ítarlegar reglur hvað þetta varðar, sbr. reglugerð nr. 866/2014 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

- Annað sem hefur verið í snertingu við dýr, dýraafurðir og dýraúrgang.

Nauðsynlegt er að hafa möguleika á að flokka aðrar sambærilegar vörur, með sama hætti.

- E. Í e. lið 10. gr. laganna er fjallað um hvers konar notaðan búnað til stangveiða. Vitað er að veiðimenn vilja geta farið með sinn veiðibúnað á milli landa, en með slíkum búnaði geta borist ýmsir fisksjúkdómar, þar á meðal skæðir veirusjúkdómar. Ísland hefur þá miklu og verðmætu sérstöðu að vera laus við alla alvarlegustu veirusjúkdóma í fiskum. Í reglugerð nr. 448/2012 hefur þetta verið útfært með þeim hætti að bann við innflutningi nái til notaðs veiðibúnaðar til stangveiði, nema að undangenginni sótthreinsun. Á Keflavíkurflugvelli hefur verið rekin sóttvarnaraðstaða til margra ára til að sóttheinsa notaðan veiðibúnað, samkvæmt sérstöku samkomulagi milli Matvælastofnunar og tollstjóra. Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hefur séð um sótthreinsun á veiðibúnaði sem kemur ósótthreinsaður um Reykjavíkurflugvöll. Þessu verklagi þarf að breyta á þann veg að Matvælastofnun verði heimilt að fela öðrum aðilum sótthreinsunina en til þess þarf breytingu á lögnum.

Reglugerð nr. 448/2012.

Meðal þeirra reglugerða, sem eru settar með stoð í lögum nr. 25/1993 og sú mikilvægasta varðandi efni þessa kafla er reglugerð nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins. Hún er einnig sett með stoð í lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 og lögum um matvæli nr. 93/1995.

Í 3. gr. reglugerðarinnar kemur fram að bann er við innflutningi á ákveðnum afurðum dýra, en í 4. gr. kemur fram að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum meðmælum Matvælastofnunar, að leyfa innflutning á vörum sem taldar eru upp í 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda sjúkdómum í dýrum og mönnum og þau skilyrði sem sett hafa verið fyrir innflutningnum séu uppfyllt. Þó er gerður fyrirvari vegna 7. gr. reglugerðarinnar.

Í 2. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 segir m.a:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Matvælastofnun heimilt að leyfa innflutning á vörum þeim sem eru taldar upp í a–e-lið enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim er valda dýrasjúkdómum.

Í 10. gr. reglugerðarinnar er fjallað um innflutning ferðamanna á matvælum.:

Innflutningur ferðamanna á matvælum sem reglugerð þessi tekur til er háður leyfi skv. 4. gr. reglugerðarinnar, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Ferðamenn sem koma með matvæli þar sem staðfest er á umbúðum að varan hafi hlotið hitameðferð, sbr. a- og e-lið 3. gr., þurfa ekki að framvísa sérstökum vottorðum.

Ferðamenn með matvæli sem hlotið hafa meðferð sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. skulu framvísa vottorði um að matvælin hafi hlotið viðeigandi meðferð. Framvísa skal opinberu uppruna- og heilbrigðisvottorði ef um er að ræða vöru frá framleiðanda utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 549/2012 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins varðar innflutning ferðamanna frá Grænlandi og Færeyjum, segir:

Við 10. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr. er farþegum frá Grænlandi heimilt að koma með allt að 10 kg af villibráð í farangri til landsins til einkaneyslu án skoðunar á landamærastöð, að fengnu leyfi skv. 4. gr. Þá er farþegum frá Færeyjum heimilt að koma með allt að 10 kg af kjöti og kjötafurðum í farangri til landsins til einkaneyslu án skoðunar á landamærastöð, að fengnu leyfi skv. 4. gr.

Reglugerð nr. 745/2004

Næst ber að nefna reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 745/2004 um ráðstafanir varðandi innflutning afurða úr dýraríkinu til einkaneyslu, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 848/2012 um innflutning dýraafurða til einkaneyslu. EB reglugerð nr. 745/2004 var aflögð með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 206/2009/EC, sem hefur ekki verið innleidd hér á landi.

Í þessum EB reglugerðum er gert ráð fyrir að allar afurðir framleiddar á Evrópska efnahagssvæðinu séu í frjálsum flæði milli aðildarríkja, sem samræmist ekki núverandi ákvæðum 10. gr. laga nr. 25/1993.

4c. Fóður, tilbúinn áburður og sáðvara

Markmið

Að strangar kröfur séu gerðar til innlends og innflutts fóðurs, tilbúins áburðar og sáðvöru til að tryggja að ekki berist smitsjúkdómar til landsins með slíkum vörum eða smitsjúkdómum sé dreift með þeim.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að við Matvælastofnun skuli starfa nægur fjöldi sérfræðinga með sérþekkingu á fóðri, áburði og sáðvöru, sem hafi tækifæri til að fylgjast vel með öllum breytingum, sem lagðar eru til á gerðum Evrópusambandsins á þessu sviði og ef þörf krefur að setja fram kröfur nægilega snemma um aðlögunartexta í frumdrög að breyttum gerðum.

Jafnframt er lagt til að sett verði heimild í lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (fóðurlög) sem gefur yfirdýralækni endanlegt faglegt vald til að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, þegar örverur eða eitrefni greinast í fóðri, sem geta valdið sjúkdómum eða vandamálum í dýrum og mögulega mönnum.

Rökstuðningur

Þar sem fóðurlöggjöfin á Íslandi er að fullu samræmd reglum EES, er mikilvægt að sérfræðingum Matvælastofnunar, sé gefinn kostur á að fylgjast vel með öllum fyrirhuguðum breytingum á EB gerðum og það á frumstigi í vinnunefndum. Aðeins á því stigi er hægt að koma á framfæri og rökstyðja hugsanlegar sérkröfur sem þurfa að gilda um Ísland, vegna góðrar stöðu dýraheilbrigðis og lýðheilsu, t.d. varðandi salmonellu sýkingar.

Almennt er misbrestur á að sérfræðingar hafi möguleika á að fylgjast með nýjum ESB gerðum á vinnslustigi og þess má geta að á fyrri hluta ársins 2017, hefur aðeins einn maður starfað við fóðureftirlit hjá MAST.

Heilnæmi fóðurs er mjög mikilvægt í tengslum við heilbrigði dýra og heilnæmi þeirra afurða sem koma frá afurðagefandi dýrum. Hér getur verið um að ræða ýmsar örverur, svo sem salmonellu og einnig smitefnið sem veldur kúariðu. Einnig geta ýmis eitrefni hafa komist í fóður við framleiðslu þess, svo sem díoxín.

Þegar slíkar örverur eða eitrefni greinast í fóðri, er nauðsynlegt að yfirdýralæknir hafi skýrt vald til að taka ákvörðun um nauðsynlegar aðgerðir, til að tryggja dýra- og jafnvel mannaheilbrigði, með sama hætti og eiga að gilda um heilbrigði og velferð dýra. Því þarf að setja heimild í fóðurlög nr. 22/1994 sem gefur yfirdýralækni þetta vald.

Núverandi staða

Um innflutning á fóðri gilda lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Lögunum hefur verið breytt a.m.k. 9 sinnum og fjölmargar reglugerðir hafa verið settar með stoð í lögunum. Matvælastofnun fer með umsjón með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Framkvæmd með eftirliti með fóðri, áburði og sáðvöru er í góðum skorðum og heyrði áður undir matvælaöryggis- og neytendaverndarsvið hjá Matvælastofnun, en hefur nú verið flutt til

dýraheilbrigðis- og dýravelferðarsviðs. Innflutningur á fódri er að fullu háður samræmdum reglum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Íslensk yfirvöld þurfa að fylgjast vel með öllum breytingum, sem lagðar eru til á gerðum Evrópusambandsins á þessu sviði og ef þörf krefur að setja fram kröfur nægilega snemma um aðlögunartexta í frumdrög að breyttum gerðum. Eftirlit með matvælaframleiðslu fer eftir mjög svipuðum lögmálum og eftirlit í fódurfyrirtækjum.

Almennt gildir að fódurfyrirtæki skulu tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en starfsemi hefst. Fódurfyrirtæki sem nota aukefni eða forblöndur í fódurvörur, framleiða lyfjablandað fóður eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun og sækja um það áður en starfsemi hefst.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða pakka hér á landi vörum sem lög þessi taka til nema tilkynna þær fyrst og láta skrá hjá Matvælastofnun, sem staðfestir skráningu vörunnar.

Því er 7. gr. a. laganna mjög mikilvæg en þar segir:

Óheimilt er að markaðssetja fóður sem ekki er öruggt eða gefa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Fóður telst ekki öruggt til fyrirhugaðrar notkunar ef það er álitid heilsuspillandi fyrir menn og dýr eða verður þess valdandi að dýraafurðir verða óhæfar til manneldis.

Sérstök áhætta fylgir því ef nota á aukaafurðir dýra, svo sem kjöt- og beinamjöl í fóður dýra og því eru í gildi strangar reglur þar að lútandi í 7. gr. b:

Dýraprótein sem unnið er úr aukaafurðum úr dýrum má ekki nota í fóður eða til fódurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til manneldis. Einungis er heimilt að nota slík dýraprótein til að framleiða fóður fyrir loðdýr, gæludýr og önnur dýr sem ekki eru alin til manneldis, og þá aðeins ef efnasamsetning, framleiðsluaðferðir, geymsla, flutningur og aðrar sérkröfur vegna þessara aukaafurða eru í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra skal setja um slíkar afurðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota dýraprótein sem unnið er úr fiski sem fóður eða til fódurgerðar fyrir búfé og eldisfisk.

Þó er bannað að fódra dýr á dýrapróteini sem er unnið úr dýrum eða afurðum dýra af sömu tegund.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um notkun á fódri og áburði sem búinn er til úr aukaafurðum úr dýrum. Þar er ráðherra heimilt að flokka þessar afurðir í áhættuflokka allt eftir því hversu mikil hættu stafar af þeim varðandi útbreiðslu á smitsjúkdómum, sem og að banna notkun á einstökum flokkum ef slíkt reynist nauðsynlegt til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma.

Almennt gildir um innflutning fódurs frá ríkjum EES, að þar gildi sömu reglur og innan ríkjanna, en í 7. gr. i. er m.a. sérstaklega tekið fram:

Allur innflutningur fódurs frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem inniheldur dýraafurðir skal fara um landamærastöðvar.

Tilkynna skal Matvælastofnun fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist. (...)

5. Hlutverk stofnana, o.fl.

5a. Matvælastofnun

Markmið

Markmiðið er að tryggja að ákvörðunarvald varðandi dýraheilbrigði og dýravelferð sé í höndum yfirdýralæknis og að gera hlutverk opinberra dýralækna skýrara.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að ráðherra skuli setja reglugerð um skipan umdæma héraðsdýralækna.
- Að yfirdýralæknir, sé dýralæknir sem sinnir eingöngu opinberum störfum, skipaður af ráðherra og starfsmaður Matvælastofnunar, og fari með yfirstjórn þess sviðs sem ber faglega ábyrgð á málum er varða dýraheilbrigði, dýravelferð, fóður, súnur, lyfjamál, aukaafurðir dýra og afurðir úr dýraríkinu, og tekur endanlegar faglegar ákvarðanir í stjórnsýslunni um þessi mál. Hann kemur jafnframt fram fyrir hönd landsins á innlendum og erlendum vettvangi um ofangreind málefni.

Rökstuðningur

Þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar, eða um er að ræða mjög alvarleg brot vegna dýravelferðar, er eðli málsins samkvæmt þörf á mjög skjótri og faglegri ákvarðanatöku. Það er eðlilegt að slík ábyrgð sé í höndum þess aðila sem fer með fagleg málefni á þessu sviði. Samkvæmt núgildandi lagaákvæðum veitir yfirdýralæknir forstöðu því sviði sem fer með þennan málaflokk innan Matvælastofnunar, án þess að hafa óskorað ákvörðunarvald í ýmsum áriðandi faglegum málum.

Það er mikilvægt að hafa í huga að samkvæmt heimildum frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni eru 60% allra smitsjúkdóma í mönnum frá dýrum komin og í það minnsta 75% af öllum nýjum smitsjúkdómum á undanförunum árum eiga uppruna sinn í dýraríkinu. Sú staðreynd að heilbrigði dýra og manna séu nátengd og háð hvort öðru í sama vistkerfi eru aldagömul vísindi sem hafa aldrei verið eins mikilvæg og á okkar tímum. Stofnunin leggur áherslu á að það er aðeins eitt sameiginlegt „heilbrigði“ sem er sameign okkar allra.

Í þessu sambandi er mikilvægt að líta á samspil þátta í allri matvælakeðjunni frá haga til maga, svo sem að áburður og varnarefni sem borin eru á akur og tún skipta máli fyrir heilbrigði dýra og heilnæmi dýraafurða, hvort sem það er kjöt, mjólk, fiskur eða iðnaðarvörur unnar úr þeim. Því er mikilvægt að huga að matvælum (dýraafurðum) og/eða fóðri, og tryggja að yfirdýralæknir hafi einnig ákvörðunarvald í þeim málaflokkum, að svo miklu leyti sem það varðar dýrasjúkdóma og útrýmingu þeirra, dýravelferð, dýraafurðir og dýrafóður. Það er einnig grundvallaratriði að góð fagleg samvinna ríki milli þeirra aðila sem sinna heilbrigðisþjónustu manna annars vegar og dýra hins vegar, óháð ytri áhrifum. Að vernda heilbrigði og velferð dýra stuðlar að bættri heilsu manna og eykur matvæla- og fæðuöryggi. Dýrheilbrigðisþjónusta, bæði opinberra aðila og einkaaðila, gegnir mikilvægu hlutverki í þróun, framkvæmd og stjórn dýraheilbrigðisstefnu sem hefur slíka samvinnu að leiðarljósi.

Nauðsynlegt er að skipulag hins opinbera dýralæknakerfis sé skilgreint í lögum um Matvælastofnun en ekki lögum um dýralækna. Betra er að skilgreiningarnar séu ákveðnar með reglugerð til þess að

auðveldara sé að bregðast við breytingum á ytri aðstæðum, sem mögulega kalla á breytingar á umdæmum.

Núverandi staða

Matvælastofnun hóf störf 1. janúar 2008 þegar Landbúnaðarstofnun, matvælasvið Umhverfisstofnunar og matvælasvið Fiskistofu voru sameinuð undir einum hatti. Stofnunin starfar undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og um stofnunina gilda lög nr. 80/2005 um Matvælastofnun og reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar. Aðalskrifstofa stofnunarinnar er á Selfossi, en hún rekur einnig umdæmiskrifstofur víðs vegar um landið og skrifstofu inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings dýraafurða frá ríkjum utan EES.

Hlutverk Matvælastofnunar er að sinna stjórnýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

Eitt af verkefnum Matvælastofnunar er að vinna að matvælalöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í allri fæðukeðjunni, þ.e. fóður, heilbrigði og velferð dýra, þ.m.t. sjávarafurða, plöntuheilbrigði, vinnslu og dreifingu og þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin fer með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum, kjötvinnslum, mjólkurbúum og eggjaframleiðslu, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. Matvælastofnun fer einnig með yfirumsjón með samræmingu matvælaeftirlits á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu og öðrum sem sinna heilbrigðisþjónustu við dýr.

5b. Keldur

Markmið

Markmiðið er að til sé öflug stofnun sem getur sinnt öllum sviðum rannsókna, ráðgjafar og áhættumats vegna dýrasjúkdóma, og tekið þátt í endurmenntun dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði

- Að á stofnuninni skuli vera til staðar sú aðstaða, tækjabúnaður og þekking sem nauðsynleg er til greiningar helstu dýrasjúkdóma.
- Að við stofnunina skuli ávallt starfa dýralæknar með sérþekkingu á sjúkdómum og heilbrigði hvernar dýrategundar, sem geti stundað rannsóknir og ráðgjöf á sínu sviði.
- Að við stofnunina skuli starfa fólk sem hafi nauðsynlega þekkingu til að framkvæma áhættumat t.d. vegna dýraheilbrigðis og dýravelferðar, samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum aðferðum.
- Að hlutverk stofnunarinnar sé að taka þátt í endurmenntun dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra, samanber umfjöllun í kafla 2c.

Jafnframt er lagt til að lög nr. 67/1990 um Keldur verði endurskoðuð, til samræmis við þessar tillögur, þannig að í þeim verði nauðsynleg ákvæði um starfsemi, hlutverk og yfirstjórn stofnunarinnar, sem tryggi að hún geti sinnt öllum sviðum rannsókna, ráðgjafar og áhættumats vegna dýrasjúkdóma, og tekið þátt í endurmenntun dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra.

Rökstuðningur

Gott dýraheilbrigði þarf að byggjast á tveimur megin stoðum, þar sem hlutverkin eru skýr, en gott samstarf jafnframt tryggt:

- Öflugri stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun, með sambærilegt hlutverk og Matvælastofnun.
- Öflugri rannsóknar- og ráðgjafarstofnun vegna dýrasjúkdóma, með sambærilegt hlutverk og erlendar rannsóknarstofnanir (e. Veterinary Institutes).

Ljóst er að til að tryggja að hægt sé að viðhalda hinu góða ástandi hvað varðar dýrasjúkdóma hér á landi, þarf að styrkja verulega dýrasjúkdómarannsóknirnar og innleiða nýjustu tækni og vísindi á því sviði.

Í mörgum nágrannalöndum eru reknar sérstakar rannsóknarstofnanir fyrir dýrasjúkdóma, t.d. Veterinærinstituttet í Noregi, sem heyrir undir norska landbúnaðar- og matvælaráðuneytið (Landbruks- og matdepartementet). Statens Veterinärmedicinska Anstalt í Svíþjóð sem er undirstofnun sænska atvinnuvegaráðuneytisins (Näringsdepartementet). Veterinærinstituttet í Danmörku sem tilheyrir Danmarks Tekniske Universitet, sem aftur heyrir undir mennta- og rannsóknarráðuneytið (Uddannelses- og Forskningsministeriet) og EVIRA í Finnlandi, sem heyrir undir finnska landbúnaðar- og skógarráðuneytið (Jord- og skogbruksministeriet) sem hefur með höndum stjórnsýslu, rannsóknir og áhættugreiningar á sviði matvæla, dýra og plantna en þessi hlutverk eru þó vel aðskilin í skipuriti stofnunarinnar.

Lagt er til að í tengslum við frumvarp til laga um ný lög um dýralækna og ný lög um dýraheilbrigði verði lög nr. 67/1990 um Keldur endurskoðuð, með það fyrir augum að í nýjum lögum komi fram nauðsynleg ákvæði fyrir starfsemi, hlutverk og yfirstjórn stofnunar, sem geti sinnt öllum sviðum rannsókna, ráðgjafar og áhættumats vegna dýrasjúkdóma, og tekið þátt í endurmenntun dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra.

Einn af mikilvægum þáttum í starfsemi stofnana sem rannsaka dýrasjúkdóma, er að vera í nánum tengslum við stjórnsýslu- og eftirlitsstofnunina og geta brugðist skjótt við með viðbragðs- og rannsóknaráætlunum, ef þekktir sjúkdómar berast til landsins, eða ef bregðast þarf við sjúkdómum sem ekki hafa áður fundist í landinu eða eru alls óþekktir eins og raunin var með þá hestasjúkdóma sem upp komu árin 1998 og 2010. Sama gildir um sjúkdóma sem upp koma í nágrannalöndum okkar og hætta er á að berist til landsins. Berist bráðsmitandi dýrasjúkdómur til landsins, getur það skipt sköpum og forðað stórfelldu tjóni að yfirdýralæknir geti treyst á öflugra rannsóknarstofnun til að vinna hratt og vel að greiningu sjúkdómsins og veita faglegar ráðleggingar. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að sú stofnun sem annast rannsóknir á dýrasjúkdómum sé í formlegu samstarfi við erlendar rannsóknarstofnanir og geti, ef nauðsyn ber til, sent sýni með skömmum fyrirvara, til greiningar og/eða staðfestingar.

Ljóst er að það er skortur á dýralæknum við Keldur og sérmenntaðir dýralæknar hafa ekki verið ráðnir í langan tíma og þetta er óásættanleg staða. Það er mikil þörf á góðri ráðgjöf til dýraeigenda á sviði dýraheilbrigðis, t.d. í búfjárræktinni þegar koma upp framleiðslutengdir sjúkdómar eða vandamál og eins hjá gæludýraeigendum, t.d. þegar koma upp vandamál vegna sníkjudýra. Þessa ráðgjöf geta sérfræðingar hjá stjórnsýslu- og eftirlitsstofnuninni Matvælastofnun ekki veitt.

Sérmenntaðir dýralæknar hjá stofnun sem annast dýrasjúkdómarannsóknir eru líka nauðsynlegir til að sinna fræðslu vegna endurmenntunar dýralækna og heilbrigðisstarfsmanna dýra í samstarfi við menntastofnanir, t.d. í landbúnaðinum. Það er mikil þörf fyrir slíka endurmenntun eða símenntun, þar sem ekki er hægt að stunda nám í dýralækningum hér á landi og íslenska ríkið hefur ekki kostað neinu til menntunar dýralækna til að stunda dýrt nám erlendis. Það væri því mikilvægt fyrir íslenska dýralækna, að með nýju fyrirkomulagi við rannsóknir dýrasjúkdóma yrði dýralæknum og öðru starfsfólki á þessu sviði, sköpuð góð aðstaða til rannsóknastarfa, fræðslu og endurmenntunar.

Rannsóknir á þeim sjúkdómum sem fyrir eru í landinu og valda dýraeigendum tjóni og dýrum þjáningum, eru líka nauðsynlegar og Keldur hafa um árabil sinnt þeim. Sem dæmi má nefna að sauðfjársjúkdómurinn „kregða“ hefur verið að valda sauðfjárþændum víða á landinu verulegu fjárhagstjóni vegna vanhalda, sérstaklega í ásetningslömbum. Keldur hafa unnið að rannsóknum á þessum sjúkdómi og þróun bóluefnis gegn honum á síðustu árum, en m.a. vegna þess að um flókið verkefni er að ræða og vegna manneklu og fjármagnsskorts, hefur ekki náðst sá árangur sem vænst var. Með því að efla þessa starfsemi væri hægt að taka svipuð mál fastari tókum.

Nauðsynlegt er að hér á landi sé til stofnun, eða eining sem getur sinnt því hlutverki að annast áhættumat vegna dýraheilbrigðis, og er óháð Matvælastofnun, sem er stjórnsýslustofnunin sem tekur ákvörðun um stjórnun áhættunnar. Í nýjum lögum er nauðsynlegt að þessi hlutverk séu vel aðgreind. Nauðsyn er á að taka þessi vinnubrögð upp hér á landi, til samræmis við okkar nágrannalönd. Á undanförunum árum hefur þurft að leita til erlendra sérfræðinga til að vinna áhættumöt vegna innflutnings á lifandi dýrum annars vegar og innflutnings á hráu kjöti hins vegar, sem reyndust mjög kostnaðarsöm.

Forstöðumenn erlendra rannsóknarstofnana í dýrasjúkdómum sækja iðulega alþjóðlega fundi um dýrasjúkdómamál og má sem dæmi nefna fundi yfirdýralækna hjá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni í París (OIE). Þetta samstarf er mikilvægt til þess að tryggja að ávallt sé fyrir hendi á slíkum stofnunum

nákvæm vitneskja um málaflokkinn og það nýjasta sem er á döfinni, t.d. varðandi rannsóknaraðferðir og þróun bóluafna. Þörf er fyrir slíkt samstarf á Íslandi eins og í öðrum löndum og þetta gæti orðið að veruleika með stjórnsýslubreytingum á fyrirkomulagi við rannsóknir dýrasjúkdóma.

Í skýrslu OIE, vegna heimsóknar til Íslands síðla árs 2015, til að greina hæfni dýralæknaþjónustu landsins, koma fram ýmsar ábendingar, svo sem:

- Mælt er með meiri og betri samvinnu milli Matvælastofnunar og Keldna og að gerður sé samstarfssamningur, þar sem m.a. komi fram hlutverk og ábyrgð þessara stofnana. Líkur eru taldar á því að þessi skortur á samningi hafi leitt til tafa á sendingu sýna erlendis, vegna faraldurs í hestum árið 2010, sjá bls. 76-77.
- Mælt er með því að rannsóknarstofur taki þátt í þjálfun dýralækna sem starfa hjá Matvælastofnun, sjá bls. 74-75.
- Bent er á að það sé skortur á dýralæknum á Keldum og að þangað hafi ekki verið ráðnir ungir dýralækna í langan tíma og að þetta geti haft neikvæð áhrif á að veita áreiðanlega þjónustu vegna dýrasjúkdóma í framtíðinni, sjá bls. 77.
- Bent er á skort á skipulagðri endurmenntun fyrir dýralækna hér á landi, þó Keldur séu ekki nefndar sérstaklega í því samhengi, sjá bls. 11.

Lagt er til að starfsemin á Keldum verði eflað og að hún færir undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og verði annað hvort sjálfstæð stofnun eða verði sameinuð öðrum stofnunum, að hluta eða öllu leyti. Þar sem aðalviðfangsefni Keldna eru þjónusta- og grunnrannsóknir á dýrasjúkdómum og öllum rannsóknum á mannasjúkdómum hefur verið hætt, þá er eðlilegra að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hafi einnig yfirstjórn yfir þeirri stofnun sem annist rannsóknir og ráðgjöf á sviði dýraheilbrigðis og afli nægilegs fjármagns til að stofnunin geti uppfyllt hlutverk sitt fyrir dýraeigendur.

Núverandi staða

Starfsemin á Keldum hófst í nóvember 1948. Verkefni stöðvarinnar skyldu fyrst og fremst vera rannsóknir búfjárjúkdóma og tók hún yfir ýmsa starfsemi sem áður var sinnt af Atvinnudeild Háskóla Íslands. Keldur starfa samkvæmt lögum nr. 67/1990 og lögum nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma. Keldur eru háskólastofnun sem tengist Læknadeild Háskóla Íslands, en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag undir yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Keldur eru eini vettvangurinn í landinu þar sem rannsóknir fara fram á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum. Tilraunastöðin starfar fyrst og fremst sem rannsóknastofa á háskólastigi á sviði grunn- og þjónusturannsókna þar sem helstu fræðasvið eru líffærameinafræði, örverufræði, ónæmisfræði, sníkju- og meindýrafræði, lífefnafræði og sameindalíffræði. Á liðnum árum hafa verið stundaðar ýmsar rannsóknir sem hafa tengst sjúkómum í mönnum, en nú eru einu tengslin við mannasjúkdóma vegna þeirra sjúkdóma sem geta borist á milli dýra og manna eða svokallaðar „súnur“.

Á Keldum er starfrækt bókasafn þar sem safnað hefur verið markverðum fagbókum allt frá stofnun Tilraunastöðvarinnar.

Hlutverk stofnunarinnar og verkefni, lögum samkvæmt eru fyrst og fremst:

- Grunnrannsóknir í læknisfræði dýra og manna
- Rannsóknir, þjónusta og ráðgjöf vegna sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir dýr í samstarfi við yfirdýralækni í þágu heilbrigðiseftirlits með dýrum
- Þróun, framleiðsla og dreifing bóluafna gegn sjúkdómum í dýrum

- Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum aðstöðu til rannsókna
- Endurmenntun dýralækna og miðlun upplýsinga til þeirra
- Eldi á tilraunadýrum til vísindalegra rannsókna
- Rannsóknir og þróunarvinna í þágu líftækni
- Rannsóknir á fisksjúkdómum

Almennt má segja að á Keldum hafi í áranna rás verið stundaðar grunnrannsóknir og þjónusturannsóknir og þessir þættir byggja á og hafa stoð hver af öðrum. Sem dæmi um grunnrannsóknir má nefna rannsóknir á mæðuveiki og riðuveiki í sauðfé og ýmsum fisksjúkdómum og nú síðast í ónæmisfræði hrossa, vegna sumar exem vandamála í útfluttum hrossum. Á sviði þjónusturannsókna má nefna greiningar vegna salmonellu- og kampýlóbakter vöktunar í sláturdýrum, sem eru mikilvægar til að koma í veg fyrir að sýktar afurðir fari á markað.

Krufningar á dýrum sem hafa drepist af ókunnum orsökum og viðeigandi sjúkdómsgreining, eftir atvikum, er einnig gott dæmi um þjónusturannsóknir. Mikilvægi þjónusturannsókna liggur einnig í því verkefni að greina sýni frá Matvælastofnun, sem tekin eru til að fylgjast með hinni góðu stöðu dýrasjúkdóma og að tryggja að nýir sjúkdómar hafi ekki borist til landsins. Slík vöktun er grundvöllur að því að gera sérstakar kröfur til innflutnings, sem og að sýna fram á góða heilbrigðisstöðu við sókn á erlenda markaði. Þjónusta fisksjúkdómadeildarinnar við fiskeldið, hefur á undanförunum árum verið afar mikilvægur þáttur í vaxandi velgengni þessarar matvælaframleiðslu.

5c. Fræðsla á sviði dýraheilbrigðis

Markmið

Markmiðið er að í boði sé fræðsla á sviði dýraheilbrigðis fyrir dýraeigendur, heilbrigðisstarfsmenn dýra og aðra sem starfa á þessu sviði.

Tillaga

Lagt er til að landbúnaðarháskólunum sé skylt að tryggja námsframboð á sviði dýraheilbrigðis og dýravelferðar, sem gæti jafnvel verið í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, rannsóknar- og ráðgjafastofnun á sviði dýraheilbrigðis og eftir atvikum aðra sem við á.

Rökstuðningur

Með ofangreindu er ætlunin að tryggja að dýralæknar, heilbrigðisstarfsmenn dýra, dýraeigendur og aðrir sem starfa á þessu sviði hafi aðgang að fræðslu um dýraheilbrigði, sjúkdóma og forvarnarstarf, með það að sjónarmiði að viðhalda góðri heilbrigðisstöðu dýra og koma í veg fyrir tjón af völdum útbreiðslu sjúkdóma. Í því samhengi er nauðsynlegt að slík fræðsla sé einnig í boði í endurmenntun framangreindra aðila.

Núverandi staða

Í dag er skortur á markvissri fræðslu á sviði dýraheilbrigðis og dýravelferðar.

6. Lyf

6a. Notkun á lyfjum

Markmið

Markmiðið er að tryggja ábyrga og markvissa notkun dýralyfja.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi atriði:

- Um ábyrga notkun lyfja fyrir dýr.
- Að ákvæði um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun nái til allra dýra, ekki eingöngu nautgripa og hrossa.
- Að Matvælastofnun skuli hafa eftirlit með notkun lyfja í öll dýr.

Rökstuðningur

Notkun dýralyfja tengist dýraheilbrigði og velferð og því er nauðsynlegt að ákvæði þar að lútandi séu í nýjum lögum um dýraheilbrigði og lögum um dýralækna.

Í bráðabirgðaákvæði reglugerðar nr. 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun segir að reglugerðin nái eingöngu til nautgripa og hrossa. Brýnt er orðið að breyta ákvæðinu þannig að það gildi fyrir öll dýr. Mikilvægt er að haldið sé utan um notkun lyfja í dýr, bæði afurðagefandi dýr og gæludýr, með tilliti til matvælaöryggis og lyfjapöls. Miðað við hve mikils er neytt af dýraafurðum, er nauðsynlegt að við slátrun þeirra sé tryggt að afurðanýtingarfrestur þeirra sé liðinn

Það er einnig mikil þörf á að Matvælastofnun hafi áreiðanlegar upplýsingar um sýklalyfjanotkun í öll dýr, því rétt notkun þeirra er undirstaða fyrir baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi í bakteríum. Eins og staðan er í dag er ekki markvisst utanumhald um notkun lyfja fyrir öll dýr.

Í nýútkominni skýrslu OIE er m.a. lagt til:

- Að meiri samhæfing sé nauðsynleg á milli Matvælastofnunar og Lyfjastofnunar varðandi eftirlit með notkun dýralyfja í afurðagefandi dýr, (bls. 106 og 108).
- Að eftirlitsmenn stofnananna fari saman í eftirlit til dýralækna með lyfjasölu, eins og tíðkast hafi, en við gerð skýrslunnar 2015 hafi ekkert eftirlit farið fram í 2 – 3 ár, (bls. 108).
- Að krafa verði gerð um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 303/2012 vegna allra dýra, (bls. 107).

Núverandi staða

1) Lyfjalög nr. 93/1994

Almennt eru lög og reglugerðir um lyf á Íslandi í samræmi við ákvæði í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Notkun á dýralyfjum fellur undir lyfjalög nr. 93/1994, sem gerðar hafa verið fjölmargar breytingar á, nú síðast með lögum nr. 59/2016.

Í 11. grein lyfjalaga er tekið fram að Matvælastofnun hafi eftirlit með ávísun dýralyfja en í reglugerð 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum er tilgreint að Lyfjastofnun hafi eftirlit með ákvæðum hennar. Þetta ósamræmi þarf að laga.

Lyfjastofnun veitir í dag öllum dýralæknum, sem fá leyfi ráðuneytisins til að starfa hér á landi, leyfi til að kaupa og selja lyf. Með fyrirhuguðum breytingum á Lyfjalögum, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að dýralæknar verði að sækja sérstaklega um leyfi hjá Lyfjastofnun til að kaupa og selja lyf.

Dýralæknar geta fengið heimild til notkunar á öðrum lyfjum en dýralyfjum, skv. 4. mgr. 8. gr laganna:

Lyfjastofnun getur veitt dýralækni, að fenginni rökstuddri umsókn og á hans ábyrgð, heimild til notkunar lyfs, með eða án markaðsleyfis hér á landi, utan skráðra ábendinga eða fyrir aðra dýrategund en lyfið er ætlað. Nánar skal kveðið á um slík tilvik í reglugerð um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum.

Í 4. gr. laganna segir:

Lyfjanefnd Lyfjastofnunar er ráðgjafarnefnd stofnunarinnar um lyfjamál.

Nefndin skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Þegar fjallað er um dýralyf skulu taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Forstjóri Lyfjastofnunar getur kallað til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera stofnuninni til ráðgjafar þegar þurfa þykir.

Dýralæknar hafa heimild til að kaupa dýralyf af lyfjaheildsölum og nota í sinni vinnu sbr. 6. mgr. 33. gr laganna:

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við Matvælastofnun, setja reglugerð þar sem kveðið er á um leyfi til dýralyfjasölu, hvaða lyf dýralæknar mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum séu afurðir þeirra ætlaðar til manneldis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

Lyfjabúðir hafa einnig til sölu dýralyf sbr. 1. mgr. 24. gr. laganna:

Lyfsölum er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi, hafa hæfilegar lyfjabirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og útvega þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er. Enn fremur skulu vera til sölu í lyfjabúðum helstu gerðir lyfjagagna og hjúkrunar- og sjúkragagna eftir því sem kostur er.

Um ávísun, afgreiðslu og merkingu lyfja gildir ákvæði 11. gr. laganna:

Lyfjastofnun skal ákveða hvort lyf skuli vera lyfseðilsskylt, hve mikið magn megi afhenda gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli. Einnig ákveður stofnunin hvenær megi veita undanþágu frá lyfseðilsskyldu.

Lyfseðill er lyfjaávísun læknis eða tannlæknis sem hefur gilt lækningaleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Lyfseðill er enn fremur lyfjaávísun dýralæknis sem hefur gilt starfsleyfi hér á landi. Í neyðartilfellum er lyfjafræðingum heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils.

Útgefandi lyfseðils undirritar hann eigin hendi ásamt stöðuheiti (læknir, tannlæknir, dýralæknir) eða les hann fyrir í síma með þeim hætti að ljóst sé af símlestrinum hver hann er.

Lyfseðil má senda með bréfsíma eða skjalasendingu á milli tölva á staðlaðan hátt þannig að viðtakandi geti sannreynt hver sendandi er. Útgefandi staðfestir þannig að hann hafi sjálfur ávísað hlutaðeigandi einstaklingi eða umráðamanni tilgreindu lyfi í tilteknu magni og sagt fyrir um skammta eða notkun.

Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna og afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilfellum. Matvælastofnun (yfirdýralæknir) hefur eftirlit með ávísunum dýralyfja.

Dýralæknar með lyfjasölu falla undir eftirlit Lyfjastofnunar skv. 11. mgr. 3. gr., en þar segir að Lyfjastofnun leggi árlegt eftirlitsgjald á eftirlitsskylda aðila er stofnunin hefur eftirlit með og skal það standa undir kostnaði við eftirlit stofnunarinnar. Í 3. tl. 12. mgr. 3. gr segir:

Vegna starfsemi dýralækna, heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknastöðva 0,3% af heildarþjárhæð lyfjainnkaupa (heildsöluverð án virðisaukaskatts) árið á undan álagningarári. Þjárhæð eftirlitsgjaldsins skal þó aldrei vera lægri en 17.500 kr. á ári.

2) Reglugerðir

a. Reglugerð nr. 539/2000 fjallar um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum og henni hefur verið breytt sex sinnum, nú síðast með reglugerð nr. 661/2015. Reglugerðin er gefin út af velferðarráðuneytinu.

Í ákvæði 1. gr. er gildissvið reglugerðarinnar takmarkað við sérákvæði sem eiga við um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum. Ákvæði 2. gr. segir að aðeins dýralæknum sé heimilt að ávísa lyfjum til dýralækninga.

Í öðrum greinum reglugerðarinnar má t.d. finna ákvæði sem tilgreina lyf, sem óheimilt er að nota í dýr eða notkun þeirra er háð sérstökum takmörkunum. Í einni greininni er að finna lista yfir lyf sem ekki má gefa afurðagefandi búfé, til að mynda klóramfenikól, sem er verðmætt lyf í mannalækningum og því mikilvægt að stuðla því að ónæmir gerlastofnar myndist ekki gegn þessu lyfi. Á þessum lista er líka að finna lyf, sem hafa hormóna- eða hormónalíka verkun, þar með talið sómatrópín og beta-adrenvirk lyf, sem má ekki gefa búfé til að örva vöxt þess eða til að auka afurðir. Í 9. gr. reglugerðarinnar kemur fram listi yfir lyf sem er talin það vandmeðfarin, að þau má eingöngu nota handa dýrum þegar dýralæknir gefur þau sjálfur. Í 10. gr. er tekið fram að einungis dýralækni er heimilt að sprauta lyfjum í æð, kviðarhol, liði, sinafestur og beinmerg. Þá er dýralæknum einum heimilt að gefa lyf í leg.

Ein af mikilvægust greinum reglugerðarinnar er 17. gr. sem fjallar um notkun sýklalyfja en þar segir:

Óheimilt er að meðhöndla dýr með sýklalyfjum nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis og skal dýralæknir sjálfur hefja meðferðina, þegar um búfé er að ræða. Þó er heimilt, að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis, að hefja notkun sýklalyfja í gegnum munn eða til útvortis notkunar, sýklalyfjablandaðs fóðurs og sýklalyfja til blöndunar í drykkjarvatn, án þess að dýralæknir hefji meðferðina.

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. er yfirdýralækni heimilt, að veita dýralækni undanþágu frá kröfu um að hann hefji sjálfur sýklalyfjameðferð á búfé þar sem landfræðilegir staðhættir, veðurfar eða aðrar ytri aðstæður hindra dýralækni í að hefja meðferðina.

b. Reglugerð nr. 303/2012 um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun, er sett með heimild í 17. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 10. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og lyfjalögum. Reglugerðin er sett af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í samráði við velferðarráðuneytið, sbr. 6. mgr. 33. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Reglugerðin nær enn sem komið er aðeins til nautgripa og hrossa og fjallar um rafræna skráningu dýrasjúkdóma, dýralæknisaðgerða og meðhöndlun dýra með lyfseðilsskyldum lyfjum. Tilgangurinn er að stuðla að bættu eftirliti með heilsufari dýra og heilnæmi afurða og leggja grunn að auknum forvörnum gegn sjúkdómum í dýrum.

Sjá nánari umfjöllun í Viðauka IX.

6b. Lyfjapól

Markmið

Markmiðið er að koma í veg fyrir útbreiðslu sýklalyfjapólinna baktería hér á landi.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að Matvælastofnun skuli fylgjast með sýklalyfjapóli hjá sjúkdómsvaldandi bakteríum og ákveðnum bendibakteríum í búfé og sláturafurðum.

Rökstuðningur

Á Íslandi hefur eftirlit með sýklalyfjapóli í dýrum og ferskum matvælum verið mjög takmarkað og ekki framkvæmt með sama kerfisbundna hætti og í Evrópu og er Ísland því eftirbátur nágrannaþjóða. Því er nauðsynlegt að tryggja nægilegt fjármagn til að bæta úr núverandi stöðu, til að hægt sé að fá betri mynd af algengi og þróun lyfjapóls hér á landi og að hægt verði að bera Ísland saman við önnur Evrópulönd.

Á grundvelli tillögu stjórnskipaðrar samstarfsnefndar um sóttvarnir (SSUS) og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, skipaði heilbrigðisráðherra samstarfshóp í október 2016 sem hafði það hlutverk að koma með tillögur að aðgerðum sem miða að því að draga úr útbreiðslu sýklalyfjapólinna baktería hér á landi, sérstaklega hvað varðar eftirlit með matvælum. Í starfshópnum áttu sæti sóttvarnalæknir, yfirdýralæknir og deildarstjóri á Keldum.

Í greinargerð starfshópsins frá maí 2017, kemur m.a. fram að á síðari árum hefur þol gegn sýklalyfjum farið vaxandi í heiminum sem gerir meðferð ýmissa sýkinga erfiða og dýra. Í nýlegri skýrslu í Bretlandi er áætlað að um 700.000 einstaklingar deyi á ári hverju á heimsvísu af völdum sýklalyfjapólinna baktería og að þessi tala geti geti farið upp í um 10 milljónir einstaklinga á árinu 2050 ef ekkert verður að gert. Alþjóðlegar stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO), Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE), Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hafa lýst því yfir að útbreiðsla sýklalyfjapóls sé ein helsta heilbrigðisógn sem steðjar að mönnum í dag. Þessar stofnanir hafa ennfremur hvatt þjóðir heims til að grípa til allra mögulegra ráða til að stemma stigu við útbreiðslunni, undir yfirskriftinni „One Health“, þar sem allt liggur undir: menn, matvæli, dýr, sníkjudýr, fóður, vatn og umhverfi.

Í tillögum starfshópsins kemur m.a. fram að styrkt verði eftirlit með sýklalyfjapolnum bakteríum í dýrum, í matvælaframleiðslu og í matvælum og lagt er til að ákvörðun Evrópusambandsins nr. 652/2013 verði innleidd án tafar og að fjármagn verði tryggt þannig að fylgst verði með sýklalyfjapóli hjá sjúkdómsvaldandi bakteríum og ákveðnum bendibakteríum í búfé og sláturafurðum. Þá fyrst verður hægt að bera Ísland saman við önnur Evrópulönd og fá betri mynd af algengi og þróun lyfjapóls hér á landi.

Nauðsynlegt er að Matvælastofnun sé tryggt nægilegt fjármagn til að hægt sé að innleiða og framfylgja ákvörðun ESB 2013/652/EC um vöktun á lyfjapóli.

Núverandi staða

Í gildi er reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnuvalda. Tilgangurinn með þessari reglugerð er að sjá til þess að súnur og súnuvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vakt á réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram á

uppkomu matarborinna sjúkdóma þannig að unnt sé að safna upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að meta viðkomandi leitni og uppruna.

Þol gegn sýklalyfjum er skilgreint sem geta hjá vissum tegundum örvera til að lifa af og dafna jafnvel við tiltekinn styrk örverueyðandi efnis, sem alla jafna nægir til að letja eða drepa örverur af sömu tegundum.

Þol gegn sýklalyfjum, lyfjapol og sýklalyfjaónæmi eru hugtök, sem eru notuð nokkuð til jafns við hvert annað.

Matvælastofnun skal í samræmi við kröfur reglugerðarinnar, tryggja að til verði samanburðarhæf gögn um tilvik þols gegn sýklalyfjum hjá súnuvöldum sem berast í fólk og hjá öðrum súnuvöldum, að svo miklu leyti sem þeir eru ógn við lýðheilsu.

Þetta er nánar tekið fram í reglugerð nr. 714/2012 um vöktun á lyfjapoli, þar sem settar eru nákvæmar reglur um vöktun á þoli gegn sýklalyfjum, sbr. reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súnu og súnivalda.

Ennfremur segir í reglugerð nr. 714/2012 að Matvælastofnun getur ákveðið að skipuleggja vöktun á þoli tiltekins fjölda súnivalda gegn sýklalyfjum sem greinast í sýnum úr dýrum. Það sama á við tiltekinn fjölda súnivalda sem greinast í sýnum úr dýraafurðum eða matvælum, fódurefnum til fódurgerðar, fódri, fiskimjöli, vatni, umhverfi eða öðrum sýnum sem tengjast eftirliti stofnunarinnar og sem hún telur nauðsynlegt að rannsaka. Matvælastofnun ákveður fjölda ára sem vöktunin skal ná yfir hverju sinni og skal taka mið af viðauka við þessa reglugerð þegar stofnunin ákveður fyrir hvaða lyfjum þolið skuli prófað og með hvaða aðferðum.

Ofangreindar reglugerðir byggja á Evrópugerðum, en sú síðasta þeirra, ákvörðun Evrópusambandsins nr. 652/2013 hefur ekki ennþá verið innleidd hér á landi og verður líklega ekki, fyrr en tryggt er að sá kostnaður sem hlýst af innleiðingu hennar, verði fjármagnaður.

Nánari umfjöllun um sýklalyfjapol má finna í Viðauka X.

6c. Ávísanir dýralyfja

Markmið

Markmiðið er að tryggja dýraeigendum aðgengi að dýralækni, sem geti framkvæmt sjúkdómsgreiningu og eftir atvikum ávísað dýralyfjum með ábyrgum hætti.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að þjónusta dýralækna í dreifðum byggðum sé tryggð með nægilegum fjölda starfandi dýralækna og vaktsvæða
- Að yfirdýralækni sé heimilt að veita dýralæknum undanþágu frá kröfu um að hann hefji sjálfur sýklalyfjameðferð í sauðfé og nautgripi, við vissar nánar skilgreindar aðstæður, sem væru tilteknar í samningi bónda og dýralæknis.

Rökstuðningur

Ísland er dreifbýlt land og reglur um aðgengi dýraeigenda að lyfjum sem hafa verið teknar í notkun í öðrum löndum, eiga misjafnlega vel við hér á landi. Til að stuðla að bættu ástandi er fyrst og fremst lögð áhersla á að markmið og tillögur samkvæmt köflum 3e. og 3f., varðandi skipulag heilbrigðisþjónustu fyrir dýr á dagvinnutíma og um vaktir dýralækna utan dagvinnutíma, nái fram að ganga. Einnig þarf að tryggja að markmið og tillögur samkvæmt kafla 4c. um fræðslu á sviði dýraheilbrigðis, nái fram að ganga.

Til að uppfylla sett markmið um að tryggja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu fyrir dýr og greitt aðgengi að henni alla daga ársins allan sólarhringinn er nauðsynlegt að setja líka markmið um að veita auknum fjármunum sem veittir yrðu til vaktþjónustu og dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum, sem myndu miðast við að í ákveðnum bráðatilfellum, verði hægt að bregðast við innan tiltekins tíma miðað við að færð á vegum sé með eðlilegum hætti.

Athugasemdir dýraeigenda í núverandi umhverfi hafa einkum lotið að því að í bráðatilvikum getur liðið of langur tími frá því veikinda í grip verður vart þar til dýralæknir er kominn á staðinn og getur hafið meðferð, því iðulega skiptir miklu máli að hægt sé að hefja sýklalyfjameðferð svo skjótt sem verða má. Óskir bænda eru að finna leiðir annað hvort til að stytta þennan viðbragðstíma þannig að ekki komi til óþarfa þjáninga dýra og jafnvel dauðsfalla með tilheyrandi fjárhagstjóni, eða að hafa skriflegan samning við sinn dýralækni um að þeir geti haft og nýtt ákveðin lyf við sérstakar aðstæður svo sem ófærð á vegum.

Núverandi staða

Núgildandi reglur um notkun dýralyfja er að finna í lyfjalögum nr. 93/1994 og reglugerð nr. 539/2009 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum, sem sett er með stoð í lyfjalögum, en 9., 11. og 17. gr. reglugerðarinnar fjalla um afhendingu lyfja til bænda.

Athygli vekur að lyfjalög fjalla ekki sérstaklega um dýralyf og að markmið laganna eru ekki sérlega skýr hvað þau varðar, en í l. mgr. 1. gr. segir:

Markmið laga þessara er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum með sem hagkvæmasti dreifingu þeirra á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við þær reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði eða samkvæmt stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu. Við verslun með lyf skal það ætíð haft til hliðsjónar að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og starfsmenn við dreifinguna skulu vinna með öðrum aðilum í heilbrigðisþjónustu að opinberum heilbrigðismarkmiðum hverju sinni. Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna við óhóflegri notkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki.

Í 17. gr. núgildandi reglugerðar nr. 539/2000 eru heimildir til að bregðast við þessu, en hún hljóðar svo:

Óheimilt er að meðhöndla dýr með sýklalyfjum nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis og skal dýralæknir sjálfur hefja meðferðina, þegar um búfé er að ræða. Þó er heimilt, að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis, að hefja notkun sýklalyfja í gegnum munn eða til útvortis notkunar, sýklalyfjablandaðs fóðurs og sýklalyfja til blöndunar í drykkjarvatn, án þess að dýralæknir hefji meðferðina.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. er yfirdýralækni heimilt, að veita dýralækni undanþágu frá kröfu um að hann hefji sjálfur sýklalyfjameðferð á búfé þar sem landfræðilegir staðhættir, veðurfar eða aðrar ytri aðstæður hindra dýralækni í að hefja meðferðina.

Ljóst er að notkun heimildanna samkvæmt þessari grein er vandasöm, svo að markmið um ábyrga notkun dýralyfja sé virkt.

6d. Lyfjabirgðir

Markmið

Að tryggja að á hverjum tíma séu til í landinu birgðir af algengustu og mikilvægustu dýralyfjunum.

Tillaga

Taka þarf fram í lyfjalögum að heilðsöluleyfingum lyfja sé skylt að eiga nægar birgðir af tilteknum nauðsynlegum dýralyfjum, nema eitthvað hamli, sem þeir fá ekki við ráðið, og að Lyfjastofnun skuli birta á vefsíðu sinni lista yfir þau og magn birgða sem um ræðir, að höfðu samráði við Matvælastofnun.

Rökstuðningur

Lagt er til að breyting verði gerð á frumvarpi að nýjum lyfjalögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, í þá veru að ákvæði um skyldur heilðsöluleyfingum lyfja hvað varðar að eiga nægar birgðir af tilteknum nauðsynlegum lyfjum, gildi einnig um dýralyf, sbr. 27. gr. frumvarpsins. Jafnframt þarf að breyta sömu grein á þá leið að við gerð lista yfir þau tilteknu nauðsynlegu dýralyf sem um ræðir skuli haft samráð við Matvælastofnun.

Á hverju ári skapast erfitt ástand hjá búfjáreigendum, þegar ákveðin lyf til nota við algengar meðhöndlunir, s.s. júgurbólgu í kúm, eru ekki fáanleg. Eins hafa skapast erfiðar aðstæður á sauðburði, þegar tímabundinn skortur hefur verið á algengum lyfjum og bóluefnum. Einnig skapast stundum skortur á lyfjum til notkunar fyrir einstaka dýrategund.

Núverandi staða

Lyfjalög nr. 93/1994

Í 1. mgr. 24. gr. lyfjalaga segir:

Lyfsöllum er skylt að hafa á boðstólum lyf sem selja má hér á landi, hafa hæfilegar lyfjabirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði og útvega þau lyf sem ekki er að finna í birgðum þeirra svo fljótt sem auðið er. Enn fremur skulu vera til sölu í lyfjabúðum helstu gerðir lyfjagagna og hjúkrunar- og sjúkragagna eftir því sem kostur er.

Í 3. mgr. 33. gr. lyfjalaga segir:

Skylt er lyfjaheildsölu að eiga nægar birgðir, að mati heilbrigðisyfirvalda, af tilteknum nauðsynlegum lyfjum (Essential Drug List) sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi og lyfjaheildsalan annast dreifingu á.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra lyfjalaga (lagt fyrir á 145. löggjafarþingi, 677. mál). 27. gr. frumvarpsins fjallar um skyldur heilðsöluleyfingum lyfja og þar segir í 1. málsgrein:

Heilðsöluleyfingum sem selja lyf til lyfjabúða, heilbrigðisstofnana og starfsstöðva lækna, tannlækna og dýralækna er skylt að eiga nægar birgðir af tilteknum nauðsynlegum lyfjum fyrir menn sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi og hafa verið markaðssett og heilðsöluleyfingum annast dreifingu á. Að höfðu samráði við embætti landlæknis og fulltrúa heilðsöluleyfingum lyfja skal Lyfjastofnun birta á vefsíðu sinni lista yfir þau tilteknu nauðsynlegu lyf og magn birgða sem um ræðir.

7. Merkingar og skráningar dýra og rekjanleiki afurða

7a. Merkingar dýra

Markmið

Að tryggja rekjanleika dýra, með tilliti til dýraafurða, dýrasjúkdóma og dýravelferðar, og tryggja að merkingar séu í samræmi við dýravelferðarsjónarmið.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að skylt sé að merkja öll afurðagefandi dýr, með einum eða öðrum hætti.

Jafnframt er lagt til að lögum nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., verði breytt og að krafa um eyrnamörkun og brennimerkingar verði afnumin.

Einnig er lagt er til að reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár verði breytt, til að tryggja öruggar einstaklingsmerkingar sauðfjár og geitfjár og gerð krafa um að öll lömb/kið og allt ásetningsfé verði merkt með forprentuðu plötumerki í bæði eyru, þegar féð hefur ekki verið markað.

Rökstuðningur

Einstaklingsmerkingarkerfið fyrir sauðfé og geitfé er nú komið í gott horf og því talið eðlilegt að afnema kröfuna um eyrnamörkun sauðfjár og geitfjár. Með tilliti til nýrra aðferða við auðkenningu búfjár og sjónarmiða um dýravelferð, er þessarar aldagömlu aðferðar við að tryggja eignarrétt á dýrum ekki lengur þörf.

Um leið þarf að breyta reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár og gera kröfu um að öll lömb/kið og allt ásetningsfé verði merkt með forprentuðu plötumerki í bæði eyru, til samræmis við nautgripi og Evrópureglugerð um merkingar sauðfjár og geita. Það er augljós staðreynd að tapist eyrnamerki úr einu eyra, úr dýri sem einungis er merkt í annað eyrað, þá glatast upplýsingar um hvert viðkomandi dýr er, frá hvaða bæ og hvaða lyf því hafa verið gefin.

Mikilvægt er að öll afurðagefandi dýr séu einstaklingsmerkt, til að hægt sé að rekja uppruna þeirra og afurðir og til að fylgjast með hvort frestur vegna hugsanlegrar lyfjanotkunar sé útrunninn, t.d. þegar dýrin koma í sláturhús. Merkingar svína eins og þær eru í dag, tryggja ekki rekjanleika, enginn miðlægur gagnagrunnur (hjarðbók) er til fyrir svín.

Eyrnamerkingar í sauðfé hafa þekkst frá upphafi byggðar á Íslandi og einnig í minna mæli í nautgripum og hrossum. Með þessu móti merkir hver dýraeigandi sér sín dýr með ákveðnum og sama skurði á eyrum dýranna, sem yfirleitt er framkvæmt þegar þau eru nýfædd. Með kröfum um rekjanleika matvæla varð ljóst að það þyrfti að einstaklingsmerkja hvert dýr. Fyrsta reglugerð um merkingar búfjár var gefin út í júní 2002 og í 1. gr. segir að markmið reglugerðar þessarar sé að tryggja rekjanleika búfjárafurða frá upprunahjörð og/eða fæðingu viðkomandi dýrs til sölu afurða og skapa með því grundvöll að markvissu matvæla- og búfjárefirliti, skráningu búfjársjúkdóma og meðhöndlun þeirra. Í fyrstu gildi reglugerðin aðeins um hross, nautgripi, svín og alifugla en með endurskoðaðri reglugerð árið 2005, féllu sauðfé og geitur líka undir þessi ákvæði.

Í 15. gr. reglugerðar um merkingar búfjár, nr. 916/2012, er tekið fram um ábyrgð sláturhúsa og flutningsaðila, að flutningsaðilum er óheimilt að taka til flutnings ómerkta nautgripi, sauðfé/geitfé,

hross og svín og sláturhúsum er óheimilt að taka til sölu og vinnslu búfé sem ekki uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar um merkingar. Með þessu móti á ekki einungis að tryggja rekjanleika afurðanna, heldur líka að ekki berist í sláturhús dýr sem hafa nýlega fengið lyf og afurðanýtingarfrestur þeirra sé ekki liðinn, sem þýðir að afurðirnar gætu innihaldið sýklalyfjaleifar. Sláturhúsin hafa aðgang að Heilsu og þeim ber að kanna fyrir slátrun stöðu hvers einstaks dýrs í þessu tilliti. Hross skulu einstaklingsmerkt með örmerki sem sett er undir húð á hálsi þeirra og sláturhúsunum ber að skanna hvert hross og kanna stöðu þeirra fyrir slátrun.

Skráning á lyfjanotkun í afurðagefandi dýr er því ákaflega mikilvæg og nauðsynlegt að eftirlit með lyfjagjöfum og skráningu dýralækna sé skilvirkt.

Núverandi staða

Um merkingar dýra gilda eftirfarandi lög og reglugerðir:

1. Lög um búfjárhald nr. 38/2013, en í 1. tl. 13. gr. segir að ráðherra geti m.a. sett reglugerð sem geri umráðamönnum búfjár skylt að merkja allt búfé sitt samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.
2. Lög nr. 66/1998 um dýralækna, en þar segir í 17. gr. að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.
3. Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma, en þar segir í 29. gr. að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.
4. Lög nr. 93/1995 um matvæli, en þar segir í 31. gr. a. að ráðherra setji nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerðum.
5. Lög nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., en þar segir í 63.gr.:

Búfjármörk eru: örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimarki eða númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um notkun búfjarmarka, þar með talin ákvæði um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarsvæðum, framkvæmd frost- og örmerkinga og skyldu til að láta merkja stórgripi. Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um búfjármörk.

6. Í reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár er að finna ýmis ákvæði um merkingar og orðskýringar.
7. Reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra er fjallað um merkingu og skráningu þeirra í 11. gr. en í 1. mgr. segir:

Umráðamanni hunda, katta og kanína er skylt að auðkenna öll dýr innan 12 vikna aldurs með einstaklingsörmerki skv. alþjóðlegum ISO-staðli. Samtímis skal örmerkjanúmerið skráð í miðlægan gagnagrunn sem er samþykktur eða rekinn af Matvælastofnun. Umráðamanni ber að tryggja að upplýsingarnar séu réttar á hverjum tíma. Umráðamaður ber allan kostnað af merkingu og skráningu dýra sinna. Hundar og kettir sem fara út skulu frá fjögurra mánaða aldri bera hálsól með merki þar sem fram koma eigendaupplýsingar svo sem nafn og símanúmer umráðamanns.

8. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 968/2011.

Í ákvæði 4. gr. innleiðingarreglugerðarinnar segir að Matvælastofnun fari með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt, í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

9. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu sauðfjár og geita, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 973/2011.

Í ákvæði 4. gr. innleiðingarreglugerðarinnar er sérstaklega tekið fram að heimilt sé að nota eitt auðkennismerki í stað tveggja fyrir sauðfé og geitur, sem skylt er að merkja, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. EB reglugerðarinnar. Þó skal síðara auðkenni skv. ákvæðum reglugerðarinnar bætt við sé gripurinn seldur til lífs milli býla.

Tekið er fram að Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt, í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

7b. Yfirsýn yfir dýrahald

Markmið

Markmiðið er að tryggja að Matvælastofnun hafi á hverjum tíma yfirsýn yfir staðsetningu og fjölda dýra, og geti unnið úr og miðlað upplýsingum.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að Matvælastofnun starfræki gagnagrunna um skráningu dýra, staðsetningu þeirra og aðrar nauðsynlegar upplýsingar þeim tengdum.
- Að hjá Matvælastofnun sé til staðar sérfræðiþekking, hug- og tæknibúnaður til notkunar og úrvinnslu upplýsinga í gagnagrunnum.

Rökstuðningur

Ýmsum upplýsingum er safnað í gagnagrunna Matvælastofnunar og annarra stofnana og fyrirtækja, sem gagnlegt væri að vinna úr en til þess þarf bæði sérhæft starfsfólk og hugbúnað. Úrvinnslan myndi gagnast á margvíslegan hátt fyrir starfsemi ýmissa aðila. Sem dæmi má nefna að komi upp skæður dýrasjúkdómur eða ef náttúruhamfarir verða, er mikilvægt að hægt sé að fá, á sem allra skemmstum tíma, yfirsýn yfir allt dýrahald og starfsemi sem tengist dýrum, á því svæði sem um ræðir, t.d. með því að kalla upplýsingarnar fram á kortagrunni. Mikilvægt er að tryggja með ákvæðum í lögum að unnið sé úr þeim upplýsingum sem skráðar eru í gagnagrunna og þær aðgengilegar, þannig að þær nýtist fyrir alla þá aðila sem vinna að heilbrigði og velferð dýra í landinu.

Núverandi staða

Lög nr. 38/2013 um búfjárhald

10. gr. Á hverju hausti og eigi síðar en 1. nóvember sendir Matvælastofnun öllum umráðamönnum búfjár haustskýrslu til útfyllingar ásamt reglum um útfyllingu. Matvælastofnun er heimilt að framkvæma þessa upplýsingaöflun með rafrænum hætti og skylda búfjáreigendur til að skrá upplýsingarnar í gagnagrunninn Bústofn.

Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund og allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu það er. Einnig skal koma fram gróffóðuruppskera af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar auk upplýsinga um aðra fóðuröflun. Þá skulu koma fram upplýsingar um landstærðir nytjalands.

Umráðamaður búfjár skal fyrir 20. nóvember skila inn haustskýrslu með upplýsingum um framangreindar hagtölur.

Matvælastofnun skal fara og skoða hjá umráðamönnum búfjár sem ekki skila inn fullnægjandi gögnum. Slík skoðun skal framkvæmd á kostnað umráðamanns búfjár.

Matvælastofnun er jafnframt heimilt að fara árlega í skoðun til allra umráðamanna búfjár til að sannreyna upplýsingagjöf skv. 2. mgr.

Matvælastofnun og Hagstofu Íslands er heimilt að nota upplýsingar úr skýrslum skv. 2. mgr. Öðrum opinberum aðilum og leiðbeiningarmiðstöð skv. 4. tölul. 1. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, með síðari breytingum, er heimilt að nota upplýsingar úr skýrslum skv. 2. mgr. að fengnu leyfi Matvælastofnunar.

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra

22. gr. Merkingar og skráningarskylda.

Skylt er að einstaklingsmerkja kanínur, ketti, hunda, geitur, hross, nautgripi, sauðfé og svín.

Matvælastofnun ber ábyrgð á að starfræktir séu gagnagrunnar um skráningu einstaklingsmerkja skv. 1. mgr. Stofnuninni er heimilt að fela öðrum starfrækslu gagnagrunns með samningi.

Við merkingu á dýrum skal nota aðferðir er valda sem minnstum sársauka og takmarka ekki eðlilegt atferli dýranna eða valda þeim óþarfa álagi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar dýra þar sem m.a. yrði kveðið á um aldursmörk, skilyrði eða bann við merkingum eða merkingaraðferðum og undanþágur frá merkingarskyldu. Einnig skal þar kveðið á um skilyrði varðandi gagnagrunna, einstaklingsskráningar í gagnagrunna og umsjón með þeim.

Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár

12. gr. Hjarðbók:

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir skráningu upplýsinga um öll dýr hjarðar sinnar í sérstaka hjarðbók, í miðlægan gagnagrunn ef hann er til staðar en annars á skýrsluform, sem Bændasamtök Íslands láta í té og viðurkennt er af Matvælastofnun. Matvælastofnun ákveður og setur reglur um vistun hjarðbóka í formi miðlægs gagnagrunns, reglur um aðgengi, skráningar o.fl. Matvælastofnun hefur eftirlit með skráningu upplýsinga í kerfið.

Eftirfarandi upplýsingar um sauðfé, geitfé og nautgripi skal skrá í rafræna hjarðbók:

- a) Einstaklingsnúmer dýrs.
- b) Fæðingarmánuð og ár.
- c) Valnúmer, ef um slíkt er að ræða.
- d) Kyn dýrs.
- e) Stofn dýrsins.
- f) Einstaklingsnúmer móður.
- g) Dagsetningu slátrunar og ef dýrið ferst eða glatast.
- h) Alla flutninga lífdýra til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna, þó ekki rekstur eða flutning á afrétt

Auk þess:

- i. nafn, heimilisfang og bús- eða bæjarnúmer sendanda og móttakanda;
 - ii. fjölda dýra sem eru flutt/seld;
 - iii. einstaklingsnúmer dýra sem eru flutt/seld.
- i) Dagsetning flutnings.
 - j) Móttekin plötumerki.

Eftirfarandi upplýsingar um svín skal skrá í hjarðbók:

- a) Einstaklingsnúmer.
- b) Fæðingarmánuð og ár.
- c) Kyn dýrs.
- d) Stofn dýrs.
- e) Einstaklingsnúmer móður.
- f) Dagsetningu dauða eða slátrunar.

g) *Alla svína og grísaflutninga til og frá hjörð, bæði varanlega og tímabundna.*

Auk þess:

- i. nafn, heimilisfang og framleiðandanúmer sendanda og móttakanda;*
- ii. fjölda dýra sem flutt/seld eru;*
- iii. dagsetningu flutnings;*
- iv. nafn og kennitölu flutningsaðila.*

Þegar nýtt svín kemur inn í hjörð skal skrá einstaklingsnúmer þess.

Eftirfarandi upplýsingar um hross skal skrá í hjarðbók hrossa (WorldFeng):

- a) Fæðingarnúmer.*
- b) Fæðingardag/-mánuð/ár.*
- c) Fæðingarnúmer móður.*
- d) Dagsetningu dauða eða slátrunar.*
- e) Dagsetningu útflutnings.*

Eftirfarandi upplýsingar skal skrá í hjarðbók alifugla:

- a) Alla flutninga til og frá eldihúsinu eða faraldsfræðilega einingu, bæði varanlega og tímabundna.*
- b) Dagsetningu dauða eða slátrunar.*
- c) Nafn og heimilisfang sendanda og móttakanda.*
- d) Fjölda dýra sem flutt/seld eru, með rekjanleikanúmeri.*
- e) Dagsetningu flutnings.*
- f) Nafn og kennitölu flutningsaðila.*

13.gr. Heilsukort

Umráðamaður búfjár er ábyrgur fyrir að sjúkdómar í búfé hans og meðhöndlun þeirra sé skráð, sem og fyrirbyggjandi aðgerðir. Upplýsingar skulu skráðar á eyðublöð sem Matvælastofnun viðurkennir eða í tölvuskrár. Við flutning dýra milli hjarða skal afrit heilsukorts fylgja dýrinu til móttakanda.

17. gr. Skráningarskylda

Umráðamaður búfjár skal skrá upplýsingar í samræmi við ákvæði viðauka I við reglugerð þessa. Allir umráðamenn búfjár skulu vera skráðir í tölvuskráningarkerfi fyrir merkingar búfjár.

7c. Rekjanleiki afurða

Markmið

Markmiðið er að tryggja matvælaöryggi með því að auðvelt sé að rekja feril afurða.

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að dýr skuli merkt og skráð á öruggan hátt, þannig að rekjanleiki sé tryggður, bæði hvað varðar dýraheilbrigði og matvælaöryggi.

Rökstuðningur

Þörf fyrir rekjanleika afurða getur verið margvísleg, t.d.:

- Þegar upp koma dýrasjúkdómar eða smitefni finnast í matvælum eða eitranir vegna t.d. fóðurs, þá getur verið nauðsynlegt að geta innkallað allar afurðir viðkomandi dýrahóps sem afurðirnar tilheyra.
- Þegar tegundagreina þarf kjöt eða fisk, þá er mikilvægt að hægt sé að rekja framleiðsluferilinn frá hafi og haga til borðs.

Núverandi staða

Um rekjanleika dýraafurða gilda eftirfarandi lög og reglugerðir, sjá nánari umfjöllun í Viðauka XI.

1. Lög nr. 93/1995 um matvæli.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk áorðinna breytinga, var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 102/2010. Í ákvæði 18. gr. EB reglugerðarinnar er að finna sömu fyrirmæli um rekjanleika sem hafa verið tekin upp í matvælalögum.
3. Í reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðissskoðun, sbr. reglugerð nr. 688/2002 um breytingu á reglugerð nr. 260/1980, ásamt síðari breytingum, er að finna ákvæði um sýklarannsóknir og rekjanleikanúmer.
4. Með reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla er reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum, numin úr gildi og í 2. gr. reglugerðarinnar er að finna orðskýringar á fuglahóp og rekjanleikanúmeri.
5. Í gildi er reglugerð nr. 1237/2014 um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs.

8. Alþjóðlegir samningar og skuldbindingar

Markmið

Markmiðið er að Ísland uppfylli þær skyldur sem það er bundið af samkvæmt alþjóðasamningum og taki virkan þátt í starfi alþjóðastofnana sem getur varðað hagsmuni Íslands.

8a. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin – OIE

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að Ísland skuli vera aðili að Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.
- Að yfirdýralæknir sé fulltrúi Íslands gagnvart stofnuninni.

Rökstuðningur

Það er nauðsynlegt að skýrt sé tekið fram í lögum að Ísland skuli vera aðili að OIE. Aðild hefur kostnað í för með sér, m.a. í formi árgjalds, sem greitt er af Matvælastofnun. Kostnaður liggur ennfremur í þátttöku í alþjóðlegum fundum á vegum OIE. Þegar gerðar eru kröfur á stofnanir um hagræðingaradgerðir, getur verið tilhneiging til að spara slík árgjöld. Mikilvægi aðildar byggist fyrst og fremst á eftirfarandi:

- Að hin góða staða Íslands varðandi dýrasjúkdóma er vottuð og upplýsingar birtar á heimasíðu OIE.
- Að milliríkjaviðskipti á grunni WTO, með dýr og dýraafurðir, byggjast á upplýsingum og stöðlum frá OIE.
- Að hafa aðgengi að bestu fáanlegu vísindalegum upplýsingum um allt sem varðar dýraheilbrigði og framleiðslu heilnæmra dýraafurða, svo sem dýrasjúkdóma, dýralyf bóluæfni og dýravelferð.

Núverandi staða

OIE er alþjóðleg stofnun 181 ríkis, sem hefur það aðalmarkmið að bæta dýraheilbrigði á heimsvísu.

OIE var stofnað 1924 og hefur frá upphafi haft höfuðstöðvar í París. OIE hefur gert samstarfssamninga við u.þ.b. 70 aðrar alþjóðlegar stofnanir og samtök og er með útibú í öllum heimsálfum. Það eru starfandi fimm sérstakar svæðisnefndir, sem funda annað hvert ár fyrir lönd í: Afríku, Norður- og Suður Ameríku, Asíu og Eyjaálfu, Evrópu og Mið-Austurlönd.

Ísland gerðist aðili 1975. Fulltrúar ríkjanna eru yfirleitt yfirdýralæknar og þeir sitja ársfund OIE sem haldinn er í síðustu viku í maí ár hvert og sem fer með æðsta vald í málefnum OIE. Forstjóri OIE sér um að framkvæma ákvarðanir sem teknar eru af fulltrúum á ársfundum. Hvert ríki hefur eitt atkvæði við ákvarðanatökur á ársfundum.

Það eru starfandi fjórar fastanefndir, sem fjalla um öll helstu málaefnasvið OIE:

- Nefnd um heilbrigði landdýra.

Viðheldur stöðlum um alla mikilvæga dýrasjúkdóma og súnur (sjúkdóma sem geta borist á milli dýra og manna). Þar er hver sjúkdómur skilgreindur og flokkaður eftir mikilvægi og nauðsynlegar breytingar gerðar í samræmi við bestu fánlegar vísindalegar niðurstöður á hverjum tíma. Þessar upplýsingar eiga að liggja til grundvallar við alþjóðaverslun með dýr og dýraafurðir.

- Vísindanefnd um dýrasjúkdóma.
Skilgreinir bestu aðferðir við að fyrirbyggja og stjórna útbreiðslu dýrasjúkdóma. Tekur við og metur umsóknir aðildarlanda um breytingar á stöðu hvað varðar tiltekna sjúkdóma, t.d. til að fá viðurkennda sjúkdómalaus stöðu vegna ákveðinna sjúkdóma.
- Nefnd um líffræðilega staðla.
Fjallar um allar helstu viðurkenndar aðferðir til að greina sjúkdóma í spendýrum og fuglum og býflugum. Gefur út ráðleggingar um notkun á bóluefnum og öðrum aðferðum við að fyrirbyggja og hafa stjórn á dýrasjúkdómum og súnur.
- Nefnd um heilbrigði lagardýra.
Heldur utan um tvo staðla:
 - i. Um sjúkdóma í lagardýrum svo sem fiskum og froskum, en einnig í krabbadýrum og sniglum.
 - ii. Um aðferðir við greiningar á sjúkdómum í þessum dýrum.
 - iii. OIE starfrækir sérstakar starfsstöðvar út um allan heim og starfsfólk þeirra fylgist vel með þróun mála varðandi dýrasjúkdóma og súnur og ef talið er að eitthvert land hafi ekki tilkynnt um að áður óþekktur sjúkdómur í landinu sé kominn upp, þá sendir OIE rannsóknarteymi þangað. Löndin geta einnig sótt um hjálp við að greina sjúkdóma og við að ná stjórn á þeim.

Einnig býður OIE upp á aðstoð til aðildarlandanna, til að greina hæfni dýralæknaþjónustu landsins (Performance of the Veterinary Service – PVS) – sem Ísland nýtti sér síðla árs 2015. Einnig er boðið upp á aðstoð varðandi löggjöf á sviði dýraheilbrigðis.

Stofnunin birtir einnig staðla um hvernig beri að framkvæma áhættumat með vísindalegum hætti. Þess má geta að fyrir nokkrum árum var unnið áhættumat vegna innflutnings á lifandi dýrum til Íslands, sem byggði á þessum stöðlum.

OIE heldur úti starfsemi sérstakra tengiliða (Focal Points), í mörgum greinum varðandi dýraheilbrigði, svo sem vegna dýravelferðar, sjúkdóma í lagardýrum, tilkynninga, upplýsingamiðlunar, villtra dýra, dýralyfja og matvælaöryggis. Hverju aðildarlandi ber að útnefna tengiliði í hverjum málaflokki, en OIE ber allan kostnað af þátttökunni. Ísland hefur tilnefnt tengiliði á alla málaflokka.

Mikilvægi OIE liggur ekki síst í að hafa ávallt tiltækar bestu fánlegu upplýsingar um stöðu sjúkdóma í heiminum, sem síðan er haft til viðmiðunar við verslun með lifandi dýr og dýraafurðir á milli landa. OIE veitir einnig viðurkenningar í ákveðnum sjúkdómum ef land er laust við sjúkdóminn, sbr. viðurkenningu sem Ísland fékk árið 2004, eitt fjögurra ríkja í heiminum og fyrst Evrópuríkja, að vera laust við kúariðu sjúkdóminn. Þetta hefur reynst Íslandi mikilvægt í milliríkjavíðskiptum.

Þeir staðlar sem OIE gefur út um sjúkdóma, eru síðan notaðir af Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) við ákvarðanir í milliríkja deilum um viðskipti með dýraafurðir. Aðrir staðlar sem WTO notar einnig eru frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) og Alþjóðaplöntuverndarstofnuninni (IPPC).

8b. Alþjóðaviðskiptastofnunin – WTO

Tillaga

Taka þarf fram í lagatexta að Matvælastofnun, sem fer með framkvæmd dýraheilbrigðismála, skuli sinna málefnum sem varða dýraheilbrigði á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Rökstuðningur

Yfirdýralæknar sóttu fundi SPS nefndarinnar fyrir Íslands hönd fyrstu árin eftir stofnun hennar, en þátttaka var síðar takmörkuð af sparnaðarástæðum. Nauðsynlegt er að Matvælastofnun geti sinnt málefnum sem varða dýraheilbrigði á vettvangi WTO. Ísland býr við gott dýraheilbrigði og telur nauðsynlegt að verndarstig sé mjög hátt og að strangar ráðstafanir séu viðhafðar til að vernda líf og heilbrigði manna, dýra og plantna. Það er á hverjum tíma nauðsynlegt að geta varið þær ströngu reglur sem Ísland beitir.

Núverandi staða

Þann 1. janúar 1995 tók Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) til starfa og leysti af hólmi GATT-samningana sem gerðir voru til að stuðla að draga úr hömlum í milliríkjaverslun. Ísland var aðili að GATT og síðan áfram að WTO við stofnun hennar. WTO myndar stofnanalegan ramma um hið fjölbjóðlega viðskiptakerfi heimsins og spannar öll vöruviðskipti, þjónustuviðskipti og hugverkaréttindi í viðskiptum.

Starfsemi WTO felst í að skapa vettvang fyrir lönd til að gera með sér viðskiptasamninga, fylgjast með framkvæmd þeirra og leysa úr deilumálum sín á milli. WTO fylgist einnig með viðskiptareglum í hverju landi og veitir ráðgjöf til þróunarlanda um viðskiptamál og hefur margvísleg samskipti við aðrar alþjóðastofnanir.

Stofnunin gengst fyrir samningalotum um að minnka viðskiptahindranir og tolla á milli landa. Enn stendur yfir svonefnd Doha lota, sem Ísland tekur fullan þátt í. Sú lota hefur nú staðið síðan í nóvember 2001. Í henni er auk margra annarra málaflokka, fjallað um viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Á árunum 1986-1994 var í fyrsta skipti samið um viðskipti með landbúnaðarafurðir og og tók samningurinn um þau viðskipti gildi samhliða stofnun WTO. Samhliða honum var gerður sérstakur samningur um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, sem nefndur er SPS samningurinn. Yfirdýralæknir sótti fundi SPS nefndarinnar fyrir Íslands hönd til að byrja með, en þátttaka var síðar takmörkuð af sparnaðarástæðum. Til þessa samnings er vitnað í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim:

Um framkvæmd þessarar greinar fer einnig eftir ákvæðum samningsins um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna í 1. viðauka A við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Markmið með SPS samningnum er í meginatriðum tvíþætt. Að gefa aðildarlöndum möguleika á að tryggja neytendum sínum örugg matvæli og standa vörð um heilbrigði dýra og plantna, en á sama tíma skal leitast við að koma í veg fyrir að heilbrigðisreglur væru notaðar sem skjól til að koma í veg fyrir innflutning til verndar innlendri framleiðslu. En skýrt er tekið fram í SPS samningnum að aðilar hafa rétt til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda líf eða heilbrigði manna, dýra og plantna, þó með

Því skilyrði að slíkar ráðstafanir brjóti ekki í bága við ákvæði samningsins. Þetta er hin svokallaða ALOP regla (Appropriate Level Of Protection) eða hæfilegt verndarstig, sem skal byggjast á vísindalegum gögnum og alþjóðlegum stöðlum, t.d. stöðlum CODEX, en það eru samtök á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Aðildarlönd geta kært hvort annað þegar þau telja að ekki sé farið eftir þessum reglum

Í þessum samningi er einnig að finna heimildir til að beita varúðarreglunni tímabundið, en aðeins ef hægt er að styðja þær ráðstafanir með vísindalegum hætti.

Tryggt þarf að vera að Matvælastofnun fylgist með þróun og framkvæmd SPS samningsins

Það eru líka ákvæði í samningnum um framkvæmd eftirlits með matvælaöryggi, svo sem um eftirlit og samþykktarferli á vinnslustöðvum. Yfirvöld verða að tilkynna WTO um breytingar á reglugerðum sínum sem varða matvælainnflutning og hafa tiltækan tengilið til að svara fyrirspurnum þ.a.l. – svokallaðan „national enquiry point“ – sem nú er í höndum forstöðumanns samhæfingarviðs Matvælastofnunar. Ábyrgð á tilkynningum til WTO er hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

TBT-samningurinn (Technical Barriers to Trade) var samþykktur af Íslandi árið 2000 og er ætlað að tryggja að reglugerðir og staðlar verði ekki notaðir til að valda ónauðsynlegum viðskiptahindrunum.

Í TBT samningnum má finna mjög sambærilegar viðmiðanir og í SPS samningnum um, t.d. að yfirvöldum beri að tryggja að strangir heilbrigðisstaðlar séu ekki notaðir sem rök fyrir innflutningsvernd fyrir innlenda framleiðendur og að staðlar og reglugerðir verði að vera byggðir á vísindalegum grunni. Það megi ekki með órökstuddum hætti taka mismunandi ákvarðanir gagnvart löndum með sama eða samsvarandi heilbrigðisástand.

8c. Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið – EES

Tillaga

Taka þarf fram í lagatexta að Matvælastofnun, sem fer með framkvæmd dýraheilbrigðismála, skuli sinna málefnum sem varða hollustuhætti, matvælaöryggi og þá þætti dýraheilbrigðis sem falla undir EES–samninginn. Utanríkisráðuneytið fer með ábyrgð á EES-samningnum fyrir hönd íslenska ríkisins.

Rökstuðningur

Það er íslenskum dýraheilbrigðisyfirvöldum nauðsynlegt að geta fylgst vel með þeim málum sem fjallað er um á vegum ESB, svo sem í vinnuhópum og á fundum þar sem ákvarðanir eru teknar. Þó að Ísland hafi almennar undanþágur í EES samningnum frá málum sem varða dýraheilbrigði, svo sem löggjöf um dýravelferð og dýrasjúkdóma, aðra en fisksjúkdóma, þá hefur Ísland innleitt reglugerðir sem varða heilahrönnunarsjúkdóma og meðferð á aukaafurðum dýra, þar sem þessi mál geta varðað matvælaöryggi. Einnig hafa verið innleiddir hlutar af reglugerðum sem varða slátrun dýra, svo sem varðandi aflífun og flutninga þeirra. Það er því nauðsynlegt að sérfræðingum sé gert kleift að sækja fundi í ESB eftir því sem við á. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna frumvinnu í vinnuhópum, þar sem unnið er við undirbúning að endurskoðuðum eða nýjum reglugerðum sem gætu haft áhrif á þessi mál á Íslandi. Þar gefst tækifæri til að koma sérstöðu og sérhagsmunum Íslands á framfæri á byrjunarstigi. Þegar málin hafa verið ákveðin í þessum vinnuhópum, eru þau færð til ákvörðunartöku á fundum þar sem nær ómögulegt er að hafa áhrif á breytingar. Skortur á þátttöku Íslands í þessu ferli hefur í nokkrum tilvikum valdið erfiðleikum og jafnvel tjóni hér á landi. Má þar nefna innleiðingu kröfu um að fjarlægja áhættuvefi úr nautgripum vegna kúariðu, sem aldrei hefur greinst hér á landi og hefði verið möguleiki á að fá undanþágu frá, ef það hefði verið tekið fyrir í byrjun á endurskoðun á reglugerð þar að lútandi.

Núverandi staða

Ísland ásamt Noregi, Sviss og Lichtenstein eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA (European Free Trade Association). Í gegnum Fríverslunarsamtökin eru Ísland, Noregur og Lichtenstein aðilar að samningi við Evrópusambandið, svokölluðum EES samningi. Samningurinn tók gildi 1. janúar 1994 og gildi til að byrja með á sviði hollustuhátta og matvælaöryggis um fisk og fiskafurðir og dýraheilbrigði varðandi lagardýr. Allt frá þeim tíma hefur Ísland smátt og smátt verið að innleiða fleiri þætti svokallaðs hollustuhátta og eftirlitslöggjafar ESB („Hygiene og Control” pakka) þ.e. reglugerðir ESB nr. 852/2004, 853/2004, 854/2004 og 882/2004, auk reglugerðar nr. 1069/2009 um aukaafurðir dýra (ABP gerðin). Staðan nú er að með gildistöku laga nr. 143/2009 um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002, auk afleiddra gerða, hefur hollustuháttalöggjöf ESB verið að fullu innleidd á Íslandi.

EES-samningurinn – sögulegt yfirlit, sjá Viðauka XI.

8d. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna - FAO

Tillaga

Ákvæði þurfa að vera um eftirfarandi efnisatriði:

- Að Ísland sé aðili að EuFMD, undirstofnun FAO.

Rökstuðningur

Íslandi er nauðsynlegt að geta fylgst með öllu sem varðar hinn skæða dýrasjúkdóm gin- og klaufaveiki, sem aldrei hefur þó greinst á Íslandi. Með gríðarlegri fjölgun ferðamanna til Íslands sem margir koma frá ríkjum þar sem gin- og klaufaveiki er landlæg, er sú hættu alltaf yfirvofandi að sjúkdómurinn geti borist með smygli á matvælum til landsins, en eftirlit með slíku á flugvöllum landsins er takmarkað. FAO starfrækir stofnun sem kallast EuFMD og fjallar um varnir og viðbrögð við gin- og klaufaveiki. Þetta ráð stendur fyrir öflugum fræðslustarfi um þennan sjúkdóm og lönd sem eiga aðild að henni, eiga m.a. rétt á aðstoð við að ráða niðurlögum sjúkdómsins, komi hann upp.

Núverandi staða

FAO var stofnað 1945 og Ísland hefur verið aðili frá upphafi. Eitt af aðalverkefnum FAO hefur verið að tryggja fæðuöryggi í heiminum. FAO starfrækir ásamt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sérstaka stofnun sem gefur út staðla um allt sem lýtur að matvælaöryggi sem kallað er CODEX (Alþjóðlegt staðlaráð um matvæli) og Ísland hefur verið aðili að síðan 1970, en ekki sinnt nógu vel, nema hvað varðar fiskveiðimálefni.

Ein af undirstofnunum FAO er EuFMD, sem sinnir öllu sem varðar gin- og klaufaveiki. Ísland tók lengi vel þátt í þessari starfsemi, og sótti fundi hennar, en þátttakan lagðist af, þegar Matvælastofnun varð að stöðva greiðslu árgjalds af hagræðingarástæðum í kjölfar hrunsins 2008. Nýlega var ákveðið að hefja aftur greiðslu á næsta ári.

Viðauki I

Kafla 2a.

Danmörk

Listun og flokkun sjúkdóma

Í dönskum lögum (lov om hold af dyr, 25. gr.) er kveðið á um að tilkynningarskyldir sjúkdómar skuli flokkaðir annars vegar eftir alvarleika (listar 1 og 2) og hins vegar eftir megin afleiðingum (listar 3 og 4). Hvort sjúkdómarnir lenda á lista 1 eða 2 fer eftir alvarleika þeirra (alvarlegir og minna alvarlegir). Skipting sjúkdómanna milli lista 3 eða 4 fer eftir því hvort ástæðan fyrir að stofnað er til aðgerða gegn þeim sé aðallega vegna þess að þeir hafi alvarleg samfélagsleg og efnahagsleg áhrif eða hvort ástæðan er að þeir hafi aðallega alvarleg áhrif á framleiðslu afurða. Listarnir eru útgefnir í reglugerð.

§ 25. Ministeren for fødevarer, landbrug og fiskeri udarbejder 4 lister over smitsomme sygdomme, hvoraf liste 1 og 2 omfatter henholdsvis alvorlige og mindre alvorlige indberetningspligtige smitsomme sygdomme, og liste 3 og 4 omfatter henholdsvis sygdomme, der bekæmpes, fordi de er af væsentlig samfundsøkonomisk betydning, og sygdomme, der bekæmpes, fordi de er af produktionsmæssig betydning.

Sjúkdómslistarnir eru í reglugerð (bekendtgørelse om lister over smitsomme sygdomme til lov om hold af dyr).

Tilkynningarskylda

Í 27., 28. og 29. gr. lov om hold af dyr, eru ákvæði um tilkynningarskyldu og nánari ákvæði eru í reglugerð BEK nr 1472 af 08/12/2015 – Bekendtgørelse om praktiserende dyrlægers anmeldelse af husdyrsygdomme.

§ 27. Den, som i sin varetægt har dyr, som er eller kan mistænkes for at være angrebet af en af de sygdomme, der er nævnt i de i § 25 anførte lister 1 og 2, skal tilkalde en dyrlæge.

Stk. 2. Ministeren for fødevarer, landbrug og fiskeri kan fastsætte regler om, at en dyrlæge skal tilkaldes, hvis visse nærmere angivne symptomer forekommer hos dyr.

§ 28. Når en dyrlæge tilkaldes i henhold til § 27, skal dyrlægen søge mistanken om sygdommen be- eller afkræftet samt søge sygdommens art konstateret.

Stk. 2. Hvis en dyrlæge efter undersøgelser foretaget i henhold til stk. 1 eller i øvrigt i forbindelse med sit arbejde får mistanke om, at der foreligger en sygdom, som er omfattet af den i § 25 nævnte liste 1, skal dyrlægen straks underrette den myndighed, der udpeges i medfør af § 29.

Stk. 3. Hvis en dyrlæge efter undersøgelser foretaget i henhold til stk. 1 eller i øvrigt i forbindelse med sit arbejde får mistanke om, at der foreligger en sygdom, som er omfattet af den i § 25 nævnte liste 2, skal dyrlægen foretage undersøgelser, herunder i fornødent omfang udtage prøver efter regler fastsat i medfør af § 29, samt foretage indberetning til den myndighed, der udpeges efter regler fastsat i medfør af § 29.

§ 29. Ministeren for fødevarer, landbrug og fiskeri kan fastsætte regler om, hvilke foranstaltninger der skal træffes ved mistanke om eller forekomst af zoonotiske smitstoffer hos dyr og af sygdomme, der er omfattet af de i § 25 nævnte lister 1 og 2, herunder om, til hvilken myndighed underretning eller indberetning efter § 28 skal ske. I reglerne kan fastsættes

bestemmelser om aflivning af dyr i undersøgelsesøjemed, udtagning og indsendelse af prøver, laboratorieundersøgelser og indberetning.

Noregur

Listun og flokkun sjúkdóma

Í norskum lögum (lov om matproduksjon og mattrygghet mv, 19. gr.) er kveðið á um að setja skuli reglugerðir um forvarnir, eftirlit og aðgerðir gegn dýrasjúkdómum, þ.á.m. um flokkun smitsjúkdóma (19. gr.).

Í reglugerð um tilkynningar um smitsjúkdóma (forskrift om varsel og melding om sjukdom hos dyr) eru sjúkdómarnir flokkaðir í A, B og C.

Ekki kemur fram í reglugerðinni hvaða forsendur liggja að baki flokkuninni en í henni kemur fram að tilkynna skuli um grun eða staðfestingu á sjúkdómi sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði: a) Getur valdið dauða eða alvarlegu heilsutjóni fyrir fólk, b) getur valdið því að mörg dýr veikist, c) getur valdið miklu efnahagslegu tjóni fyrir samfélagið, d) getur haft aðrar umtalsverðar samfélagslegar afleiðingar í för með sér, e) er ekki álitinn vera til staðar í Noregi, f) hefur óvenjulega útbreiðslu, g) veikir heilbrigðisástand dýrsins á óvenjulegan hátt eða í óvenju miklu mæli.

Tilkynningarskylda

Dýralæknum og rannsóknarstofum er skylt að tilkynna strax um sjúkdóma á listum A og B, fyrst munnlega og svo í gegnum tilkynningarkerfi Mattilsynet, en tilkynna skriflega um sjúkdóma á lista C innan 7 daga.

§ 4. *Varsel*

Veterinærer og laboratorier skal umiddelbart varsle Mattilsynet muntlig dersom de påviser eller får grunn til mistanke om A- eller B-sjukdom hos dyr. Varselet skal i tillegg og så snart som mulig sendes skriftlig via Mattilsynets meldesystem.

Varslingsplikt etter første ledd gjelder uansett ved påvisning av eller grunn til mistanke om at dyr har sjukdom som oppfyller ett eller flere av disse vilkårene:

- a) kan medføre fare for død eller alvorlig helseskade hos mennesker
- b) kan føre til at et større antall dyr blir utsatt for sjukdom
- c) kan utløse store økonomiske tap for samfunnet
- d) kan gi andre vesentlige samfunnsmessige konsekvenser
- e) antas ikke å forekomme i Norge
- f) har uvanlig utbredelse
- g) svekker dyrets helsetilstand på uvanlig måte eller i uvanlig høy grad.

Plikten til å varsle gjelder ikke nye tilfeller av sjukdommen i besetninger som Mattilsynet har pålagt restriksjoner.

§ 5. *Melding*

Laboratorier som påviser nye tilfeller av sjukdom i besetninger som Mattilsynet har pålagt restriksjoner, skal gi Mattilsynet skriftlig melding. Meldingen skal sendes innen 24 timer etter påvisningen.

Veterinærer som påviser C-sjukdom hos dyr, skal gi Mattilsynet skriftlig melding. Meldingen skal sendes så snart som mulig og senest 7 dager etter påvisningen.

§ 6. *Nødvendige opplysninger*

Varsel etter § 4 og melding etter § 5 skal inneholde nødvendige opplysninger om

- a) varsleren eller meldereren
- b) sjukdommen, herunder symptomer og eventuell diagnose
- c) dyreholdets identitet og art
- d) dyrene som er rammet av sjukdommen
- e) tidspunktet for mistanke eller påvisning.

OIE – listun sjúkdóma

Article 1.2.2.

The criteria for the inclusion of a disease, infection or infestation in the OIE list are as follows:

1. International spread of the pathogenic agent (via live animals or their products, vectors or fomites) has been proven.

AND

2. At least one country has demonstrated freedom or impending freedom from the disease, infection or infestation in populations of susceptible animals, based on the provisions of Chapter 1.4.

AND

3. Reliable means of detection and diagnosis exist and a precise case definition is available to clearly identify cases and allow them to be distinguished from other diseases, infections or infestations.

AND

4.

a. Natural transmission to humans has been proven, and human infection is associated with severe consequences.

OR

b. The disease has been shown to have a significant impact on the health of domestic animals at the level of a country or a zone taking into account the occurrence and severity of the clinical signs, including direct production losses and mortality.

OR

c. The disease has been shown to, or scientific evidence indicates that it would, have a significant impact on the health of wildlife taking into account the occurrence and severity of the clinical signs, including direct economic losses and mortality, and any threat to the viability of a wildlife population.

OIE – tilkynningarskylda

Article 1.1.2.

1. Member Countries shall make available to other Member Countries, through the OIE, whatever information is necessary to minimise the spread of important animal diseases, and their aetiological agents, and to assist in achieving better worldwide control of these diseases.
2. To achieve this, Member Countries shall comply with the notification requirements specified in Articles 1.1.3. and 1.1.4.

Article 1.1.3.

Veterinary Authorities shall, under the responsibility of the Delegate, send to the Headquarters:

1. in accordance with relevant provisions in the disease-specific chapters, notification, through the World Animal Health Information System (WAHIS) or by fax or email within 24 hours, of any of the following events:
 - a. first occurrence of a listed disease, infection or infestation in a country, a zone or a compartment;
 - b. recurrence of a listed disease, infection or infestation in a country, a zone or a compartment following the final report that declared the outbreak ended;
 - c. first occurrence of a new strain of a pathogenic agent of a listed disease, infection or infestation in a country, a zone or a compartment;
 - d. a sudden and unexpected change in the distribution or increase in incidence or virulence of, or morbidity or mortality caused by, the aetiological agent of a listed disease, infection or infestation present within a country, a zone or a compartment;
 - e. occurrence of a listed disease, infection or infestation in an unusual host species;
2. weekly reports subsequent to a notification under point 1 above, to provide further information on the evolution of the event which justified the notification. These reports should continue until the disease, infection or infestation has been eradicated or the situation has become sufficiently stable so that six-monthly reporting under point 3 will

satisfy the obligation of the Member Country; for each event notified, a final report should be submitted;

3. six-monthly reports on the absence or presence and evolution of listed diseases, infections or infestations and information of epidemiological significance to other Member Countries;
4. annual reports concerning any other information of significance to other Member Countries.

Article 1.1.4.

Veterinary Authorities shall, under the responsibility of the Delegate, send to the Headquarters:

1. a notification through WAHIS or by fax or email, when an emerging disease has been detected in a country, a zone or a compartment;
 2. periodic reports subsequent to a notification of an emerging disease:
 - a. for the time necessary to have reasonable certainty that:
 - i. the disease, infection or infestation has been eradicated; or
 - ii. the situation has become stable;
- OR
- b. until sufficient scientific information is available to determine whether it meets the criteria for inclusion in the OIE list as described in Chapter 1.2.;
3. a final report once point 2a) or b) above is complied with.

ESB – listun og flokkun sjúkdóma (Regulation (EU) 2016/429)

- (34) It is necessary to establish a harmonised list of transmissible animal diseases ('listed diseases') which pose a risk to animal or public health in the Union, whether across the whole Union or only in parts. The five diseases already identified in this Regulation should be supplemented by a list of diseases set out in an annex. The Commission should review and amend that annex in accordance with a set of criteria. The power to adopt acts amending the annex should therefore be delegated to the Commission in accordance with Article 290 TFEU.
- (35) Diseases with the potential to pose serious risks to public or animal health and to result in impacts on health, the economy or the environment may emerge in the future. Implementing powers to lay down disease prevention and control measures for such emerging diseases should be conferred on the Commission to adopt adequate measures to address potential negative consequences of those diseases even if they have not been fully assessed in view of their potential listing. Such measures are without prejudice to emergency measures and could continue to apply to emerging diseases pending a decision on their listing.
- (36) Listed diseases will require different management approaches. Some highly contagious diseases which are currently not present in the Union require stringent measures to immediately eradicate them as soon as they occur. In cases where such diseases are not promptly eradicated and become endemic, a long-term compulsory eradication programme will be required. For other diseases that may already be present in parts of the Union, compulsory or optional eradication is required. In these cases, it is appropriate to put in place restrictions on movements of animals and products, such as a prohibition of movements to and from affected areas, or simply to test the animals or products concerned prior to dispatch. In other instances it might be appropriate merely to implement a programme of surveillance of the distribution of the disease in question, without taking further measures.
- (37) Criteria should be laid down to ensure that all relevant aspects are considered when determining which transmissible animal diseases should be listed for the purposes of this Regulation.

- (38) The rules laid down by this Regulation for the prevention and control of a specific transmissible animal disease should apply to species of animals which can transmit the disease in question, by virtue of being susceptible to it or by acting as its vector. In order to ensure uniform conditions for the implementation of this Regulation, it is necessary to establish a harmonised list of species to which the measures for specific listed diseases are to apply at Union level ('listed species') and implementing powers to lay down such a list should thus be conferred on the Commission.
- (39) The categorisation process should be based on predefined criteria such as the profile of the listed disease in question, the level of its impact on animal and public health, animal welfare and the economy of the Union, the risk of its spreading and the availability of disease prevention and control measures in respect of that listed disease. Implementing powers should be conferred on the Commission to lay down which listed diseases are to be subject to which rules.
- (40) Such rules should apply as regards listed diseases that do normally not occur in the Union and for which immediate eradication measures need imperatively to be taken as soon as they are detected, such as classical swine fever, as regards listed diseases that need to be controlled in all Member States with the goal of eradicating them throughout the Union, which could include diseases such as brucellosis, as regards listed diseases which are of relevance to some Member States and for which measures are needed to prevent them from spreading to parts of the Union that are officially free of, or that have eradication programmes for that, listed disease, which could include diseases such as infectious bovine rhinotracheitis, as regards listed diseases for which measures are needed to prevent them from spreading on account of their entry into the Union or movements between Member States, which could include diseases such as equine infectious anaemia, and as regards listed diseases for which there is a need for surveillance within the Union, which could include diseases such as anthrax.
- (41) The disease profile of a given disease may change, as well as the risks associated with the disease and other circumstances. For such cases, the implementing powers conferred on the Commission should also include the power to modify the category into which a particular listed disease falls, and therefore the measures to which it is subject.

ESB – tilkynningarskylda (Regulation (EU) 2016/429)

- (54) Early detection and a clear chain of disease notification and reporting are crucial for effective disease control. In order to achieve an efficient and quick response, Member States should ensure that any suspicion or confirmation of an outbreak of certain listed diseases should be immediately notified to the competent authority.
- (55) Veterinarians are key actors in the investigation of diseases and a key link between operators and the competent authority. They should therefore be notified by the operator concerned in cases of abnormal mortalities, other serious disease problems, or significantly decreased production rates with an undetermined cause.
- (56) In order to ensure the effective and efficient notification of, and to clarify different circumstances related to, abnormal mortalities and other signs of serious diseases, the power to adopt acts in accordance with Article 290 TFEU should be delegated to the Commission in respect of criteria to determine when relevant circumstances for notification occur and to lay down the rules for further investigation, where this is relevant.
- (57) For certain listed diseases, it is vital that a Member State should immediately notify the Commission and the other Member States about an outbreak in its territory. Such notification will enable neighbouring or other affected Member States to take precautionary measures when appropriate.

- (58) On the other hand, for some diseases immediate notification and action are not necessary. In those cases, the gathering of information and reporting in relation to the occurrence of those diseases is essential in order to control the disease situation and where necessary to take disease prevention and control measures. This reporting requirement may also apply to diseases which are subject to Union-wide notification but where additional information is needed for the implementation of effective disease prevention and control measures. In order to ensure that the correct information and data needed to prevent the spread or to control each particular disease are collected in the right timeframe, the power to adopt acts in accordance with Article 290 TFEU should be delegated to the Commission concerning the matters to be reported.
- (59) A key purpose of disease notification and reporting is to generate reliable, transparent and accessible epidemiological data. A computerised interactive information system for the effective collection and management of surveillance data should be established at Union level for listed diseases and, when relevant, for emerging diseases or antimicrobial-resistant pathogens. That system should promote optimal data availability, facilitation of data exchange, and reduction of administrative burdens for the competent authorities of the Member States by merging disease notification and reporting within the Union and at international level into a single process operated through the database of the OIE. Steps should also be taken to ensure consistency in exchanges of information in accordance with Directive 2003/99/EC.
- (60) In order to ensure uniform conditions for the implementation of the Union disease notification and reporting rules, implementing powers should be conferred on the Commission to establish a list of diseases which are subject to Union notification and Union reporting rules as provided for in this Regulation and to establish the necessary procedures, formats, data and information exchanges regarding disease notification and reporting.

Krækjur

IS: Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993025.html>

DK: Lov om hold af dyr:

<https://www.retsinformation.dk/forms/R0710.aspx?id=186231>

Reglugerð um lista yfir smitandi sjúkdóma, sem sett er með heimild í Lov om hold av dyr:

Bekendtgørelse om lister over smitsomme sygdomme til lov om hold af dyr:

<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=135628>

Reglugerð um tilkynningar praktiserandi dýralækna um dýrasjúkdóma, sem sett er með heimild í Lov om hold av dyr: Bekendtgørelse om praktiserende dyrlægers anmeldelse af husdyrsygdomme:

<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=176043>

NO: Matloven:

<https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2003-12-19-124?q=matloven>

Reglugerð um tilkynningar um sjúkdóma í dýrum, sem sett er með heimild í Matloven:

Forskrift om varsel og melding om sjukdom hos dyr:

<https://lovdata.no/dokument/SF/forskrift/2014-12-19-1841?q=varsel%20og%20melding%20om%20sjukdom>

OIE: Terrestrial Animal Health Code:

<http://www.oie.int/international-standard-setting/terrestrial-code/access-online/>

ESB: Regulation (EU) 2016/429 of the European Parliament and of the Council of 9 March 2016 on transmissible animal diseases and amending and repealing certain acts in the area of animal health ('Animal Health Law')

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1478533900102&uri=CELEX:32016R0429>

Viðauki II

Kaflí 2b

Danmörk

Lov om hold af dyr

Kapitel 6

Sygdomme og infektioner m.v. hos dyr

§ 32. Ministeren for fødevarer, landbrug og fiskeri kan fastsætte regler om eller forbyde dyrehold på steder, der frembyder særlig sundhedsmæssig risiko for dyr.

§ 33. Ministeren for fødevarer, landbrug og fiskeri kan fastsætte regler om overvågning af sundhedstilstanden samt om forebyggelse og afhjælpning af sundhedsmæssige problemer blandt dyr.

Stk. 2. I reglerne kan fastsættes bestemmelser om vaccination og andre forebyggende foranstaltninger. I reglerne kan tillige fastsættes bestemmelser om indsamling og indberetning af data til belysning af besætningens sundhedsmæssige tilstand, om mærkning af dyr og om udtagning af prøver fra dyr og produkter af dyr til undersøgelse for sygdomme eller sygelige tilstande.

§ 34. Ministeren for fødevarer, landbrug og fiskeri kan fastsætte regler om sygdomsforebyggende foranstaltninger for steder, hvor dyr holdes eller bringes sammen, samt for behandling, opbevaring og transport m.v. af dyr, produkter og gødning m.v. I reglerne kan fastsættes bestemmelser om tidsmæssig begrænsning i adgangen til at fraføre dyr et dyrehold, hvortil der er tilført levende dyr.

Stk. 2. Ministeren kan fastsætte regler om sygdomsforebyggende behandling af spildevand eller andet animalsk affald fra virksomheder, hvor dyr slagtes eller produkter af dyr forarbejdes.

§ 35. Ministeren for fødevarer, landbrug og fiskeri kan fastsætte regler om sundhedsmæssige krav til dyr, der overføres til områder med særlig sygdomsmæssig status, samt om vilkår i forbindelse med overførslen.

Kapitel 8

Sæd, oocytter og embryoner

§ 40. Ministeren for fødevarer, landbrug og fiskeri kan fastsætte regler om sundhedsmæssige krav til dyr, hvis sæd eller embryoner kunstigt overføres til andre dyr, samt til sæd, oocytter eller embryoner, der er bestemt til kunstig sædoverføring eller ægtransplantation til andre dyr.

Kongen kan i forskrifter pålegge virksomheter å betale en avgift på næringsmidler for å dekke kostnader ved tilsyn og kontroll etter denne loven, som ikke dekkes ved gebyr i medhold av første ledd.

Kongen kan i forskrifter pålegge produsenter og importører en miljøavgift på plantevernmidler. Kongen kan i forskrifter pålegge dem som omsetter såvarer, planter og plantedeler, å betale en avgift til fremme av planteforedling og den administrasjon og kontroll som denne virksomheten krever. Kongen kan gi nærmere bestemmelser om avgiftenes og gebyrenes beregning, oppkreving og innbetaling.

Ved forsinket betaling av avgifter og gebyrer skal det betales rente i samsvar med lov 17. desember 1976 nr. 100 om renter ved forsinket betaling.

Avgifter og gebyrer er tvangsgrunnlag for utlegg.

0 Endret ved lov 12 des 2014 nr. 68 (ikr. 1 jan 2015 iflg. res. 12 des 2014 nr. 1597).

§ 22. Erstatning for pålagte tiltak mot sykdommer, smittestoffer og skadegjørere hos dyr og planter

Eier skal ha erstatning for husdyr som avlives etter pålegg jf. § 23, dør før slikt pålegg er gitt, eller dør som følge av pålagt behandling. Vilkår for rett til erstatning er at eieren eller annen som har ansvar for dyrene mv., ikke selv forsettlig eller grovt uaktsomt har forvoldt sykdommen, utlegget eller tapet, og at han har oppfylt varslingsplikt jf. § 6 og fulgt vedtak gitt i eller i medhold av denne loven. For hund, katt og selskapsdyr betales ikke erstatning.

Når eier har rett til erstatning etter første ledd, skal vedkommende også ha erstatning for nødvendige utlegg til avliving, nedgraving eller destruksjon av dyr, pålagt behandling, rengjøring og desinfeksjon samt tap som følge av pålagt destruksjon av hus, innredninger, fôr, redskaper og gjødsel. Kongen kan gi forskrifter om erstatning for andre tap eller utgifter som følge av pålagte tiltak mot sykdommer og smittestoffer hos dyr, for tiltak som blir pålagt for å forebygge eller bekjempe planteskadegjørere, samt om fastsettelse, omfang og utmåling av erstatning etter denne paragraf.

§ 31. Kompensasjonsordninger

Kongen kan gi forskrifter om kompensasjon for å lette etterlevelse av matlovens krav og forpliktelser i primærproduksjonen.

ESB

Funding of Animal Health Measures

Each year, the EU provides financial support to eradicate, control and prevent various animal diseases.

A report from the commission to the European Parliament and the Council on the outcome of the EU co-financed programmes for the eradication, control and monitoring of animal diseases and zoonosis over the period of 2005-2011 shows that, in most cases, the progression of eradication of the diseases targeted is evidenced by the continuous expansion in disease free zones in the EU.

Continuing with this approach, the Union will maintain the co-financing of the necessary measures to reduce, the number of outbreaks of animal diseases and zoonoses, which pose a risk to human and animal health, as well as to prevent the occurrence of such outbreaks.

In order to achieve these objectives, specific measures are co-funded through:

- **National programmes** English (en) for the eradication, control and surveillance of animal diseases and zoonoses (veterinary programmes)

- **Emergency measures** English (en)

Specific objectives, according to Regulation (EU) No 652/2014:

- to contribute to a high level of safety of food and food production systems and of other products which may affect the safety of food, while improving the sustainability of food production
- to contribute to achieving a higher animal health status for the Union and to support the improvement of the welfare of animals

In order to measure the attainment of the specific objectives, the following indicators shall be used:

- for the specific objective (1), a reduction in the number of cases of diseases in humans in the Union which are linked to food safety or zoonoses;
- for the specific objective (2):
 - an increase in the number of Member States or their regions which are free from animal diseases in respect of which a financial contribution is granted;
 - an overall reduction of disease parameters such as incidence, prevalence and number of outbreaks

Regulation (EU) No 652/2014, covering the whole food chain, with a budget of almost €1.9 billion covering the period 2014-2020, funds priorities in the area of food and feed. **65% of the overall budget is allocated to implement animal health measures.**

Additional information on:

- Commission policies on animal health

Veterinary Programmes

According to Regulation (EU) No 652/2014 , grants may be awarded to annual or multiannual national programmes for the eradication, control and surveillance of a list of animal diseases and zoonoses (listed in Annex II of Regulation (EU) No 652/2014), taking into account the:

- the threat posed to human health (zoonoses)
- the impact of animal diseases on livestock production or trade; or
- scientific or epidemiological developments.

There are 3 types of veterinary programmes, co-funded under this Regulation:

1. Eradication programmes: Programmes to result in biological extinction of an animal disease or zoonosis. The final target of an eradication programme shall be to obtain the free or officially free-status of the territory according to Union legislation, where such possibility exists.
2. Control programmes: Programmes to obtain or maintain the prevalence of an animal disease or zoonosis below a sanitary acceptable level.
3. Surveillance programmes: Programmes referring to activities to collect and record data on specific diseases in defined populations over a period of time, in order to assess the epidemiological evolution of the diseases and the ability to take targeted measures for control and eradication.

This Regulation replaces Council Decision 2009/470/EC on expenditure in the veterinary field.

The transition to the new regulation is done according to the **procedures** elaborated by the Commission on the eradication of animal diseases. More information is available in the Commission Working Document .

Emergency Measures

Grants may be awarded to Member States in case of emergency measures taken as a result of confirmed occurrence of a number of listed diseases (listed in Annex I of Regulation (EU) No 652/2014), likely to constitute a threat for the EU due to their significant impact on:

- Human health;
- Animal health or animal welfare; or
- Agricultural or aquaculture production or related sectors of the economy.

1. Emergency measures

- **2016 Financing decisions**
 - Commission Implementing Decision C(2016) 4840 on the adoption of a financing decision regarding a financial contribution by the Union to emergency measures to combat certain animal diseases and plant pests in 2016 and 2017.
- **2015 Financing decisions**
 - **ASF – African swine fever**
 - C(2015) 3846 Financing decision for Hungary and Slovakia in 2014.
 - C(2015) 4556 Financing decision for Estonia in 2015 amended by Commission Implementing Decision C(2016) 3324
 - C(2015) 348 Financing decision for Estonia, Latvia, Lithuania and Poland in 2014 Amended.
 - **Avian Influenza**
 - C(2016) 7734 Financing decision for Italy in 2013.
 - C(2016) 4007 Financing decision for Germany, France, Italy, Hungary, the Netherlands and the United Kingdom in 2015.
 - C(2016) 4006 Financing decision for Germany, Italy, the Netherlands and the United Kingdom in 2014.
 - C(2015) 2235 Financing decision for Italy in 2012.
 - C(2015) 3848 Financing decision for Germany, Italy, the Netherlands and the United Kingdom in 2014.
 - C(2015) 5342 Financing decision for the Netherlands in 2011, 2012 and 2013 and 2015/1357/EU.
 - **Lumpy skin disease**
 - C(2015) 9573 Financing decision for Greece in 2015.
 - **NCD – Newcastle disease**
 - C(2016) 3857 Financing decision for Cyprus in 2016.
 - C(2015) 3844 Financing decision for Sweden in 2014.
 - **Sheep pox**
 - C(2015) 4573 Financing decision for Greece in 2013 and 2014.
 - **SVD –Swine vesicular disease**
 - C(2015) 4568 Financing decision for Italy 2014.

- **2014 - Financing decisions**
 - **ASF - African swine fever**
 - 2014/236/EU Financing decision for Estonia, Latvia, Lithuania and Poland in 2014.
 - **Bluetongue**
 - 2014/131/EU Financing decision for Germany in 2007.
 - **Rabies**
 - 2014/C 43/09 Financing decision on the extension of financing of special emergency measures to protect the Union from rabies.
 - **Sheep pox**
 - 2014/217/EU Financing decision for Bulgaria in 2013 and Greece in 2013 and 2014.


2. Useful information

- Commission Implementing Decision (EU) 2015/2058 of 13 November 2015 amending and correcting Implementing Decision (EU) 2015/144 laying down the procedures for the submission of applications for grants and requests for payment, and the information relating thereto, in respect of the emergency measures against animal diseases referred to in Regulation (EU) No 652/2014 of the European Parliament and of the Council
- Flowchart procedures for emergency measures
- Procedure for the submission of application for grants for emergency measures (Commission Implementing Decision 2015/144)
 - Annex I – preliminary information on categories of animals or products.
 - Annex II- preliminary budget.
 - Annex III – request for payment.
 - Annex IV – detailed info on the costs.
 - pigs & cattle
 - ovine/caprine & poultry
 - products
 - operational costs
- Annex V – final technical report.


Guideline and templates for grant applications.

3. Previous financial payments by Member State/disease

2010-2014 paid/disease (in MIL. €)



2010/2014 paid/MS (in MIL. €)



Krækjur

IS: Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim:
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993025.html>

DK: Lov om hold af dyr:
<https://www.retsinformation.dk/forms/R0710.aspx?id=186231>

Reglugerðir sem settar eru með heimild í Lov om hold af dyr:
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0910.aspx?id=186231&rg=8>

NO: Matloven:
<https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2003-12-19-124?q=matloven>

[Reglugerðir sem settar eru með heimild í Matloven:](#)
<https://lovdata.no/referanse/hjemmel?dokID=NL/lov/2003-12-19-124>

ESB: Funding of Animal Health Measures:
http://ec.europa.eu/dgs/health_food-safety/funding/cff/animal_health/index_en.htm

Viðauki VII

Kafli 2h

Danmörk

Lov om hold af dyr

§ 2. Loven omfatter både dyr, der er i menneskelig varetægt, og vildtlevende dyr samt animalske fødevarer og andre produkter af og affald fra dyr.

Noregur

Lov om matproduksjon og mattrygghet

§ 1. Formål

Formålet med loven er å sikre helsemessig trygge næringsmidler og fremme helse, kvalitet og forbrukerhensyn langs hele produksjonskjeden, samt ivareta miljøvennlig produksjon.

Loven skal videre fremme god plante- og dyrehelse.

Loven skal også ivareta hensynet til aktørene langs hele produksjonskjeden, herunder markedsadgang i utlandet.

ESB

(93) The occurrence of a listed disease in wild animals may pose a risk to public health and the health of kept animals. Special rules should therefore be laid down, where necessary, for measures to control and eradicate diseases in wild animals.

(94) There may be cases where small populations of certain animals, such as rare breeds and species, may be endangered by standard disease control measures in the event of an occurrence of a listed disease. The protection of such breeds and species may require modified measures to be taken by the competent authority. However, such modification should not hamper the overall control of that disease.

Viðauki VIII

Kaflí 4a

Ljóst er að þörf er á meira fjármagni til að styrkja varnir gegn því að nýir dýrasjúkdómar berist til landsins og viðhalda þannig hinni góðu stöðu sem dýrasjúkdómar hafa í landinu. Fyrst og fremst er þörf á að herða allt eftirlit með framkvæmd laganna, sérstaklega hvað varðar farþega á leið til landsins, kanna snertingu þeirra við dýr á síðustu dögum og hvort þeir séu með dýraafurðir meðferðis. Einnig að kanna betur farangur þeirra og fatnað en þeir dýrasjúkdómar sem hafa borist til landsins á síðast liðnum árum hafa allir komið með fólki, annaðhvort með fatnaði eða farangri, svo sem reiðbúnaði. Smygl á ólöglega framleiddum matvælum getur líka verið alvarlegt mál og er þekkt smitleið í mörgum dýrasjúkdóma faröldrum erlendis, t.d. gin- og klaufaveikinni í Bretlandi árið 2001, sem mun hafa komið með smygluðu svínakjöti. Í kjölfar þessa faraldurs og annarra slíkra stórherti Evrópusambandið sína löggjöf á þessu sviði. Afrakstur þessa átaks var m.a. reglugerð Evrópuþingsis og ráðsins (EB) nr. 745/2004 um ráðstafanir varðandi innflutning afurða úr dýraríkinu til einkaneyslu, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 848/2012 um innflutning á dýraafurðum til einkaneyslu. EB reglugerð nr. 745/2004 var aflögð með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 206/2009 (206/2009/EC), sem hefur ekki verið innleidd hér á landi.

Ferill við framkvæmd á innflutningi dýra og erfðaefnis þeirra

Meginreglan í íslenskum rétti er sú að innflutningur dýra og erfðaefnis þeirra er óheimill. Frá þessari meginreglu hafa verið gerðar þrjár undantekningar:

1. Heimilt er að flytja inn lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. laga um innflutning dýra.
2. Yfirdýralæknir getur heimilað innflutning á gæludýrum og erfðaeefni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna, sbr. 4. gr. a. laga um innflutning dýra.
3. Yfirdýralækni er heimilt að veita leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði og erfðaeefni holdnautgripa, að uppfylltum skilyrðum 8. gr., sbr. 13. gr. laga um innflutning dýra.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra afgreiðir umsóknir um undanþágu frá innflutningsbanni, sbr. 4. gr. en Matvælastofnun afgreiðir umsóknir varðandi eldisfisk, gæludýr og erfðaeefni holdanauta og svína.

Um innflutning á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir, fer samkvæmt 5. gr. laganna. Núverandi ákvæði gerir kröfu um leyfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem skal afla umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins en jafnframt skal afla leyfis Umhverfisstofnunar í samræmi við 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ákvæðið gerir því kröfu um tvö leyfi til þess að flytja inn nýja dýrategund eða erlendan stofn dýrategundar sem er hér fyrir. Þá virðist Umhverfisstofnun hafa afar víðtæka skilgreiningu á framandi lífverum, jafnvel þannig að til framandi lífvera teljist allar lífverur, utan þeirra sem undanskildar eru samkvæmt lögum nr. 60/2013, sem fluttar hafa verið inn eftir 1750, óháð því hvort verið er að flytja viðkomandi tegund inn í fyrsta skipti eða ekki. Rökstuðningur Umhverfisstofnunar er sá að stofnunin telur sig þurfa að meta magnáhrif innflutnings viðkomandi tegundar. Þess má geta að gjald fyrir hverja umsókn hjá Umhverfisstofnun er um kr. 98.000. Matvælastofnun annast í meginatriðum allt eftirlit vegna innflutningsleyfa, má þar nefna úttekt á einangrunaraðstöðu, eftirlit í einangrun, s.s. sýnatökur, mat á rannsóknarniðurstöðum og ákvörðun um að losa dýr úr einangrun. Fyrir breytingu ákvæðisins var leyfisveiting eingöngu í höndum þáverandi landbúnaðarráðherra, en gerð krafa um öflun umsagnar Náttúruverndarráðs.

Með hliðsjón af framangreindu er rétt að taka fram að núverandi framkvæmd er flókin og býður upp á mistök. Betra væri að eldra fyrirkomulag væri tekið upp, þannig að leyfisveiting væri í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, en hún væri háð jákvæðum umsögnum frá umsagnaraðilum, þ.m.t. Umhverfisstofnun.

Í 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 segir að umhverfis- og auðlindaráðherra skuli taka XI. kafla til endurskoðunar í samstarfi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Sú vinna er hafin og hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskað eftir tillögum frá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

Frá meginreglu upprunalegu laganna um umsóknarferlið, hafa verið gerðar þrjár megin breytingar á undanförunum árum:

- Með lögum nr. 116/2003 um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum var 2. gr. tveimur nýjum málsgreinum bætt við, sem varða eldisfisk og sem urðu 2. og 3. mgr. sem með síðari breytingum hljóða svo:

Þrátt fyrir innflutningsbann skv. 1. mgr. er heimilt að flytja til landsins lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, enda skal innflutningurinn háður skilyrðum reglugerða sem ráðherra setur að fengnum umsögnum Matvælastofnunar, fisksjúkdómanefndar, Hafrannsóknastofnunar og erfðanefndar landbúnaðarins. Við innflutning skal framvísa skriflegri staðfestingu Matvælastofnunar á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt þessu ákvæði.

Ráðherra er heimilt, að fengnu vísindalegu álitu Hafrannsóknastofnunar, að takmarka eða banna innflutning á lifandi laxfiskum, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrognum og sviljum, ef ljóst má vera að aðrar verndar- og friðunaraðgerðir sem kveðið er á um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum duga ekki til að koma í veg fyrir erfðablöndun slíkra laxfiska við staðbundna náttúrulega stofna sem ógnað gæti líffræðilegri fjölbreytni og stefnt náttúrulegu stofnunum í hættu.

- Með lögum nr. 141/2007 um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum var 4. gr. a. bætt við, sem varðar gæludýr og hljóðar svo:

Yfirdýralæknir getur vikið frá því banni sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og leyft innflutning á gæludýrum og erfðaeftni þeirra sem ekki teljast til nýrra dýrategunda eða erlendra stofna tegunda sem hér eru fyrir, sbr. 5. gr., enda sé fylgt fyrirmælum sem felast í lögum þessum og reglugerðum er settar eru samkvæmt þeim.

Meta skal áhættu af innflutningi og er heimilt að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði gæludýrs, þ.m.t. heilbrigðis- og upprunavottorð, sem staðfesta nauðsynlega bólusetningu, rannsóknir og meðhöndlun gæludýrs eða erfðaeftnis fyrir innflutning.

Heimilt er að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um innflutningsleyfi fyrir, einnig er heimilt að krefjast skapgerðarmats á hundum sem sótt er um leyfi til að flytja inn erfðaeftni úr. Ekki skal veita undanþágu til innflutnings á hundum, blendingum af úlfum og hundum, eða öðrum gæludýrum sem hætta getur stafað af.

- Með lögum nr. 48/2015 um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990, með síðari breytingum (erfðæfni holdnautgripa) var 13. gr. laganna breytt vegna erfðæfnis holdanauta og 3. mgr. hljóðar svo:

Matvælastofnun (yfirdýralækni) er heimilt að veita leyfi til innflutnings á djúpfrystu svínasæði og erfðæfni holdanautgripa að uppfylltum skilyrðum sem greinir í 8. gr. Einnig má setja skilyrði sem lúta að rannsókn erfðæfnis og dýra sem vaxið hafa af innflutta erfðæfninu á einangrunartíma og heilbrigðisástandi og aðbúnaði á því búi þar sem óskað er eftir að nýta erfðæfnið. Komi í ljós að skilyrðum þessum er ekki fullnægt eða Matvælastofnun (yfirdýralæknir) telur smitsjúkdómahættu af erfðæfninu eða dýrum sem vaxið hafa af því af öðrum ástæðum skal afturkalla leyfið, eyða erfðæfninu og lóga dýrunum.

Allar umsóknir um undanþágu frá banni við innflutningi dýra eða erfðæfnis þeirra, skulu því sendast til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, nema varðandi eldisfisk, gæludýr og erfðæfni holdanauta og svína, sem senda skal til Matvælastofnunar.

Þó nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 5. gr. laganna varðandi umsóknir sem snúa að innflutningi á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir. Upphaflega greinin var svohljóðandi: *Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal landbúnaðarráðherra afla umsagnar Náttúruverndarráðs.*

Síðan voru gerðar eftirfarandi breytingar:

- Árið 1999 var ákveðið að landbúnaðarráðherra skyldi afla umsagnar Náttúruverndar ríkisins og sérfræðinganefndar skv. lögum um náttúruvernd.
- Árið 2002 var ákveðið að landbúnaðarráðherra skyldi afla umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og sérfræðinganefndar skv. lögum um náttúruvernd.
- Árið 2003 var erfðanefnd landbúnaðarins bætt við sem umsagnaraðila.
- Árið 2007 var svo bætt við 5. greinina að með umsókn um leyfi til innflutnings á nýjum dýrategundum skuli fylgja áhættumat sem umsækjandi um leyfi hefur aflað. Í áhættumati skal m.a. meta hættu á því hvort viðkomandi tegund geti sloppið út í umhverfið og þá hvaða áhrif það kunnir að hafa á lífríkið. Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að setja í reglugerð nánari fyrir mæli um það með hvaða hætti áhættumat skuli fara fram.

Frá árinu 2007 var ferillinn varðandi umsóknir sem snúa að innflutningi á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir þannig að fengnu ofangreidu áhættumati umsóknaraðilans, sendi landbúnaðarráðuneytið (síðar sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytið og enn síðar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið) umsóknina með áhættumatinu til umsagnaraðilanna, þ.e.a.s. Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, sérfræðinganefndar skv. lögum um náttúruvernd og erfðanefndar landbúnaðarins. Að fengnum jákvæðum umsögnum þessara aðila, var umsóknin síðan send til Matvælastofnunar til viðeigandi meðferðar, allt eftir hvort hér var um að ræða eldisfisk og gæludýr eða önnur dýr.

Ef hins vegar einhver af ofangreindum umsagnaraðilum skilaði neikvæðri umsögn, stoppaði ferillinn og ráðuneytið upplýsti umsækjanda um að leyfi til innflutnings væri hafnað.

Með lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, var gerð breyting á 5. grein laga nr. 54/1990, en þar segir m.a. í 63. gr. um innflutning á lifandi framandi lífverum:

Óheimilt er að flytja inn lifandi framandi lífverur nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þetta gildir þó ekki um búfé eða framandi plöntutegundir sem ætlaðar eru til garðyrkju eða hafa verið notaðar til

túnræktar, landgræðslu og skógræktar nema innflutningur sé bannaður samkvæmt reglugerð, sbr. 5. mgr.

Þessi breytingargrein skv. lögum nr. 60/2013 tók gildi 1. apríl 2014 og síðan þá hefur 5. grein laga nr. 54/1990 hljóðað svo: *Áður en leyfi er veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skal ráðherra afla umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins. Til slíks innflutnings skal jafnframt afla leyfis Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði 63. gr. laga um náttúruvernd.*

Frá setningu laga nr. 60/2013 hafa aðeins fáar umsóknir borist sem snúa að innflutningi á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir, en skv. lögum virðist Umhverfisstofnun hafa sjálfstætt leyfisveitingarvald í slíkum málum. Jafnframt er skilgreining á nýjum dýrategundum með öðrum hætti en áður hefur tíðkast. Þá hefur komið fram af hálfu Umhverfisstofnunar afar víð skilgreining á framandi lífverum. Jafnvel þannig að til framandi lífvera teljist allar lífverur (utan þær sem undanskildar eru skv. lögum nr. 60/2013) sem fluttar hafa verið inn eftir 1750, óháð því hvort verið er að flytja viðkomandi tegund inn í fyrsta skipti eða ekki. Rökstuðningur fyrir þessu af hálfu Umhverfisstofnunar er að stofnunin telji sig þurfa að meta magnáhrif innflutnings viðkomandi tegundar. Þess má geta að gjald fyrir hverja umsókn hjá Umhverfisstofnun er um kr. 98.000. Ennfremur má geta þess að Matvælastofnun annast í meginatriðum allt eftirlit vegna innflutningsleyfa. Má þar nefna úttekt á einangrunaraðstöðu, eftirlit í einangrun, s.s. sýnatökur, mat á rannsóknarniðurstöðum og ákvörðun um að losa dýr úr einangrun.

Viðauki IX

Kaflí 6a

Frá 27. mars 2012 hefur það verið lagaleg skylda dýralækna sem meðhöndla búfé (nautgripi og hross) að skrá meðhöndlun og lyfjaafhendingar í rafræna skráningarkerfið Heilsu. Leiði meðhöndlunin af sér afurðanýtingabann skal skráning framkvæmd samdægurs, annars skal skrá innan þriggja sólarhringa. Ef þetta er ekki mögulegt af einhverjum ástæðum skal dýralæknir afhenda eiganda skriflega leiðbeiningu um afurðanýtingafrest. Skráning, hvort heldur er rafræn eða á pappír, er liður í því að fyrirbyggja að lyfjamenguð mjólk fari á markað og að gripir fari í sláturhús sem eru í sláturbanni. Með því að skrá í Heilsu uppfyllir dýralæknir skyldur sínar um að upplýsa umsjónarmann dýrsins um afurðanýtingafrest auk þess sem hann fríar sig ábyrgð þegar og ef lyfjamenguð mjólk eða kjöt með lyfjaleifum fer á markað. Lyfjamengaðar afurðir geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, en neysla slíkra afurða er t.d. hættuleg þeim sem eru með penicillinofnæmi auk þess sem sýklalyf í mjólk getur eyðilagt ostaframleiðslu.

Dýralæknir má aðeins afhenda sýklalyf fyrir sauðfé, án þess að hefja meðhöndlun sjálfur, hafi hann fengið undanþágu yfirdýralæknis, sbr. 17. gr. reglugerðar nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum. Í kjölfarið gerir hann samninga við sauðfjárbændur og dýralæknum ber skylda til að skrá í Heilsu öll sýklalyf ætluð fyrir sauðfé í lyfjaskáp viðkomandi bú. Dýralæknum ber einnig að fylgjast með sýklalyfjanotkun bóndans, þ.e. bóndinn á að hafa samband við dýralæknum áður en hann notar sýklalyfin sem hann fékk og bóndinn á að skrá notkunina í rafrænt hjarðbókarkerfi sauðfjárbænda, Fjárvis eða á pappír sé hann ekki tölvuvæddur. Séu þessi skilyrði undanþágunnar ekki uppfyllt fellur hún úr gildi. Brögð eru að því að bændur noti sýklalyf sem þeir fá með þessum hætti í önnur dýr á bænum, s.s. nautgripi eða hross. Slíkt verða dýralæknar að stöðva með því að rifta gerðum samningum við þá bændur sem ekki eru traustsins verðir.

Viðauki X

Kaflí 6b

Sýklalyfjanotkun er áhrifamesti þátturinn í vali og dreifingu sýklalyfjapóli, þótt sambandið geti verið flókið. Röng og/eða of mikil notkun sýklalyfja eykur hættu á að sýklalyfjapólnar bakteríur komi fram og breiðist út.

Forsenda markvissra aðgerða gegn óskynsamlegri sýklalyfjanotkun er að hafa góðar og áreiðanlegar upplýsingar um notkun sýklalyfja og þróun þóls gegn þeim.

Almennt má segja að ekki hafi liðið langur tími frá því að notkun sýklalyfja hófst þar til stofnar þólinna baktería komu fram og nú er svo komið að sífellt fleiri stofnar baktería eru að verða þólnir fyrir sýklalyfjum. Þólnar bakteríur er oft ekki hægt að drepa með hefðbundnum sýkalyfjum, en flestar þeirra er unnt að meðhöndla með kröftugum lyfjum og fátítt er að ekki sé unnt að meðhöndla með neinum þekktum sýklalyfjum. Sýnt hefur verið fram á tengsl sýklalyfjapóls og endurtekinnar eða rangrar notkunar sýklalyfja og einnig að sýklalyfjapólið getur breiðst út á milli baktería. Þessu má lýsa með eftirfarandi hætti.

Bakteríur, eins og aðrar lífverur, geyma stærsta hluta erfðaefnis í frumukjarnanum á litningum. Til viðbótar geyma bakteríur gjarnan lítið magn erfðaefnis á svokölluðum plasmíðum sem eru litlir DNA hringir í bakteríunni utan kjarnans. Á litningum eru geymdar lífsnauðsynlegar upplýsingar og mætti bera þá saman við harða diskinn í tölvu. Á plasmíðum eru geymdar upplýsingar sem auðvelda bakteríum að lifa af, svo sem gen fyrir sýklalyfjapóli. Auðvelt er fyrir bakteríur að flytja þessar upplýsingar í aðrar bakteríur. Þess vegna mætti bera plasmíð saman við minniskubb fyrir tölvur. Sýklalyfjapóls-gen kóða fyrir ensím sem hjálpa bakteríum að þóla tiltekin sýklalyf.

Staða mála vegna sýklalyfjapóls á Íslandi er talin góð og betri en í flestum hinna Norðurlandanna. Þessi staða er meðal annars til komin vegna þess að blöndun sýklalyfja í fóður dýra í vaxtaraukandi skyni hefur aldrei verið leyfð hér á landi og bæði dýralæknar og læknar hafa í auknum mæli tamið sér ábyrga notkun sýklalyfja.

Til samanburðar þá bannaði ESB notkun allra sýklalyfja í fóðri dýra árið 2006, ef það væri notað í þeim tilgangi að auka vöxt þeirra. Sömu reglur gilda um lyfjanotkun í landbúnaði á Íslandi og í ESB þar sem reglur ESB hafa verið teknar upp í EES samninginn. Samkvæmt þessum reglum er heimilt að blanda sýklalyfjum í fóður dýra ef það er til að meðhöndla sjúkdóma og það aðeins heimilt með lyfjaávisun dýralæknis. Hér á landi er lítið um slíkar ávisanir, en talið mun meira í löndum ESB. Eftirlit með lyfjanotkun á að vera sambærilegt á öllu EES svæðinu, en samkvæmt niðurstöðum skoðunar sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) framkvæmdi hér á landi í febrúar 2016, þá var ýmislegt athugavert við eftirlitið. Tilfni heimsóknarinnar var að skoða notkun EES – löggjafar varðandi eftirlit með lyfjaleifum og mengandi efnun í dýrum og dýraafurðum, þar með talið eftirlit með markaðssetningu og dreifingu á dýralyfjum. Helstu niðurstöður voru m.a.:

- Íslenska áætlunin um sýnatökur hafði tekið framförum frá síðustu skoðun árið 2011, en þó voru sýnatökur á ákveðnum vörutegundum undir lágmarki og auk þess var ekki tekið tillit til mikilvægra áhættuþátta við gerð áætlunarinnar.
- Notagildi áætlunarinnar var ekki sem skyldi, vegna skorts á samstarfi milli lögbærra yfirvalda við gerð áætlunarinnar, slælegs eftirlits við framkvæmd áætlunarinnar, lélegrar dreifingar á sýnatökum og ófullnægjandi eftirfylgni með niðurstöðum sem voru utan leyfilegra marka.

- Dreifing og markaðssetning dýrallyfja er ekki samkvæmt reglum þar að lútandi, þar sem dýrallyf eru oft seld án lyfseðils og eftirlit með lyfjabúðum sem selja dýrallyf er takmarkað þar sem tíðni heimsóknna hefur lækkað verulega síðan 2011.
- Lögbært yfirvald hefur ekki eftirlit með notkun dýrallyfja á öllum búum þar sem búbé er haft til framleiðslu matvæla. Auk þess er eftirlit með dýrallyfjum á búum almennt ófullnægjandi.
- Ísland hefur ekki tryggt framkvæmd EES löggjafar varðandi eftirlit með lyfja- og efnaleifum í dýraafurðum, né eftirlit með dreifingu og notkun á dýrallyfjum.

Staphylococcus aureus er meðal algengustu sýkingavalda í mönnum. Þessar bakteríur eru þó oft hluti af eðlilegri bakteríuflóru í mönnum og dýrum og finnast þá helst í nefi og berast þaðan á húð. Komist hún í sár, blóð eða aðra vefi getur hún valdið misalvarlegum sýkingum. Stofnar sem eru þolnir fyrir meticillíni og/eða öðrum beta-laktam sýklalyfjum kallast meticillín ónæmir Staphylococcus aureus - mósar og eru tilkynningaskyldir til sóttvarnalæknis. Þar sem meðferðarmöguleikar gegn mósam geta verið takmarkaðir er bakterían einkum varasöm hjá einstaklingum sem eru með skert ónæmiskerfi og gangast undir aðgerðir á sjúkrahúsum.

Viðauki XI

Kaflí 7c

1. Tilgangur laga nr. 93/1995 um matvæli er skilgreindur í 1. gr.:

Tilgangur laganna er að tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með innra eftirliti, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara, varúðaraðgerðum, fræðslu, upplýsingamiðlun, rannsóknum, neytendavernd og opinberu eftirliti.

2. Rekjanleiki er skilgreindur í 4. gr. matvælalaga nr. 93/1995:

Rekjanleiki er sá möguleiki að rekja uppruna og feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í eða í snertingu við matvæli í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

3. Ákvæði 13. gr. a. matvælalaga segir um matvælaöryggi, framleiðslu, markaðssetningu og rekjanleika:

Á öllum stigum framleiðslu og dreifingar skal vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril matvæla, dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis og hvers kyns efna sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli.

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent þeim matvæli, dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða hvers kyns efni sem nota á eða vænst er að verði notuð í matvæli. Einnig skulu stjórnendur geta tilgreint fyrirtæki sem þeir hafa afhent vörur sínar. Í þessu skyni skulu umræddir stjórnendur hafa yfir að ráða kerfum og verklagsreglum til að gera framangreindar upplýsingar aðgengilegar opinberum eftirlitsaðilum að beiðni þeirra. Þá skulu matvæli vera merkt og auðkennd á viðeigandi hátt til að auðveldara verði að rekja feril þeirra með aðstoð viðeigandi skjala eða upplýsinga í samræmi við framangreindar kröfur.

4. Í 14. gr. matvælalaga segir:

Rekjanleika efna og hluta sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli skal tryggja á öllum stigum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skyldu framleiðenda, innflutningsaðila og dreifingaraðila til að hafa kerfi og verklagsreglur sem tryggja rekjanleika efna og hluta sem ætlað er að vera í snertingu við matvæli til að auðvelda eftirlit, innköllun gallaðra vara, miðlun upplýsinga til neytenda og matvælaframleiðenda og til að ákvarða ábyrgð á hinni gölluðu vöru.

5. Í 15. gr. matvælalaga segir:

Matvælaumbúðir skulu merktar með nafni og heimilisfangi framleiðanda matvæla eða dreifanda þeirra. Þá skal heiti vörunnar koma fram ásamt upplýsingum um innihald, geymsluskilyrði, geymsluþol og nettóþyngd eða lagarmál.

6. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk áorðinna breytinga, var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr.

102/2010. Í ákvæði 18. gr. EB reglugerðarinnar er að finna sömu fyrirmæli um rekjanleika sem hafa verið tekin upp í matvælalögum.

7. Í 7. gr. reglugerðar nr. 260/1980 um útbúnað alifuglaslátrhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðissskoðun, sbr. reglugerð nr. 688/2002 um breytingu á reglugerð nr. 260/1980, ásamt síðari breytingum, segir m.a. í 7. gr.:

Sláturleyfishafi skal ekki taka eldishóp til slátrunar nema honum fylgi niðurstöður rannsókna eldissýna vegna salmonellu og hitaþolinna campylobactersýkla og honum fylgi sérstakt rekjanleikanúmer í samræmi við ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 904/2001 um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum.

8. Með reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla er reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum, numin úr gildi. Í 2. gr. reglugerðar nr. 135/2015 um orðskýringar kemur fram að fuglahópur er:

Allir alifuglar sem haldnir eru í sama húsnæði eða innan sömu girðingar og mynda eina faraldsfræðilega einingu og hafa sér rekjanleikanúmer. Séu fuglar aldir á húsi eru meðtaldir í hópi allir fuglar sem deila sama loftrými.

9. Í gildi er reglugerð nr. 1237/2014 um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fódurs.

Viðauki XII

Kaflí 8c

Undirbúningur að gerð EES samningsins hófst á síðari hluta níunda áratugarins, en samningurinn tók svo gildi 1. janúar 1994. Þá höfðu Norðmenn og Íslendingar samið við Evrópusambandið, um undanþágur varðandi lifandi dýr og fisk- og búfjárafurðir. Ljóst var að ESB leit ekki á þessar undanþágur sem varanlegar.

Fljótlega eftir að EES samningurinn tók gildi, komu í ljós ýmis vandamál varðandi útflutning okkar á fiski til ESB landa, sem voru talin beita óeðlilegum kröfum við innflutning, svo sem að halda ferskum fiski á landamærastöð í nokkra daga meðan verið væri að fara yfir gögn og bíða niðurstaðna úr sýnatökum.

Á árunum 1995 til 1996 voru því hafnar viðræður við ESB um breytingar á EES samningnum, til að auðvelda útflutning á fiski og fiskafurðum. Ísland og Noregur tóku bæði þátt í þessum viðræðum enda höfðu Norðmenn átt í aðildarviðræðum við ESB, sem var síðar felld í þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða viðræðnanna var að Norðmenn sömdu um að falla frá öllum sínum undanþágum varðandi lifandi dýr og fisk og afurðir þessara dýra, með ákveðnum aðlögunartíma, enda töldu þeir að það þjónaði hagsmunum þeirra best og þeir áttu líka óhægt um vik að gera kröfu um annað, þar sem þeir voru búnir að samþykkja slíkt í aðildarviðræðunum.

Ísland samdi hins vegar um áframhaldandi undanþágur fyrir lifandi dýr og búfjárafurðir, en löggjöfin um fiskafurðir skyldi samræmd og að leyfður yrði innflutningur á lifandi fiski og erfðaefti fiska, sem skyldi koma til framkvæmda síðar. Frjálst flæði á fiskafurðum sjávarfiska hófst hins vegar fljótlega í kjölfarið. Ákveðið var hins vegar í þessum samningum að endurskoða skyldi áframhaldandi undanþágur Íslands fyrir árið 2000.

Á árunum 1997–2000 var ESB að minna á þessar undanþágur, t.d. á fundum í sameiginlegri dýralæknanevnd EFTA og ESB (e. Joint Veterinary Working Group) sem þáverandi yfirdýralæknir sótti. Svar Íslands var jafnan að fyrirkomulagið hentaði ágætlega.

Haustið 2000 setti ESB undanþágurnar sérstaklega á dagskrá í sameiginlegu dýralæknanevndinni og krafðist þess að samið yrði um niðurfellingu á þeim. Ísland tók það ekki í mál og minnti á að almennt heilbrigðisástand dýra og manna væri mjög gott á Íslandi og ESB löndum stafaði engin hætta af útflutningi okkar til þeirra á landbúnaðarafurðum, sem væru hvort sem er eingöngu frá vinnslustöðvum sem hlotið hefðu sérstaka viðurkenningu yfirdýralæknis til útflutnings til ESB og sem hefðu verið teknar út af Eftirlitsstofnun ESB á árunum 1998 og 1999 með góðum árangri. Ekkert varð því úr breytingum á samningnum.

Á þessum fundi varð hins vegar ljóst í hvað stefndi af hálfu ESB. Nauðsynlegar breytingar á matvælalöggjöf sambandsins voru í undirbúningi, m.a. í kjölfar ýmissa hneykslismála, svo sem kúariðu og dioxin mengunar matvæla. Af málflutningi ESB fulltrúa mátti skilja að þegar þessi nýja löggjöf væri komin til framkvæmda, þá myndi málið vera tekið aftur upp af auknum þunga. Ef Íslendingar ætluðu sér að halda áfram að flytja út fisk til ESB í frjálstu flæði, þá yrðu þeir að taka þessa löggjöf upp í heild sinni og án undanþáguákvæðanna vegna búfjárafurða, þar sem löggjöfin væri heildarlöggjöf um öll matvæli, sem ekki væri hægt að slíta í sundur.

Á árinu 2000 gerðu Færeyingar, vegna hagsmuna sinna við útflutning á fiski, sérstakt samkomulag við ESB varðandi fiskafurðir til að koma þeim í frjálst flæði eins og Íslendingar og Norðmenn.

Samkomulagið fjallaði líka um búfjárafurðir og kvað á um að Færeyingar mættu aðeins flytja inn slíkar vörur frá ESB eða ESB vottuðum stöðvum í þriðju löndum. Þetta kom sé mjög illa fyrir útflutning á landbúnaðarvörum frá Íslandi, svo sem eggjum, en enginn eggjaframleiðandi hafði þá öðlast viðurkenningu ESB til slíks útflutnings.

Á árunum 2001 til 2003 var iðulega tekin fyrir í sameiginlegu dýralæknaneftdinni, undanþága Íslands vegna tilskipunar ráðsins nr. 91/67/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða. Eins og áður var getið þá var ESB áður búið að þrýsta á að Ísland innleiddi þessar gerðir eins og samið hafði verið um. Reynt var í lengstu lög að komast hjá innleiðingu, fyrst og fremst vegna þess að innleiðing myndi þýða að breyta yrði ákvæði laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. Þar segir að allur innflutningur dýra, þ.m.t. fisks sé bannaður. Undanþágu má fá með leyfi landbúnaðarráðherra, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Vegna mjög góðrar sjúkdómsstöðu í íslensku fiskeldi var frjálst innflutningur talinn varhugaverður. Það var hins vegar Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, sem gerði mjög skýrar kröfur um að Ísland yrði að innleiða þessa reglugerð ESB, ella yrði að kæra Ísland fyrir brot á EES samningnum.

Á miðju ári 2003 var síðan ekki lengur komist hjá því að verða við þessum kröfum og voru gefin út bráðbirgðalög og viðeigandi reglugerðir til að innleiða þessa löggjöf, sem síðan var staðfest af haustþingi, með miklum umræðum og mótmælum hagsmunaaðila í stangveiðum. Inn í þessa umræðu komu jafnframt hagsmunir seiðaframleiðenda, þar sem blómlegur útflutningur þeirra til ESB landa á laxaseiðum var við það að stöðvast.

EB reglugerð um matvælinr. 178/2002 tók svo gildi á árinu 2002 og á árunum 2003–2004 ítrekar ESB kröfur um innleiðingu á henni og síðar á svokölluðum „Hygiene og Control” pakka en það eru reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins(EB) nr. 852/2004, 853/2004, 854/2004 og 882/2004, auk reglugerðar nr. 1772/2001 um aukaafurðir dýra (ABP gerðinni), og ítrekar hótanir um að íslenskur fiskur og fiskimjöl verði aftur gerður að þriðju lands vöru.

Svar Íslands var jafnan að það væru engin vandamál við að innleiða þessar gerðir með hefðbundnum fyrirvara um undanþágur Íslands. Þessu hafnaði ESB alfarið.

Snemma árs 2005 ákvað ríkistjórnin að láta skoða möguleikann á að yfirtaka meira af undanþágum og vinnuhópur utanríkis-, umhverfis-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyta var settur á laggirnar undir forystu utanríkisráðuneytisins.

Um mitt ár 2005 var yfirdýralæknir beðinn um að semja greinargerð þar sem gert yrði faglegt mat á þeirri áhættu sem því fylgdi að taka yfir matvælalöggjöfina, með tilheyrandi breytingum á fyrirkomulagi á innflutningi búfjárafurða.

Skýrsla um mat á áhrifum þess að yfirtaka gerðir í Viðauka I við EES samninginn, sem varða dýraafurðir, var gefin út í október 2005.

Samningar við ESB um þessi mál hófust í febrúar 2006 og þá var það ófrávíkjanleg krafa Íslands, að samningar myndu ekki ná til undanþágunnar um lifandi dýr. Samningaviðræðum var svo haldið áfram á árinu 2006 og í júní 2007 var svo gengið frá endanlegum texta á samkomulagi sem var samþykkt í sameiginlegu nefndinni í október 2007. Þar samþykkti Ísland m.a. að innleiða matvælalöggjöf ESB og þar með hina umdeildu ákvörðun nr. 89/662/EC um frjálst flæði á dýraafurðum. Einnig var samþykkt innleiðing á reglugerðum ESB um aukaafurðir dýra nr. 1774/2001 og reglugerð nr. 999/2001 um smitandi heilahrönnunarsjúkdóma (riðusjúkdóma), með nokkrum mikilvægum undanþágum, en að öðru leyti ekkert sem varðaði lifandi dýr og engin ákvæði um að Ísland þyrfti að taka upp gerðir vegna lifandi dýra.

Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar frá október 2007 voru síðan lagðar fyrir Alþingi til samþykktar síðar á því ári, en ekki var gengið frá málinu fyrr en í desember 2009 með lögum nr. 143/2009 um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002, auk afleiddra gerða.

Íslenskar reglugerðir vegna innleiðingar á ESB gerðunum voru svo gefnar út í janúar 2010 með gildistöku 1. mars 2010. Þó tóku efnisákvæði reglugerða sem vörðuðu matvæli, ekki til kjöts, mjólkur, eggja og hrárra afurða úr þessum matvælategundum fyrr en 1. nóvember 2011.

Með lögum nr. 143/2009 var ákveðið að viðhalda sérstökum reglum vegna innflutnings á dýraafurðum. Fljótlega eftir 1. nóvember 2011, gerði ESA athugasemdir við innleiðingu Íslands á reglugerð Evrópuráðsins nr. 89/662/EEB um frjálst flæði á dýraafurðum (e. Concerning veterinary checks in intra-Community trade with a view to the completion of the internal market), sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 1044/2011 um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES. Það mál er enn óleyst í ársbyrjun 2017.